

# Von í miðbænum

HJÁLMAR HELGA RAGNARSSON, REKTOR LISTAHÁSKÓLA ÍSLANDS, DREYMIR UM AKADEMÍSKA LISTVERKSMIÐJU FYRIR ÍSLENDINGA

28



# Tekur ballettspor meðan hún er í símanum

KRISTJANA THORS BRYNJÓLFSDÓTTIR, DAGSKRÁRSTJÓRI SKJÁS EINS, TEKIN Í YFIRHEYRSLU

36


# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

27. október 2007 — 292. tölublað — 7. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000


## LAUGARDAGUR

### Rúnar í aðalhlutverki



Goðsögnin Rúnar Júlíusson heldur stórtónleika í Laugardalshöll í kvöld, á fæðingardegi móður sinnar.

FÓLK 50

### Enginn ósigur



Björn Ingi Hrafnsson segir það ekki ósigur fyrir sig að Orkuveita Reykjavíkur fái að njóta vafans, og samruni REI og GGE verði tekinn til endurskoðunar.

UMRÆÐA 21

### Ísland tapaði



Ísland tapaði fyrri æfingaleik sínum gegn Ungverjalandi í handbolta 17-23 í gærkvöld en liðin spila annan leik í dag að Ásvöllum.

ÍÞRÓTTIR 52

### Hús&heimili




Innlit í hús við sjóinn, endurunnin hönnun og fólk úr fjörugrjóti er meðal efnis í sérblaði um hús og heimili.

Í MIÐU BLAÐSINS

## VEÐRIÐ Í DAG




**Hvöss norðaustlæg átt** á Vestfjörðum, en hægari suðvestlæg átt annars staðar. Kólnar í veðri um allt land.

VEÐUR 4



**Í KAFI** Krakkar í 4. bekk D í Melaskóla héldu auðveldlega niðri í sér andanum á meðan þeir voru ljósmyndaðir í gegnum glugga í Vesturbæjarlauginni í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Bætist í bókaflóðið

**Fleiri bækur verða gefnar út fyrir jólin nú en áður. Þegar hefur 801 rit verið skráð í gagnagrunn Bókatíðinda. Í fyrra voru þau 677 og árið þar á undan 660.**

**MENNING** Fleiri bækur verða gefnar út fyrir jólin nú en áður. Þegar hefur 801 rit verið skráð í gagnagrunn Bókatíðinda og er þá ekki allt talið. Nokkrir útgefendur tilkynna ekki útgáfurit sín til Bókatíðinda og má því gera ráð fyrir að útgefnir titlar séu enn fleiri.

Að sögn Kristjáns B. Jónassonar, formanns Félags íslenskra bókaútgefenda, voru 677 titlar í Bókatíðindum í fyrra og árið 2005 voru þeir 660.

Áætlað er að Bókatíðindi komi út í annarri viku nóvember en þau hafa aldrei verið stærri, verða nú 266 blaðsíður. Lögum samkvæmt annast prentsmiðjur skylduskil á útgefnum ritum til valdra bókasafna en stundum hafa verið brotalamir á að staðið sé við þá lagalegu skyldu.

Lokatölur um útgáfu birtast í Íslenskri bókaskrá, sem tekur til allra útgefinna rita sem sækja um svokölluð ISBN-númer. Samkvæmt henni hafa útgefin rit hér á landi verið að meðaltali 1.500 á ári en voru flest árið 2000, um 1.800. Þá eru námsbækur ekki taldar með.

Íslenskum bókaútgáfum fer fjölgandi. Í Félagi íslenskra bókaútgefenda eru á fimmta tug útgefenda en af þeim eru um fjörutíu virkir. Útgefendur í Bókatíðindum eru nær hundrað. Þá hefur kiljuútgáfa og erlent samprent á barnabókum aukist mikið og bókaútgáfa fyrir erlenda ferðamenn er æ meiri. Að sögn Kristjáns er einn útgefandi áberandi stærstur en ef öll fyrirtæki sem eiga aðild að hinu nýja Forlagi eru talin saman eru útgefin rit á þeirra vegum vel yfir annað hundrað.

**pbb@frettabladid.is**

Móðir svartra barna:

# Óttast að börn sín verði hædd

**FÓLK „Ég skildi ekki hvað orðið negri þýddi en ég vissi að krakkarnir kölluðu mig það til að særa mig," segir Bryndís Eiríksdóttir, sem telur endurútgáfu bókarinnar Tíu litlir negrastrákar mistök.**

**Ráðist var á eiginmann Bryndísar af þeirri einu ástæðu að hann er dökkur á hörund. Þau eiga saman tvö börn og óttast Bryndís að þau verði fyrir svívirðingum vegna bókarinnar. „Það er rætt um prentfrelsi. Það er vissulega mikilvægt en mér þykir mannvirðing mun mikilvægari, og þessi bók gengur þvert á það mikilvægi," segir hún.**

**- kdk / sjá síðu 6**

Harður árekstur varð á þjóðvegi eitt í snjókomu og hálku:

# Banaslys á Holtavörðuheiði

**SLYS** Maður lést í hörðum árekstri tveggja bíla á norðanverðri Holtavörðuheiði á áttunda tímanum í gærkvöld.

Fimm voru í bílunum tveimur og voru slasaðir fluttir til aðhlynningar á Landspítalann með þyrlu Landhelgisgæslunnar.

Veður var slæmt á heiðinni og mikil hálka á veginum. Loka þurfti fyrir umferð um Holtavörðuheiði á meðan lögregla og sjúkralið athöfnuðu sig. Fólk beið í tugum bíla beggja vegna slysstaðarins eftir að vegurinn opnaði á ný.

Lögregla var kölluð út um klukkan hálf átta og fóru lögreglumenn frá Borgarnesi, Búðardal, Blönduósi og Hólmavík á vettvang. Læknir kom frá Hvammstanga.

Eftir að vegurinn hafði verið lokaður í rúma klukkustund var bílum hleypt um hann í hollum. Veginum var svo lokað aftur þar sem umferðin hindraði rannsókn á tildrögum slyssins.

Ekki fengust nánari upplýsingar um slysið hjá lögreglu áður en blaðið fór í prentun í gærkvöldi.

**- kóþ**


DELTALIGHT



Rafkaup
Ármúla 24 • S: 585 2800
OPIÐ LAUGARDAG KL:11-16

OPIÐ ALLA LAUGARDAGA 10 TIL 14
HEKLA

TENGI
MORA INXX
BLÖNDUNARTÆKI



www.tengi.is • tengi@tengi.is
Smiðjuvegi 76 • 200 Kópavogur • Sími 414 1000
Baldursnes 6 • 603 Akureyri • Sími 414 1050

**SPURNING DAGSINS**



*Þorleifur, ætlið þið að hafa þetta eftir dúk og disk?*

„Nei, ég hef ávallt lagt áherslu á vönduð vinnubrögð og að sjálfsögðu verður ekki valtað yfir borgarbúa.“

Óvissa ríkir um framtíð Fríkirkjuvegs 11, þrátt fyrir samkomulag við Björgólf Thor Björgólfsson um kaup á reitnum. Þorleifur Gunnlaugsson, dúkalagningamaður og borgarfulltrúi Vinstri grænna, segir að skoða verði málið með gleraugum nýs meirihluta.

Samkynhneigðir munu geta leitað til að minnsta kosti níu presta í Reykjavík:

# Meirihluti ætlar að staðfesta samvist

**TRÚMÁL** Meirihluti sóknarpresta í Reykjavík hyggst nýta sér heimild Kirkjuþings til að staðfesta samvist verði lögum breytt.

Fréttablaðið hringdi í allar kirkjur í Reykjavík og spurði presta hvort þeir hygðust nýta sér heimildina kæmi til lagabreytingar. Tólf sóknarprestar og tveir prestar í fjórtán kirkjum svöruðu. Ekki náðist í presta tveggja kirkna.

Níu prestar hyggjast nýta sér heimildina, þar af átta sóknarprestar. Þeir voru allir sáttir við ályktun Kirkjuþings en fjórir þeirra hefðu viljað ganga lengra og viðurkenna hjónaband samkynhneigðra.

Enginn prestur neitaði því að hann myndi nýta sér heimildina en fjórir sóknarprestar og einn prestur í fimm kirkjum sögðust ýmist vilja hugsa málið eða bíða og sjá hvað löggjafinn gerir.

Í að minnsta kosti níu kirkjum af samtals sextán í Reykjavík munu samkynhneigð pör því geta leitað til að minnsta kosti eins prests sem tilbúinn væri að staðfesta samvist þeirra. Prestar Þjóðkirkjunnar mega neita fólki um þjónustu en verða þá að vísa á annan prest. Í ályktun Kirkjuþings var lögð sérstök áhersla á frelsi presta til þess að ákvarða hvort þeir staðfesti samvist samkynhneigðra eða ekki. - eb



**PRESTAR** hafa frelsi til að ákveða hvort þeir staðfesta samvist samkynhneigðra eða ekki.

Alcoa Fjarðaál:

# Tryggir að reglum verði fylgt

**VINNUMARKAÐUR Alcoa Fjarðaál harmar að verklagsreglum hafi ekki verið fylgt út í hörgul þegar tveimur konum var sagt upp störfum hjá fyrirtækinu í síðustu viku. „Brugðist hefur verið við til að tryggja að þeim verði fylgt í framtíðinni, komi til svipaðra aðstæðna, enda lítum við svo á að góðir starfsmenn og vinnuandi séu mikilvægasta auðlind fyrirtækisins,“ segir í yfirlýsingu.**

**Fréttablaðið greindi frá því í gær að konunum hefði verið sagt upp fyrirvaralaust og án viðvörunar. Annarri var sagt að hún gæti ekki lært á tæki, hinni að hún hefði ekki fallið í hópinn.** - ghs

# Birgir Andrésson látinn

**Birgir Andrésson myndlistarmaður lést í Reykjavík á fimmtudag. Hann var 52 ára að aldri.**

**Birgir var fæddur í Vestmannaeyjum 6. febrúar 1955, sonur hjónanna Andrésar Gestssonar og Sigríðar Jónsdóttur, sem er látin.**



**BIRGIR ANDRÉSSON**

**Hann lærði myndlist við Myndlista- og handíðaskólann frá 1973 til 1977 og fór til framhaldsnáms í myndlist við Jan van Eyck-listaháskólann í Maastricht í Hollandi frá 1978 til 1979.**

**Birgir hélt tugi einkasýninga um ævina og opnaði nýlega sýningu í Safni ásamt Rögnu Róbertsdóttur sem stendur enn. Í haust var hann tilnefndur til Íslensku sjónlistaverðlaunanna fyrir yfirlitssýningu á verkum sínum í Listasafni Íslands á síðasta ári.**

**Hann lætur eftir sig unnustu, Helgu Magnúsdóttur, soninn Arnald Frey og sonarsoninn Ingólf Breka.**

**EVRÓPA**

### Stillt á vetrartíma

Nú um helgina, nánar tiltekið klukkan tvö aðfaranótt sunnudags, verður klukkunni seinkað um klukkustund í flestum löndum norðurhvels jarðar sem nota sumartíma. Þannig verður tímamunurinn milli Íslands og meginlands Evrópu frá og með sunnudeginum aðeins ein klukkustund og enginn milli Íslands og Bretlands. Í Bandaríkjunum og Kanada hefst vetrartími viku síðar.

# Lögreglan hýsir þá sem aðrir vísa frá

**Upplýsingar Geðhjálpar benda til að 107 einstaklingar eigi í engin hús að venda. Þónokkur fjöldi nýtur hvorki félags- né heilbrigðisþjónustu. Samstarfi þeirra fjölmörgu sem koma að málum heimilislausra er ábótavant.**

**FÉLAGSMÁL** „Við stöndum frammi fyrir þeirri ákvörðun hvort vísa eigi fólki út í kuldann eða hýsa það. Vandinn liggur ef til vill í því að við erum of brjóstgóðir og þrýstingurinn er þess vegna ekki nógu mikill á sveitarfélögin,“ segir Stefán Eiríksson, lögreglustjóri höfuðborgarsvæðisins. Hann segir það fyrirkomulag að nota fangaklefa til að hýsa vegalaust fólk ekki þekkjast víða um heim.

Fulltrúar tíu aðila funduðu í gær um aðstæður heimilislausra. Fram kom að vandamálið leyndist víða og væri á höndum margra, sem ynnu þó ekki saman.

Fyrir kemur að heimilislausir einstaklingar eru útskrifað af spítala án þess að annað úrræði taki við. Gríðarlegur fjöldi fólks leitar til Hjálparstarfs kirkjunnar, Rauða krossins og Samhjálpar og lögreglunnar.

Félagið Geðhjálp átti frumkvæði að fundinum og segist framkvæmdastjóri samtakanna hafa undir höndum lista yfir 107 einstaklinga sem eigi í engin hús að venda, flestir geðsjúkir.

„Á fundinum gátu flestir aðilar staðfest að sú tala er nærri lagi, meðal annars voru forsvarsmenn Landspítalans og lögreglunnar sammála því,“ segir Sveinn Magnússon.

„Það skortir hvorki þekkingu né fjármagn. Það sem vantar er samstarf milli þeirra sem hafa puttann á púlsinum. Yfirvöldum ber að setjast niður og komast að því hver hin raunverulega þörf er og finna rétt úrræði.“

Þó nokkur fjöldi einstaklinga nýtur engrar félags- eða heilbrigðisþjónustu. Einstaklingar með geðraskanir sem eru auk þess fíklar eru dæmi um það.

„Þeir eru of geðveikir til að fara í meðferð og í of mikilli neyslu til að fara á geðdeild. Það sem þarf er fleiri heimili með vakt allan sólarhringinn. Þannig verður þjónustan mun skilvirkari. Á heimilinu við Miklubraut 20 hefur náðst góður árangur og einstaklingarnir eru farnir að lifa góðu lífi,“ segir Heiðar Guðnason, forstöðumaður Samhjálpar.

Beðin um viðbrögð segir Björk Vilhelmsdóttir, formaður velferðarráðs Reykjavíkurborgar, að til standi að auglýsa eftir samstarfsaðilum til að reka búsetuúrræði fyrir um tuttugu heimilislausa einstaklinga.

„Við erum að vinna starfs- og fjárhagsáætlun ráðsins og munum virkilega taka á þessum málum.“

eva@frettabladid.is



**ÚRRÆÐI VANTAR** Framkvæmdastjóri Geðhjálpar segir vanta persónulega liðveislu við heimilislausa sem oft eigi hvergi heima í kerfinu.



**STEFÁN EIRÍKSSON**



**HEIÐAR GUÐNASON**



**SVEINN MAGNÚSSON**



**GEIR OG SILVIA** Geir sést hér afhenda Silviu Cosimini þýðanda styrk fyrir framlag hennar til menningarmála.

MYND/MAGNÚS

Silvia Cosimini þýðandi:

# Heiðruð fyrir menningarstörf

**ÍTALÍA** „Hér, þar sem saman eru komnir margir velunnarar samstarfs Ítalíu og Íslands, er mér sannur heiður að kynna Silviu Cosimini en hún hefur verið rödd höfunda eins og Halldórs Laxness, Arnalds Indriðasonar og Thors Vilhjálmssonar, svo ég nefni nokkur nöfn,“ sagði Geir H. Haarde forsætisráðherra áður en hann afhenti Silviu 2.500 evra (217.000 ísk.) styrk frá ríkisstjórn Íslands. Silvia hefur þýtt mörg íslensk bókmenntaverk yfir á ítölsku og var henni færð fjárhæðin fyrir lofsvert framlag til menningarmála. Þýðingar Silviu hafa verið gefnar út hjá stórum ítölskum forlögum. - mh

Sigurgeir Þorgeirsson:

# Stýrir nýju ráðuneyti

**STJÓRNSÝSLA Dr. Sigurgeir Þorgeirsson búfjárfræðingur verður ráðuneytisstjóri sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis frá og með næstu áramótum.**

**Sigurgeir, sem lauk doktorsprófi frá Edinborgarháskóla 1981, lætur þá af starfi framkvæmdastjóra Bændasamtakanna en því hefur hann gegnt í tólf ár.**

**Hann var og aðstoðarmaður Halldórs Blöndal landbúnaðarráðherra frá 1991 til 1995.**

Þá hefur Sigurgeir starfað sem sauðfjárræktarráðunautur. - kóþ




Auglýsingabíl Atlantsolíu aftur lagt við Sæbraut eftir að Olís lét draga hann burt:

# Megum víst leggja á lóðinni

**SAMKEPPNI** Auglýsingabíl Atlantsolíu hefur aftur verið komið fyrir við Sæbraut, rétt hjá bensínstöð Olís við Skúlagötu. Um síðustu helgi létu Olísmenn draga bílinn í burtu á þeim forsendum að hann stæði á lóð fyrirtækisins.

Albert Þór Magnússon, framkvæmdastjóri Atlantsolíu, segir lóðina í eigu borgarinnar, og hefur sent Olís reikning fyrir kostnaði við að leysa bílinn út.

„Bíllinn okkar stendur í jaðri Skúlagötu 5, sem er borgarland. Þar er öllum heimilt að leggja enda hvergi merkingar um annað,“ segir Albert. Bensínstöð Olís er á Skúlagötu 9, en fyrirtækið á bílaplan við hliðina.

„Okkur fannst illa að okkur vegið þegar þeir létu draga bílinn burt. Það var ekki einu sinni hringt í mig og ég beðinn að færa hann heldur var hann bara dreginn.“

Albert segir þetta mál fyndið í ljósi þess að forsvarsmenn Olís noti viðlíka aðferðir sjálfir. „Þeir eiga sinn bíl og leggja honum stundum við okkar stöðvar. Við erum ekkert að amast við því vegna þess að þetta er bara hluti af samkeppni.“ Þorvaldur R. Ásgeirsson, verslunarstjóri hjá bensínstöð Olís á Skúlagötu, vildi ekkert tjá sig um málið þegar leitað var eftir því. Ekki náðist í Jón Ólaf Halldórsson, framkvæmdastjóra sölusviðs hjá Olís. - sþs




**BÍLLINN UMDEILDI** Auglýsingabíll Atlantsolíu stendur við Sæbrautina, rétt hjá bensínstöð Olís við Skúlagötu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON










# RISA LJÓSASERÍUHELGI

## 25 % kynningarafsláttur
## af öllum ljósaseríum um helgina

SIRIUS®

*LÁTTU HEILLAST!*






















GARÐHEIMAR

*heimur skemmtilegra hluta og hugmynda*

Stekkjabakka 6 - sími 540 3300 - www.gardheimar.is

**NÝTT Í GARÐHEIMUM**
EUKANUBA HUNDAFÓÐUR OG IAMS KATTAFÓÐUR




**15% KYNNINGARAFSLÁTTUR**

## GENGIÐ 26.10.2007

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 60,39 | 60,67 |
| Sterlingspund | 123,84 | 124,44 |
| Evra | 86,7 | 87,18 |
| Dönsk króna | 11,628 | 11,696 |
| Norsk króna | 11,236 | 11,302 |
| Sænsk króna | 9,421 | 9,477 |
| Japanskt jen | 0,5278 | 0,5308 |
| SDR | 94,57 | 95,13 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
116,0612

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Talsmaður Björgólfs Thors segir hann ekki vilja hálfan Hallargarðinn:

# Vildi aðeins tryggja aðgengið

**SKIPULAGSMÁL** Ásgeir Friðgeirsson, talsmaður Björgólfs Thors Björgólfssonar, segir hann eingöngu vilja tryggja aðgengi að Fríkirkjuvegi 11 en ekki eignast hálfan Hallargarðinn.

Í Fréttablaðinu á fimmtudag er greint frá því að embættismenn á vegum borgarinnar hafi náð samkomulagi við Björgólf Thor um að taka frávikstilboði hans í húsið. Í því felst að hann greiðir 200 milljónir króna ofan á þær 600 milljónir sem hann bauð að óbreyttu. Í staðinn á Björgólfur að fá lóðaleigusamning um 3.567 fermetra umhverfis húsið en ekki aðeins 900 fermetra eins og útboðið kvað á um.



**FRÍKIRKJUVEGUR 11** Talsmaður Björgólfs Thors Björgólfssonar segir hann ekki ætla sjálfum sér Hallargarðinn heldur verði hann opinn almenningi eins og verið hefur.

Ásgeir segist ekki vilja staðfesta að samningur upp á þessa lóðarstækkun liggi fyrir en segir þó þann möguleika hafa verið upp á borðinu eins og fleiri.

Samkvæmt útboðsgögnunum er aðgengi að Fríkirkjuvegi 11 frá Laufásvegi. Ásgeir segir enga tryggingu fyrir því.

„Viðaukatilboðið er sett fram til að tryggja eðlilegt aðgengi að húsinu í ljósi þeirrar starfsemi sem er fyrirhuguð í því," segir Ásgeir og ítrekar það sem fram hefur komið að Hallargarðurinn verði áfram almenningsgarður. „Björgólfur er ekki að falast eftir þessari lóð fyrir sig heldur er verið að breyta til að bæta aðgengi." - gar

Tveir fyrrverandi ritstjórar DV:

# Sýknudómur í meiðyrðamáli

**DÓMSMÁL Tveir fyrrverandi ritstjórar DV, Björgvin Guðmundsson og Páll Baldvin Baldvinsson, voru sýknaðir í meiðyrðamáli í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær. Magnús Hinrik Guðjónsson, framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja, krafðist þess að ummæli um hann í fyrirsögnum og frétt blaðsins yrðu dæmd dauð og ómerk.**

**Í dómnum segir að ekki hafi verið sýnt fram á að ritstjórarnir hafi gerst sekir um ólögmæta árás á æru framkvæmdastjórans. Þeir hafi ekki heldur farið út fyrir mörk tjáningarfrelsis með ummælunum.** - sþs

Borgarráð skilar tillögu:

# Leggst gegn nektardansi

**STJÓRNMÁL** Borgarráð leggst gegn því að nektardans verði heimilaður á veitingastöðunum Bóhem, Vegas og Club Óðal í tillögu sinni að umsögn um rekstrarleyfi staðanna. Ráðið leggur hins vegar til að þeim verði veitt rekstrarleyfi að öðru leyti. Afgreiðslu tillögunnar var frestað um tvær vikur á borgarráðsfundi í gær vegna andmælaréttar eigenda staðanna.

Í lögum er lagt bann við að boðið sé upp á nektardans eða að gert sé út á nekt starfsmanna veitingastaða nema með undanþágu. Slíka undanþágu hafa staðirnir þrír sótt um. - sh

Mannréttindasamtök:

# Rumsfeld stefnt fyrir pyntingar

**PARÍS, AP Bandarísk og evrópsk mannréttindasamtök hafa lagt fram stefnu í Frakklandi gegn Donald Rumsfeld, fyrrverandi varnarmálaráðherra Bandaríkjanna, þar sem hann er sakaður um að bera ábyrgð á pyntingum í Írak og í bandaríska herfangelsinu við Guantánamoflóa á Kúbu.**



DONALD RUMSFELD

**Samtökin sem að stefnunni standa, ein í New York, ein í Berlín og tvenn í París, lögðu fram stefnuna hjá saksóknara í París er Rumsfeld kom til Frakklands í heimsókn. Talsmenn stefnenda sögðu að taka ætti stefnuna fyrir þar sem frönsk lög gera ráð fyrir að hægt sé að sækja menn sem staddir eru í Frakklandi til saka fyrir pyntingar.** - aa

# Sambandið við Ítalíu treyst

## Vilji er hjá íslenskum og ítölskum stjórnvöldum til að efla samstarf á sviði viðskipta. Frjósamur akur sem hægt er að plægja, segir Geir Haarde. Getum lært af Íslendingum, segir utanríkisviðskiptaráðherra Ítalíu.

**STJÓRNMÁL** Íslensk og ítölsk stjórnvöld hafa ákveðið að koma á fót starfshópi til að efla viðskipta- og efnahagsleg tengsl landanna. „Það er alveg ljóst að mikill áhugi er á auknu samstarfi milli þjóðanna. Þessi starfshópur verður í stakk búinn til þess að plægja akurinn. Það er fyrir hendi frjósamur akur og það þarf að vinna úr tækifærunum sem eru fyrir hendi," sagði Geir H. Haarde forsætisráðherra að loknum hádegisfundi hjá ítalsk-íslenska verslunarráðinu sem haldinn var á Grand Hotel de la Minerva í miðborg Rómar.

Þar skýrði Geir frá vilja beggja þjóða til að efla tengslin en hann og Romano Prodi, forsætisráðherra Ítalíu, hittust á fundi fyrr um daginn þar sem málefni þjóðanna og alþjóðamál voru rædd. Þeir voru sammála um að efla tengslin og leggja áherslu á sýnilegan árangur þess.

Meðal gesta á fundi verslunarráðsins var Emma Bonino, utanríkisviðskiptaráðherra Ítalíu, en hún segist hafa sérstakan áhuga á að efla tengslin við Ísland. „Heimurinn er sífellt að verða minni í þeim skilningi að auðveldari samskipti og upplýsingaflæði skilja engan út undan. Litlar þjóðir eins og Ísland geta gegnt mikilvægu hlutverki á ýmsum sviðum. Sérstaklega á þetta við um orkumál og nýtingu endurnýjanlegrar orku, þar sem Ísland hefur verið leiðandi á heimsvísu. Ítalir geta lært af Íslendingum," sagði Bonino í viðtali við Fréttablaðið.

Hún sagði grunninn að velgengni þjóða á alþjóðavettvangi felast í því að velja réttu þjóðirnar til samstarfs. „Ábyrg utanríkisstefna felst í því að sjá tækifærin og nýta þau eins og líklegt er að leiði af sér góða hluti. Ég hef mikinn áhuga á því að auðvelda ítölskum fyrirtækjum að reyna fyrir sér á erlendri grundu en einnig að leiða fyrirtæki og stjórnvöld annarra þjóða til samstarfs við okkur. Ísland er eitt þessara landa."

Guðjón Rúnarsson, formaður ítalsk-íslenska verslunarráðsins og framkvæmdastjóri Samtaka fjármálafyrirtækja, stýrði fundinum. Landsbankinn var styrktaraðili hans og var Halldór J. Kristjánsson bankastjóri viðstaddur.

Víkingur Heiðar Ólafsson píanóleikari kom sérstaklega frá New York til þess að spila á fundinum, en hann stundar tónlistarnám við Juilliard-háskólann. Flutningur hans á lagi Sigvalda Kaldalóns, Ave María, var síðasta dagskráratriði fundarins og var Víkingi Heiðari vel fagnað. Geir og kona hans, Inga Jóna Þórðardóttir, þökkuðu Víkingi Heiðari sérstaklega fyrir flutninginn en hann hafði á orði við Geir að lag Sigvalda væri umtöluð „vel falin perla" á meðal nemenda í Juilliard-háskólanum.

Geir átti einkafund með Benedikt XVI páfa í bókasafnsrými páfa og færði honum nýja íslenska þýðingu á biblíunni og gullkross að gjöf. Einnig skilaði hann kveðju frá Karli Sigurbjörnssyni, biskupi Íslands, og bauð páfa í heimsókn til Íslands. „Það var greinilegt að páfinn var vel að sér um Ísland þó að kaþólski söfnuðurinn á Íslandi sé ekki stór," sagði Geir en rúmlega sjö þúsund manns eru skráðir í kaþólskan söfnuð á Íslandi. „Við áttum ágætt einkasamtal sem var mikils virði. Einnig ræddi ég við kardinála [Tarciso Bertone] sem jafnframt er forsætisráðherra Páfagarðs. Alþjóðleg mál voru rædd og þar var greinilegt að kardinálarnir eru vel að sér. Persónulega er þetta mikil upplifun, að koma í Páfagarð og fá þessar móttökur," sagði Geir að lokinni heimsókninni.

magnush@frettabladid.is



**FUNDUR MEÐ PÁFA** Benedikt sextándi sést hér á spjalli við Geir H. Haarde forsætisráðherra í bókasafnsherbergi í Páfagarði. Þeir áttu einkafund en Geir færði páfa kross úr gulli og nýja íslenska þýðingu á biblíunni að gjöf.

FRÉTTABLAÐIÐ/MAGNÚS HALLDÓRSSON






## VEÐURSPÁ



Elín Björk Jónasdóttir veðurfræðingur

**Áframhaldandi úrkoma.** Það er lítið lát á úrkomunni þó að magn hennar verði ekki jafn mikið og verið hefur. Í dag má búast við éljum víða um norðurströndina, og skúrum eða slydduéljum á Suður- og Vesturlandi. Þurrt verður þó austanlands. Hiti er rétt um/undir frostmarki fyrir norðan en 1-6 stig sunnanlands yfir daginn. Á morgun lítur út fyrir hæglætis veður um mest allt land, og bjartviðri eystra, en úrkomu annarsstaðar. **Í BORGINNI Í DAG:** SV átt, 5-10 m/s, skúrir eða slydduél. Hiti 1-6°C

um hádegi »




» á morgun




Vestanáttir, víða 3-8 m/s.

» mánudagur




Norðlæg átt, 5-10 m/s.

um hádegi »

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 12°C skýjað | London | 16°C léttskýjað | Eindhoven | 13°C skýjað |
| Billund | 11°C skýjað | París | 14°C heiðskýrt | Basel | 11°C skýjað |
| Osló | 11°C skúrir | Frankfurt | 13°C léttskýjað | Alicante | 19°C léttskýjað |
| Stokkhólmur | 10°C skúrir | Friedrichshafen | 14°C skýjað | Róm | 24°C skúrir |
| Gautaborg | 10°C skýjað | Berlín | 11°C skýjað | Las Palmas | 23°C skúrir |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.




HEKLA Laugavegi 172-174 · sími 590 5000 · www.hekla.is · hekla@hekla.is
HEKLA

**KJÖRKASSINN**



*Sækir þú tónlist af vefnum?*

| | |
|---|---|
| Já | 26% |
| Nei | 74% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Finnst þér orðið negri neikvætt?*

Segðu skoðun þína á visir.is

vísir

Stjórnendur Kaupþings hafa ákveðið að gera upp í evrum í stað króna frá og með næstu áramótum:

# Ekki pólitísk yfirlýsing um stöðu krónunnar

**VIÐSKIPTI** Kaupþing banki gerir upp í evrum frá og með næstu áramótum. Hingað til hefur bankinn gert upp í íslenskum krónum. Kaupþing er langstærsta fyrirtækið á íslenskum markaði.

Sigurður Einarsson, stjórnarformaður Kaupþings, segir að bankanum beri að færa bókhald sitt í evrur í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla. Hann reiknar ekki með að Seðlabanki Íslands geti eða vilji koma í veg fyrir það. Þetta sé byggt á viðskiptasjónarmiði fyrst og fremst og sé ekki pólitísk yfirlýsing um stöðu krónunnar. Yfirgnæfandi hluti tekna og og áhættu í rekstri Kaupþings sé í annarri mynt en íslenskum krónum.

„Með því að gera upp í evrum erum við að gefa miklu réttari mynd af bankanum en ef við gerum upp í íslenskum krónum,“ segir Hreiðar Már Sigurðsson forstjóri Kaupþings. Dæmi væru um að uppgjör bankans sýndu mikla hækkun erlendra eigna en í raun hefði virði þeirra aukist vegna veikingu krónunnar.

Þá ætlar stjórn bankans að leggja það til við hluthafa að hlutafé bankans verði líka skráð í evrum. Hluthafafundur er í kringum næstu mánaðamót.

Samkvæmt mati hagfræðinga sem Fréttablaðið ræddi við mun þetta ekki hafa mikil áhrif á íslenskt efnahagslíf. Til lengri tíma geti stýrivextir Seðlabankans jafnvel virkað betur þegar eigið fé bankanna er í erlendri mynt og starfsemi á Íslandi.

„Ég tel ekki að þetta muni hafa áhrif á gengi krónunnar að neinu marki og til langs tíma breytir þetta litlu,“ segir Geir H. Haarde forsætisráðherra. „Kaupþing hefur haft 85 prósent tekna sinna úr erlendum gjaldmiðlum um nokkurt skeið og því kemur ekki á óvart að stjórnendur fyrirtækisins fari þessa leið.“

Sigurjón Þ. Árnason, bankastjóri Landsbankans, segir ekki komið að því að Landsbankinn þurfi að taka upp reikningshald í evrum en vöxtur í starfsemi bankans í útlöndum umfram vöxt á Íslandi muni ráða þar um.

Fyrirtækjum ber að færa bókhald í sinni meginstarfsrækslumynt en það er sú mynt sem er yfirgnæfandi í starfseminni. Sigurjón segir að í raun sé engin ein mynt yfirgnæfandi í starfsemi Landsbankans, en af sögulegum ástæðum sé krónan áfram augljós kostur sem starfrækslumynt.

Bankastjórar Seðlabankans Íslands vildu ekki tjá sig um efni fréttarinnar. **- bg**


**Tilkynning um birtingu viðauka við lýsingu FL Group**

29. október 2007 birtir FL Group viðauka við lýsingu sem gefin er út í tengslum við yfirtökutilboð FL Group til hluthafa Tryggingarmiðstöðvarinnar hf.

Viðaukinn við lýsinguna verður aðgengilegur á heimasíðu félagsins, www.flgroup.is. Jafnframt má nálgast eintak af viðaukanum við lýsinguna á skrifstofu félagsins að Síðumúla 24, Reykjavík, sími 591 4400 á tímabilinu 29. október 2007 til 29. október 2008.

Reykjavík, 27. október 2007

FL GROUP




**ÓLÍKUR SKILNINGUR** Mörður Árnason íslenskufræðingur benti á að orðið negri væri líkast til dregið af orðinu negro sem þýðir svartur. Það hefði ekki haft neikvæða merkingu í íslensku máli. Einar Skúlason, framkvæmdastjóri Alþjóðahúss, taldi orðið negri meiðandi en orðið svertingi hins vegar ekki.



**HVAÐ MÁ SEGJA OG HVAÐ EKKI?** Lítil niðurstaða fékkst í umræðu um hvaða hugtök ætti að nota í málefnum innflytjenda og hvaða hugtök mætti ekki nota. Upplýsingafulltrúi Alþjóðahússins segir ljóst að umræðu um hugtakanotkun um innflytjendur þurfi að efla hér á landi. FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

# Skýra umræðu þarf um innflytjendur

**Forsvarsmenn Alþjóðahússins segjast hafa orðið varir við mikla óánægju vegna endurútgáfu bókarinnar Tíu litlir negrastrákar. Forstöðumaður miðstöðvar í innflytjendarannsóknum segir brýnt að ná einingu um merkingu hugtaka.**

**RÉTTINDAMÁL** „Umræða um hugtakanotkun hér á landi í tengslum við málefni innflytjenda þarf að efla,“ segir Helga Ólafs, upplýsingafulltrúi Alþjóðahússins. Hún segist hafa orðið vör við miklar óánægju í tengslum við endurútgáfu bókarinnar Tíu litlir negrastrákar sem listamaðurinn Muggur myndskreytti.

Helga telur mikilvægt að fram komi að Alþjóðahúsið standi ekki á móti prentfrelsi heldur vilji minna á mikilvægi þess að bókin sé ekki lesin gagnrýnilaust, auk þess sem hana eigi alls ekki að lesa fyrir börn. Þá segir hún að Alþjóðahúsið harmi að meiðandi hugtök séu endurvakin í samfélagi jafnréttis og mannvirðingar.

Í fyrradag fór fram umræða í Alþjóðahúsinu um hugtakanotkun á Íslandi og komu þar fram skiptar skoðanir. Mörður Árnason íslenskufræðingur benti á að í íslenskri tungu hefði orðið negri ekki verið notað á neikvæðan hátt heldur kæmi neikvæða merkingin úr ensku. Hann taldi þó auðsýnt að samspil mynda og orða í bókinni væri niðrandi og ætti ekki erindi við börn. Hugtakanotkun væri þó flókið mál. Kom það vel í ljós því eftir að Mörður hafði sagt að negri hefði ekki verið notað á lítilsvirðandi hátt í íslensku sagði Hallfríður Þórarinsdóttir, doktor í mannfræði, að henni þætti orðið svertingi mjög niðrandi. Orðið svertingi taldi Einar Skúlason, framkvæmdastjóri Alþjóðahúss, hins vegar ekki meiðandi en benti á að í sínum huga væri ljóst að orðið negri væri meiðandi.

Þá benti Hallfríður Þórarinsdóttir, forstöðumaður Miðstöðvar innflytjendarannsókna ReykjavíkurAkademíunnar (MIRRA), á að hugtök sem notuð væru um málefni innflytjenda væru oft þýdd á mismunandi vegu. „Það skapar vandræði og veldur misskilningi,“ segir Hallfríður. „Menn slá til dæmis saman ensku hugtökunum integration og assimilation og þýða þau með sama hugtakinu á íslensku. Grunnhugsun þessara tveggja hugtaka er þó gerólík,“ bætir hún við. Segir Hallfríður nauðsynlegt að hvor sín þýðingin verði á þessum tveimur hugtökum og að eining um merkingu þeirra náist til

Segir mannvirðingu mikilvægari en prentfrelsi á bókum sem kunni að særa:

## Vill ekki að börn sín séu kölluð negrar

**RÉTTINDAMÁL** „Ég skildi ekki hvað orðið negri þýddi en ég vissi að krakkarnir kölluðu mig það til að særa mig,“ segir Bryndís Eiríksdóttir, sem telur endurútgáfu bókarinnar Tíu litlir negrastrákar mikil mistök af hálfu útgefanda.

„Það er rætt um prentfrelsi. Það er vissulega mikilvægt en mér þykir mannvirðing mun mikilvægari, og þessi bók gengur þvert á það mikilvægi,“ segir hún.



**BRYNDÍS EIRÍKSDÓTTIR**

Bryndís segist hafa orðið fyrir aðkasti sem barn fyrir það eitt að hafa verið með ólíkt hár og flestir Íslendingar. Fyrir fjórum árum kynntist hún manni frá Portúgal, sem ættaður er frá Afríku, og eiga þau tvö börn saman en fyrir átti Bryndís eitt barn. „Maðurinn minn varð fyrir alvarlegri líkamsárás fyrir ári síðan fyrir það eitt að vera svartur. Hann hafði ekkert gert af sér heldur var bara að koma úr verslun og á leið heim. Mér þykir skelfilegt að hugsa til þess að börnin okkar gætu lent í því sama, sem og því að um þau yrði notað jafn særandi orð og negri er eins og þessi svokallaða barnabók býður upp á,“ segir Bryndís. Hún telur Íslendinga þurfa að komast að samkomulagi um hvaða orð séu notuð yfir fólk sem er dökkt á hörund. „Ég er hvít og af því leiðandi hvítingi, maðurinn minn er svartur og þar af leiðandi svertingi. Það er ekkert vont um það að segja en allt öðru máli finnst mér gegna um orðið negri,“ segir Bryndís. **- kdk**





**ISIG gjafapokar** 3 stk. ýmsar stærðir **295,- ISIG gjafaöskjur** 3 stk. ýmsar stærðir **295,- ISIG gjafapappír** 5x0,7 m óbleiktur **250,- ISIG gjafapappír** 5x0,7 m bleiktur **195,- ISIG gjafaborði** 50 m rauður **65,-**

IKEA®




# TAX FREE DAGAR

Dagana 26.-28. október
afnemum við VSK af
**ÖLLUM FATNAÐI.**

Þú færð allan dömu-,
herra- og barnafatnað,
undirföt, sokka
og sokkabuxur án
virðisaukaskatts
þessa þrjá daga.

*Fatnaður á alla fjölskylduna!*

Að sjálfsögðu fær ríkissjóður sinn virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin er alfarið á kostnað Hagkaupa.

Tilboðin gilda út sunnudaginn 28. október 2007.

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*

**VEISTU SVARIÐ?**



**1.** *Hversu marga fundi hefur borgarráð haldið frá því það var sett á fót árið 1932?*

**2.** *Hvaða tímamótum fagnar Handknattleikssamband Íslands um þessar mundir?*

**3.** *Hvaða síðu á hinn 24 ára gamli tölvunarfræðingur Allan Ellis sem handtekinn var í vikunni fyrir að reka vefrænngjasíðu?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 58

Nokkrir starfsmenn héldu Vinnumálastofnun gangandi í tvo daga:

# Starfsmenn fóru til Póllands

**VINNUMARKAÐUR** Fjórir starfsmenn héldu aðalstöðvum Vinnumálastofnunar gangandi í gær og fyrradag meðan um hundrað manna hópur starfsmanna og maka þeirra var í fræðslu- og skemmtiferð í Póllandi. Fjórmenningarnir sinntu afgreiðslu og tóku skilaboð til samstarfsmanna.

Unnur Sverrisdóttir lögfræðingur segir að hópurinn hafi heimsótt systurstofnun sína í Kraká, verið á námskeiði og skipst á upplýsingum við kollega sína um aðstæður í þessum löndum.

„Hópurinn gerir sér glaðan dag í dag, fer í skoðunarferðir og í kvöld er árshátíð,“ segir hún og bendir á að lunginn af starfsmönnum vítt og breitt um landið hafi skellt sér með. „Þetta var alveg brjáðsnjallt því að við erum í svo miklum samskiptum við Pólland.“

Unnur segir að starfsmenn hafi kosið um það hvort þeir hafi viljað halda árshátíðina erlendis og menn hafi ráðið hvort þeir færu með eða ekki. Ferðin hafi ekki verið kostuð af stofnuninni nema árshátíðin. Ferðin hafi kostað sextíu þúsund á mann og flestir sæki styrk til stéttarfélaga.

Margrét Gunnarsdóttir, starfsmaður Vinnumálastofnunar, segir að starfsemin hafi gengið „ótrúlega vel“ þó að margir væru fjarverandi. „Viðskiptavinir fá kannski hægari afgreiðslu en ekkert brennur inni þessa tvo daga.“

- ghs



**SINNTU AFGREIÐSLUNNI** Baldur Aðalsteinsson, Unnur Sverrisdóttir og Margrét Gunnarsdóttir sinntu afgreiðslu á aðalskrifstofu Vinnumálastofnunar í Reykjavík meðan megnið af starfsmönnunum fræddist og skemmti sér í Póllandi. FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

Eftirsóttar endurminningar:

## Barátta um bók Tonys Blair

**BANDARÍKIN, AP** Eftir nokkurra daga alþjóðleg átök um útgáfuréttinn á endurminningum Tonys Blair, fyrrverandi forsætisráðherra Bretlands, hreppti útgáfurisinn Random House hnossið.



**TONY BLAIR**

„Þetta var eitt líflegasta og kappfyllsta ferli sem ég hef tekið þátt í þau tuttugu ár sem ég hef verið fulltrúi höfunda,“ sagði Robert Barnett, bókafulltrúi Blair, sem einnig var fulltrúi Bill Clinton, fyrrverandi forseta Bandaríkjanna. Blair mun skrifa bókina sjálfur og eru að sögn Barnetts að minnsta kosti tvö ár enn í að hún komi út.

- sdg

Borgarstjórinn í Reykjavík:

## Vill siðareglur borgarfulltrúa

**SVEITARSTJÓRNIR** **Dagur B. Eggertsson borgarstjóri leggur til að skipaður verði starfshópur til að gera starfs- og siðareglur fyrir borgarstjórn Reykjavíkur í samræmi við samþykkt borgarstjórnar frá í júní.**



**DAGUR B. EGGERTSSON**

**Gert er ráð fyrir að allir flokkar í borgarstjórn tilnefni fulltrúa í starfshópinn og að Guðmundur Steingrímsson, aðstoðarmaður borgarstjórans, verði formaður hópsins, sem muni geta fengið aðstoð embættismanna og sérfræðinga borgarinnar. Borgarráð frestaði afgreiðslu tillögu borgarstjórans á fundi sínum á fimmtudag.**

- gar

# Hrefnur taldar éta 140.000 þorsktonn

**Frumniðurstöður úr rannsóknum á fæðuvistfræði hvala benda til að afrán í þorski og ýsu sé meira en áætlað var. Hrefnan ein étur 240 þúsund tonn hið minnsta. Nýjustu talningar benda þó til fækkunar hrefnu við Íslandstrendur.**

**SJÁVARÚTVEGUR** Frumniðurstöður úr rannsóknum Hafrannsóknastofnunar á fæðuvistfræði hvala benda til að þeir éti mun meira af þorski og ýsu en talið hefur verið. Rannsóknir á hrefnu benda til að át hennar á þorski sé að minnsta kosti helmingi meira en áætlað hefur verið. Talið var að hrefnan ein æti um 60 þúsund tonn af þorski en niðurstöðurnar benda til að hvalategundin éti að minnsta kosti 140 þúsund tonn, sem er tíu þúsund tonnum meira en útgefið aflamark í þorski fyrir fiskveiðiárið 2008.

Gísli A. Víkingsson, hvalasérfræðingur Hafrannsóknastofnunar, kynnti frumniðurstöður verkefnisins á 68. aðalfundi LÍÚ á fimmtudag. Hann vék að því að samkvæmt líkani, sem gert var árið 1997, gerðu forsendur ráð fyrir að þrjú prósent af þeim tveimur milljónum tonna sem hrefnan étur árlega væru þorskur. Frumniðurstöður á magainnihaldi hrefnu, sem fallið hefur til í vísindaveiðum frá 2003, sýna hins vegar að sjö prósent af æti hrefnu er þorskur og fimm prósent ýsa. Þá á eftir að taka tillit til að eftir er að greina sextán prósent af æti hrefnunnar, sem eru ýmsir beinfiskar. „Hlutfall þorsks og ýsu á því eflaust eftir að hækka eftir að við vinnum úr sýnunum,“ sagði Gísli í kynningu sinni.

Miðað við hvalatalningu árið 2001 voru 44 þúsund hrefnur við Ísland en í sumar fór fram ein viðamesta hvalatalning sem gerð hefur verið og var hún hluti af fjölþjóðlegu verkefni. Gísli segir að allt bendi til að töluvert minna sé af hrefnu við landið nú en verið hefur. „Það kemur til minnkunar í öllum vangaveltum um át hrefnunnar hér við land. Það er engin tala komin ennþá en á svæðum sem mjög mikið af hrefnu var á áður var þéttleikinn mun minni nú. Ég geri því fastlega ráð fyrir að stofnmatið á landgrunninu verði mun minna en það var.“ Spurður um hugsanlegar ástæður þess að minna sæist af hrefnu núna en í fyrri mælingum sagðist Gísli tengja það við sandsílisbrestinn sem hefði valdið ætisskorti sjófugla við Ísland og víðar. Sílisskortur gæti einnig verið ástæða þess að meira mældist af þorski og ýsu í æti hrefnunnar.




Það vekur athygli að frumniðurstöður rannsóknarinnar sýna að hrefnan éti ekki eingöngu smáan þorsk og ýsu, sem hefði verið eðlileg ályktun þar sem um skíðishval er að ræða. Þvert á móti étur hrefnan mikið af fiski sem er fjögur til fimm kíló að þyngd.

svavar@frettabladid.is

Merkti fórnarlömbin inn á reiti skákborðs og ætlaði að fylla alla 64 reitina:

# Skákborðsmorðinginn sakfelldur

**MOSKVA, AP** Rússneskur fjöldamorðingi var á miðvikudag sakfelldur fyrir morð á 48 manns í Moskvu. Hann var einnig sakfelldur fyrir þrjár morðtilraunir.

Alexander Pichushkin, sem er 33 ára gamall, merkti fórnarlömb sín inn á reiti skákborðs og stefndi að því að fylla alla 64 reitina.

Hann gortaði af því að hafa myrt 63 og að hann vantaði aðeins eitt fórnarlamb til að fullkomna ætlunarverkið. Saksóknarar fundu aðeins næg sönnunargögn til að sakfella hann fyrir 48 morð.



**ALEXANDER PICHUSHKIN** Saksóknarar mæla með því að Pichushkin verði dæmdur í lífstíðarfangelsi, þar af fimmtán ár í einangrun. AP

Saksóknarar sögðu Pichushkin hafa lokkað fórnarlömb sín, sem voru oft heimilisleysingjar, í almenningsgarð með því að lofa þeim vodka gegn því að þeir syrgðu með honum dauða hunds síns. Eftir að hafa fyllt fórnarlömbin myrti hann þau flest með því að hrinda þeim niður í skolpræsi. Sum kyrkti hann eða barði af alefli í höfuðið.

Pichushkin framdi fyrsta morðið 2001 en árið 2005 hóf hann að beita „sérlegri grimmd“ þegar hann barði fórnarlömb sín ítrekað í höfuðið með hamri og tróð síðan vodkaflösku inn í hauskúpu þeirra.

Pichushkin náðist eftir að hann myrti konu sem hafði skilið eftir miða um að hún væri á leið í göngutúr með honum.

- sdg


## Yfirtökutilboð til hluthafa Tryggingamiðstöðvarinnar hf.

FL Group hf. (hér eftir „tilboðsgjafi") er eigandi að samtals 97,92% hlutafjár í Tryggingamiðstöðinni hf. (hér eftir „TM"). Tilboðsgjafi hefur tekið ákvörðun um að gera hluthöfum í TM tilboð um að selja hluti sína í félaginu til tilboðsgjafa. Um er að ræða valfrjálst yfirtökutilboð, á grundvelli ákvæða laga um verðbréfaviðskipti nr. 33/2003. Tilboðið er lagt fram á grundvelli nánari skilmála sem fram koma í tilboðsyfirliti, dags. 29. október 2007, sem hluthafar eru hvattir til þess að kynna sér.

Tilboðsyfirlitið er aðgengilegt á heimasíðu FL Group hf., www.flgroup.is, og fæst jafnframt afhent hjá umsjónaraðila yfirtökutilboðsins, Fyrirtækjaráðgjöf Glitnis banka hf., Kirkjusandi 2, 105 Reykjavík. Tilboðsyfirlitið hefur að geyma samþykkiseyðublað, sem hluthafar skulu ganga frá og senda með þeim hætti sem þar greinir, ákveði þeir að taka tilboðinu. Tilboðsyfirlitið er jafnframt sent í pósti til nafnskráðra hluthafa í Tryggingamiðstöðinni hf.

Tilboðið tekur gildi 31. október 2007 og gildir í fjórar vikur.

Reykjavík, 27. október 2007

FL GROUP

ARNE | SOFAS DESIGNED BY ANTONIO CITTERIO



mood HEIMA HÚSIÐ mood heima Ondvegi

SÍÐUMÚLA 30 SÍMI 568 4242
www.heimahusgogn.is heima@heimahusgogn.is
OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 LAUGARDAGA 11-16

B&B ITALIA
TANGIBLE ART






GEIMGANGA Geimfarinn Douglas Wheelock sést á þessari mynd frá NASA-TV í geimgöngunni í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Alþjóðlega geimstöðin stækkar:

## Nýrri forstofu bætt við

**CANAVERAL-HÖFÐI, AP Tveir geimfarar fóru í geimgöngu frá Alþjóðlegu geimstöðinni í gær til að undirbúa tengingu nýrrar einingar við stöðina, sem er á sporbaug um jörðu í 345 km hæð.**

**Geimfararnir sem fóru í geimgönguna, Scott Parazynski og Douglas Wheelock, komu í stöðina með geimferjunni Discovery á fimmtudag. Með ferjunni kom líka nýja íbúðareiningin, sem var smíðuð á Ítalíu og er á stærð við strætisvagn. Hún mun þjóna sem „forstofa“ að evrópsku og japönsku rannsóknastofunum í geimstöðinni. - aa**



NÝTT DANSKT ÞING Stutt og snörp kosningabarátta er komin í fullan gang áður en Danir kjósa nýja fulltrúa til setu á þjóðþinginu í Kristjánsborgarhöll 13. nóvember.

# Lofar Dönum lengri ævi

**Kosningabaráttan er komin á fullt í Danmörku. Fogh forsætisráðherra boðar átak í heilsuforvörnum sem á að skila Dönum þremur árum lengri ævidögum.**

DANMÖRK „Forvarnir eru ein stærsta áskorun samfélags okkar á komandi árum,“ sagði Anders Fogh Rasmussen, forsætisráðherra Danmerkur, á blaðamannafundi. Þar kynntu hann og innanríkis- og heilbrigðisráðherrann Lars Lökke Rasmussen forvarnaáætlun sem flokkur þeirra hyggst hrinda í framkvæmd fái hann umboð kjósenda til að halda áfram um stjórnartaumana.

Danskir hagfræðingar hafa annars gefið lítið fyrir helsta kosningaloforð stjórnarflokkanna, sem gengur út á að fimmtíu milljörðum danskra króna, andvirði yfir 500 milljarða íslenskra, skuli varið í svonefndan „gæðasjóð“ á næstu tíu árum, en hann á að fjármagna bætta þjónustu í velferðarkerfinu.

„Þetta er einföld brella,“ hefur fréttavefur Politiken eftir Niels Blomgren-Larsen, hagfræðiprófessor við Copenhagen Business School. Það eina sem loforðið tryggi sé að fjárfestingar ríkisins í innviðum heilbrigðis- og skólakerfisins haldist í takt við hagþróunina á umræddu árabili.

Skoðanakannanir benda til að Venstre muni að mestum líkindum geta haldið völdum í félagi við núverandi samstarfsflokka, Íhaldsflokkinn innan stjórnar og Danska þjóðarflokkinn á þingi. Hátt hlutfall óákveðinna veldur þó mikilli óvissu um úrslitin. Allt að þriðjungur danskra kjósenda segist ekki vera viss um hvað þeir hyggist kjósa. Að því er greint er frá í Berlingske Tidende geta kjósendur sem gera ekki upp hug sinn fyrr en á síðustu stundu gert út um kosningarnar, það er hvort hægri- eða vinstriflokkarnir hljóti þingmeirihluta.

Þessi mikli fjöldi óákveðinna og það hve stutt er í kosningarnar – þær fara fram hinn 13. nóvember – veldur því að flokkarnir hafa nú sett allt á fullt til að vekja athygli á stefnumálum sínum og frambjóðendum. Þetta hefur meðal annars þær afleiðingar að á 59. þing Norðurlandaráðs, sem fer fram í Ósló í næstu viku, mæta ekki aðrir danskir þingmenn en þeir sem eru hvort eð er að hætta á þingi.

Hinir telja tíma sínum betur varið á kosningafundum.

audunn@frettabladid.is










BMW 5 línan
www.bmw.is
BMW
Sheer
Driving Pleasure
Það er búið að uppfæra hið fullkomna aksturstæki
Kynning á nýrri BMW 5 línu í dag frá kl.12-16
BMW 5 Series
Frumsýnum í dag nýjan BMW 5-línu með xDrive fjórhjóladrifi, nýju útliti og fjölda tækninýjunga. Opið er fyrir gesti í sýningarsal BMW á Grjóthálsi á milli 12-16.
Boðið verður upp á léttar veitingar. Einnig verður sérstök kynning á sparneytni nýju vélanna í BMW 5-línunni - einnig enn meira afl en áður.

FOLD FASTEIGNASALA

Viðar Böðvarsson
viðskiptafræðingur og löggiltur fasteignasali
Þjónustusími sölumanna eftir lokun 694 1401

Melabraut 21 - Seltjarnarnes
Opið hús laugardag frá kl. 14 – 15





Frum

Fallega teiknað parhús með bílskúr og aflokuðum garði. Á efri hæð eru tvö stór svefnherbergi og glæsilegt baðherbergi. Á neðri hæð er nýtt eldhús, stofa og sólstofa m/kamínu. Vönduð gólfefni. Rúmgóður bílskúr m/mikilli lofthæð. Húsið og garðurinn hefa verið mikið endurnýjað og eignin sérlega glæsileg. **Verð 49.0 millj. Glæsileg eign með frábæra staðsetningu.**

Laugavegi 170, 2. hæð • Opið virka daga kl. 9:00-17:00
Sími 552 1400 • Fax 552 1405 • www.fold.is • fold@fold.is

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**OMX ÍSLAND 15**
8.202 **+0,81%**

**Fjöldi viðskipta:** 629
**Velta:** 5.549 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **ATLANTIC PETROL.** | 9,78% | **365** | 2,55% |
| **SPRON** | 6,29% | **FLAGA** | 0,74% |
| **MAREL** | 2,00% | **EIK BANKI** | 0,59% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Atorka 11,22 +0,00% ... Bakkavör 66,00 +0,30% ... Eimskipafélagið 42,50 +1,92% ... Exista 33,25 +1,06% ... FL Group 24,70 +1,02% ... Glitnir 28,05 +1,26% ... Icelandair 26,60 +0,19% ... Kaupþing 1.126 +0,90% ... Landsbankinn 44,20 +0,46% ... Straumur-Burðarás 19,10 +0,53% ... Össur 103,50 +0,00% ... Teymi 6,36 +0,95%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# Nýr forstjóri


SÆVAR FREYR ÞRÁINSSON

Sævar Freyr Þráinsson verður forstjóri Símans frá næstu mánaðamótum. Hann tekur við starfinu af Brynjólfi Bjarnasyni sem framvegis einbeitir sér að móðurfélaginu Skiptum og fleiri tengdum félögum.

Sævar er 36 ára gamall fjölskyldumaður. Hann hefur starfað hjá Símanum frá árinu 1995 þegar hann lauk prófi í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands. Hann hefur setið í framkvæmdastjórn Símans undanfarin þrjú ár. Seinast var hann framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs en þar áður stýrði hann farsímasviði. Sævar situr einnig í stjórn nokkurra fyrirtækja í eigu Skipta, í Bretlandi, Noregi og Svíþjóð. Þriðjungshlutur í Símanum verður seldur almenningi og fjárfestum fyrir áramót. **- ikh**

# Töpuðu vegna óróans

**Hagnaður Kaupþings á þriðja ársfjórðungi var rúmir fjórtán milljarðar króna eftir skatta. Þetta er eilítið lakari afkoma en starfsfólk greiningardeilda hafði spáð. Forstjóri Kaupþings segir óróa á alþjóðlegum skuldabréfamörkuðum hafa haft áhrif á reksturinn.**


**FÓLK VÍÐSVEGAR Í EVRÓPU FYLGDIST MEÐ HREIÐARI MÁ SIGURÐSSYNI KYNNA UPPGJÖR KAUPÞINGS Í GÆR** Forstjóri Kaupþings sagði að innri vöxtur bankans hefði verið sextíu prósent milli þriðja ársfjórðungs 2006 og 2007. Þóknanatekjur hefðu vaxið um 75 prósent á sama tíma. FRETTABLAÐIÐ/GVA

Hagnaður eftir skatta á þriðja ársfjórðungi dróst saman um 59,3 prósent miðað við sama tímabil í fyrra. Meginskýringin á þessum mikla mun er 21.4 milljarða króna hagnaður vegna sölu og skráningar á hlut Existu í fyrra. Sé horft framhjá því eykst hagnaðurinn milli ársfjórðunga um þrjú prósent.

„Við höfum verið að tapa peningum á hækkandi vöxtum á íslenskum krónum og óróa á alþjóðlegum skuldabréfamörkuðum. Skuldabréfastöður okkar hafa verið að koma illa út á fjórðungnum. Þetta sýnir mikilvægi þess að vera með dreifða áhættu og fjölbreyttan rekstur,“ segir Hreiðar Már Sigurðsson, forstjóri Kaupþings. Af þeim sökum hafi bankinn náð að skila nítján prósenta arðsemi á eigin fé þrátt fyrir sveiflur.

Greiningardeild Glitnis bendir á að skuldatryggingaálag Kaupþings sé í sögulegu hámarki. Álagið er mælikvarði á kjör bankans á alþjóðamörkuðum. Þegar álagið hækkar verður dýrara að fjármagna starfsemina.

Hreiðar Már lagði í gær áherslu á að innlán bankans yrðu notuð í auknum mæli til að fjármagna starfsemina. „Það verður áhersla á aukin innlán. Við erum með litla endurfjármögnunarþörf á næsta ári svo við teljum okkur ekki þurfa að gefa út mikið af skuldabréfum á evrópskum markaði.“ Hann telur að álagið muni ekki haldast hátt næstu mánuðina.

Sé horft til fyrstu níu mánaða ársins jókst hagnaður eftir skatta um 31,3 prósent frá sama tímabili í fyrra og var rúmir sextíu milljarðar króna. Hreiðar Már segir fjárfestingaráðgjöf Kaupþings hafa gengið vel á þriðja fjórðungi. „Þetta er metfjórðungur þar. Við erum orðin mjög stór á Norðurlöndunum og það er aðeins einn annar norrænn banki sem hefur verið að vinna í jafn stórum viðskiptum það sem af er ári og Kaupþingssamstæðan.“

**bjorgvin@frettabladid.is**

### HAGNAÐUR Á HLUT Í KAUPÞINGI BANKA

| Tímabil | Upphæð |
|---|---|
| júl-sept 2007 | 19,6 kr. |
| júl-sept 2006 | 53,4 kr |

### AFKOMUSPÁR BANKANNA

**Spá um afkomu Kaupþings júl-sept.**

| | |
|---|---|
| Landsbankinn | 15,0 milljarðr kr. |
| Glitnir | 16,6 milljarðar kr. |
| Niðurstaða | 14,4 milljarðr kr. |

Sparisjóður Vestfirðinga

Stofnfjárútboð SPVF

Sparisjóður Vestfirðinga býður nú út nýtt stofnfé að nafnverði kr. 1.064.009.009. Farið er með útboðið skv. reglum um almennt útboð verðbréfa, en stofnfjáreigendur sem skráðir eru við upphaf útboðsins eiga forgangsrétt til áskriftar í samræmi við hlutfallslega eign sína, sbr. lög um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 og samþykktir sjóðsins.

Útboðstímabilið er 29. október.- 9. nóvember 2007 og fellur áskrift í eindaga 22. nóvember 2007. Verð hverrar krónu nafnverðs í útboðinu er kr. 1,044703 og er heildarverðmæti útboðsins því kr. 1.111.573.403. Heildarnafnverð stofnfjár fyrir hækkunina er kr. 301.170.383 og verður eftir hækkunina kr. 1.365.179.392, að því gefnu að allt seljist.

Umsjónaraðili útboðsins er Sparisjóðurinn í Keflavík og má nálgast lýsingu og önnur gögn sem tengjast útboðinu á heimasíðu Sparisjóðs Vestfirðinga www.spvf.is og í afgreiðslum hans frá og með 29. október 2007.

Sparisjóðsstjórn

visir.is
Fyrstur með fréttirnar

Verk og vit 2008



Stórsýningin Verk og vit
- íslenskur byggingariðnaður, skipulagsmál, mannvirkjagerð og orkumál í Laugardalshöllinni

Um **70%** sýningarrýmis seld

Opinn kynningarfundur

AP sýningar halda opinn kynningarfund í sal 1 í Laugardalshöllinni **þriðjudaginn 30. október nk. kl. 9:00** um stórsýninguna Verk og vit sem haldin verður **17.-20. apríl 2008.**

Boðið verður upp á léttan morgunverð.

Nauðsynlegt er að tilkynna þátttöku á verkogvit@appr.is eigi síðar en föstudaginn 26. október nk.

AP Upplýsingar um sýninguna er að finna á **verkogvit.is** eða í síma 511 1230.

AP almannatengsl / H2 hönnun

Samstarfsaðilar: Iðnaðarráðuneyti, Reykjavíkurborg, SI Samtök iðnaðarins, Landsbankinn, ÍSTAK

# Við opnum þér heiminn...


Iceland Express
www.icelandexpress.is

# með ánægju

Við erum **hagkvæm**. **Þjónusta** okkar er skilvirk við bókanir og persónuleg um borð. Við erum **sveigjanleg** og gerum allt sem í okkar valdi stendur til að gera ferðalagið **skemmtilegt**.

**Velkomin um borð!**

Iceland Express

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Ríkisstjórnarskipti í Póllandi:

## Heillaskref

AUÐUNN ARNÓRSSON SKRIFAR

Tveggja ára stormasamri valdatíð íhaldsflokksins Laga og réttar í Póllandi, sem tvíburabræðurnir Jaroslaw og Lech Kaczynski fara fyrir, lýkur þann 5. nóvember, en þá hefur forsætisráðherrann Jaroslaw Kaczynski boðað að ríkisstjórn hans muni biðjast lausnar. Það gerist í kjölfar þess að Lög og réttur tapaði í nýafstöðnum þingkosningum fyrir hinum borgaralega en öllu frjálslyndari flokki Borgaravettvangi, sem Donald Tusk fer fyrir.

Síðastliðið rúmt hálft annað ár hefur Jaroslaw verið forsætisráðherra (og næsta hálfa árið þar á undan stýrði hann ríkisstjórninni í raun, með lepp í forsætisráðherrastólnum) en Lech Kaczynski var kjörinn forseti Póllands skömmu fyrir þingkosningarnar 2005 og kjörtímabili hans lýkur ekki fyrr en árið 2010. Að eineggja tvíburar væru forseti og ríkisstjórnarleiðtogi þjóðar er einsdæmi í sögunni. En eftir þessi tvö ár tvíburaræðisins í einu fjölmennasta landi meginlands Evrópu var það orðið eins og gamall brandari, enda sýndi sig í kosningunum nú að flestir pólskir kjósendur voru búnir að fá nóg af því.

Segja má að stefna Kaczynski-stjórnarinnar hafi einkennzt af þjóðerniseinangrunarstefnu. Hún stýrði landinu í margháttaða árekstra við grannríki, einkum og sér í lagi Þýzkaland og Rússland. Þá átti stjórnin í stöðugum erjum við Evrópusambandið. Þessu olli ekki sízt heimóttarleg heimssýn hinna rammkaþólsku, rammandkommúnísku og rammþjóðernissinnuðu Kaczynski-bræðra, sem aldrei höfðu ferðast til útlanda þegar þeir komust til æðstu metorða.

En ekki bætti úr skák að Lög og réttur fékk tvo popúlíska jaðarflokka til að tryggja sér meirihluta á þingi. Annar þeirra, Bandalag pólskra fjölskyldna, er ofstækisþjóðernissinnaflokkur, og hinn er skrautleg blanda kaþólskrar þjóðernis-íhaldshyggju og vinstripopúlisma undir forystu hins óútreiknanlega Andrzej Lepper. Það kom ekki sérstaklega á óvart að stjórnarflokki Kaczynski-bræðra héldist ekki lengi á slíkum samstarfsfélögum. Í sumar lauk því samstarfi endanlega og þar sem flokkurinn sá þá ekki fram á að geta sem minnihlutastjórn komið sínum málum í gegnum þingið varð það úr að kosningum var flýtt. Þar sem efnahagsmálin standa sæmilega og tvíburunum hefur tekizt nokkurn veginn að viðhalda ímynd sinni sem baráttumönnum gegn spillingu, sem mjög er til vinsælda fallið, var ekki útséð um að Lög og réttur héldi völdum í kosningunum. En þegar nær dró kosningunum tók Borgaravettvangur afgerandi forystu og þegar talið var upp úr kjörkössunum reyndist hann hafa nær tíu prósentustigum meira fylgi en Lög og réttur. Fyrrverandi stjórnarsamstarfsflokkar Laga og réttar duttu út af þingi.

Donald Tusk er nú að mynda tveggja flokka stjórn með hófsömum bændaflokki. Tusk hefur þegar boðað að ríkisstjórn hans muni koma samskiptunum við grannríkin og Evrópusambandið í eðlilegt horf. Jafnframt muni hún einbeita sér að því að efla pólskt efnahagslíf til að skapa forsendur fyrir því að þær tvær milljónir landsmanna sem hafa yfirgefið heimaland sitt til að freista gæfunnar vestar í álfunni snúi heim og taki virkan þátt í uppbyggingunni. Ekki er því við öðru að búast en að þessi stjórnarskipti verði heillaskref, bæði fyrir pólsku þjóðina sjálfa og tengsl hennar við vinaþjóðir innan sem utan Evrópu.

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365
**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Björn Þór Sigbjörnsson, Kristján Hjálmarsson og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
issn 1670-3871

COME2 SCANDINAVIA





Á leið til Skandinavíu?

Við hjá Come2 Scandinavia aðstoðum þig að finna bestu verðin á flugi, gistingu, bílaleigubíl og annarri afþreyingu.

Erum með tvær stórar og rúmgóðar íbúðir á Vesterbrogade til leigu. Frábær lausn fyrir hópa og fjölskyldur.

Come2 Scandinavia, Vesterbrogade 17
1620 Kaupmannahöfn.

www.come-2scandinavia.dk - info@come2scandinavia.com - +45 33 25 64 25

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Veit hann hvað hann þáði?

Sagt var frá því í gær að Geir H. Haarde hefði hitt Benedikt XVI páfa í Páfagarði. Í tilefni komunnar færði Geir páfa nýútgefna íslenska þýðingu af Biblíunni með áritun biskups Íslands og íslenskan þríkross úr gulli.

Benedikt XVI þykir ekki frjálslyndasti páfinn sem uppi hefur verið og á fyrstu fimm mánuðum sínum í Páfagarði tókst honum meðal annars að herða afstöðu kaþólsku kirkjunnar gegn samkynhneigðum. Það er því spurning hvort hann viti hvað hann hafi verið að samþykkja með að fá nýja þýðingu af Biblíunni miðað við umkvörtunarefni „svartstakka“ í vikunni.



### Landbúnaðarhluti styrktur

Sérlegt áhugafólk um landbúnað hefur haft af því áhyggjur að landbúnaðurinn muni týnast í sameinuðu sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti. Áhyggjuraddirnar ættu eitthvað að hafa róast í gær þegar í ljós kom að Sigurgeir Þorgeirsson hefði verið skipaður ráðuneytisstjóri frá og með 1. janúar 2008. Sigurgeir þessi er framkvæmdastjóri Bændasamtaka Íslands og hefur gegnt því starfi frá því hann var aðstoðarmaður sjálfstæðisráðherrans Halldórs Blöndal á árunum 1991 til 1995. Sigurgeir ætti því að vera hæfur til að halda uppi merki landbúnaðar í sameinuðu ráðuneyti.



### Það var þá

Eitt sinn var það tíðin að Jóhann Páll Valdimarsson, líkt og aðrir minni aðilar á bókamarkaðnum, hafði áhyggjur af stærð Eddu og hvernig eitt forlag gnæfði yfir markaðinn. Sérlega beindust áhyggjur JPV að því að bækur JPV forlags týndust í útgáfuhafi Eddunnar. Hann hefur væntanlega engar slíkar áhyggjur í dag, en eins og fram kemur á heimasíðu Kristjáns B. Jónassonar, formanns Félags íslenskra bókaútgefenda, á risinn fjórðung af þeim 800 bókatitlum sem getið er í Bókatíðindum þessara jóla.

svanborg@frettabladid.is

# Frelsið til að elska



ELLERT B. SCHRAM
**Í DAG** | Hjónavígslur samkynhneigðra

*En hvað gerum svo við þessa blessaða fjölskyldu nema kljúfa hana í herðar niður í vinnu og streitu og firringu og kapphlaupi um gerviþarfir og enginn hefur tíma til að rækta ástina sem var kveikjan að hjónabandinu?*

Ég fór um síðustu helgi á ráðstefnu um hjónaband samkynhneigðra. Þar söng Páll Hjálmtýsson fallega um frelsið til að elska. Það var fallegur söngur. Það er í anda þess jafnréttis og frjálsræðis sem setur svip sinn á nútímann að frelsi til ástar og umhyggju sé sjálfsögð mannréttindi, án tillits til trúar, kynhneigðar eða sköpunar. Eiginlega þykir manni það eðlilegasti hlutur í heimi að allir standi jafnt gagnvart lögum og siðferði og við bindum okkur ekki á klafa bókstafstrúar, þegar spurt er hvort fólk geti stofnað til hjúskapar í krafti þeirrar ástar sem það ber hvert til annars.

Engu að síður hefur þetta vafist fyrir kirkjunnar mönnum, sem nú hafa fallist á að heimila blessun til staðfestrar samvistar eftir mikið japl og jaml og fuður. Það er spor í rétt átt. En af hverju er ekki skrefið tekið alla leið? Af hverju er kirkjan enn að halda sig við þá íhaldssemi að hjónabandið sé karls og konu?

Að samkynhneigðir séu enn óhreinu börnin hennar Evu? Þessir fordómar sæma hvorki þjóðkirkjunni né nútímanum. Hvort sem okkur líkar betur eða ver, þá er sumt fólk skapað á þann hátt, að það hneigist fremur að sínu kyni en hinu kyninu. Þetta fólk fellir ástarhug til annarrar manneskju, karls eða konu, án þess að mér komi það við, hvað þá kirkjunni eða löggjafanum. Erum við ekki öll sköpunarverk Guðs?

Þetta þref og þessi íhaldssemi er ennþá fáranlegri vegna þess að hjónaböndin eru á undanhaldi, bæði að vigt og viðgangi. Þau eru ekki sama alvaran, ekki sama ábyrgðin, ekki sama þungavigtin og áður fyrr.

**Útvatnað viðhorf**

Langt fram eftir öldum var algengast að foreldrar, einkum feðurnir, réðu til um maka barna sinna. Þá hafði það forgang að tengja saman ættir og auð og hjónaböndin voru nokkurs konar innsigli á samstöðu og samheldni. Fólk gifti sig til fjár eða félagslegra metorða. Viðgangur ættarinnar réði ráðahagnum.

Þessi viðhorf hafa útvatnast með árunum. Fólk ákveður að ganga í hjónaband vegna þess að það telur sig elska hvort annað. Og gerir það sjálfsagt oftast. Að minnsta kosti meðan það gengur upp að altarinu.

En ástin er hverful og heitin skammvinn. Af hverjum fimm hjónaböndum enda þrjú með skilnaði. Oftast eftir tiltölulega stutta sambúð.

Frelsið til að elska fær stundum á sig mynd í fallegu brúðkaupi ungra elskhuga. En í því brúðkaupi felst því miður ekki endilega eilíf ást. Það sanna dæmin og reynist mörgum erfitt að þola allt sem fylgir með í pakkanum: þola kæki og tiktúrur makans, ganga í gegnum basl og mótlæti, eiga skap saman, sætta sig við breytt útlit, eta saman, eldast saman. Já ganga til rekkju við hliðina á sömu manneskjunni kvöld eftir kvöld, í ár og áratugi. Það þarf sterk bein til að þola svona lífshlaup og það er ekki bara undir sjálfum þér komið heldur líka maka þínum og þegar allt er núna á auknum hraða, kröfurnar fleiri, hvatvísin meiri, þá er það ekki nema hinir þolinmóðustu einstaklingar, sem halda þetta út.

**Ekki alltaf endastöð**

Á hátíðisdögum er okkur tamt að tala um að fjölskyldan sé hornsteinn samfélagsins. En hvað gerum við svo við þessa blessaða fjölskyldu nema kljúfa hana í herðar niður í vinnu og streitu og firringu og kapphlaupi um gerviþarfir þannig að enginn hefur tíma til að rækta ástina sem var kveikjan að hjónabandinu? Og svo er fólk svipt því frelsi að fá að elska aðra, því það hangir á klafa heitstrenginga frammi fyrir Guði um eilífa ást til einnar tiltekinnar manneskju. Og sú manneskja þarf líka að halda sitt heit. Það þarf tvo til. Aldrei hef ég til dæmis skilið konu mína, hvernig hún heldur þessa sambúð okkar út, sem felst í því að hún eldar ofan í mig, þvær af mér og hlustar svo á mig hrjóta á kvöldin. Það er nú allt frelsið sem hún fær!!

Nei, auðvitað styð ég baráttu samkynhneigðra til að fá að ganga í hjónaband og fá sitt frelsi til að elska. Það er þeirra sjálfsagði réttur. En það er ekki alltaf sopið kálið, þótt í ausuna sé komið. Hjónabandið er ekki alltaf endastöð þess frelsis að fá að elska.

# Götunöfn í Reykjavík

**UMRÆÐAN**
Götunöfn



ÁSDÍS THORODDSEN

Í pistli í Fréttablaðinu 25. október („Nöfn segja sögu“) leggur Þorvaldur Gylfason til að fleiri götur verði kenndar við stórmenni þjóðarinnar en hingað til hefur verið gert, en leggur þó til að farið verði varlega í sakirnar, byrjað verði á því að breyta nafni Suðurlandsbrautar í Laxnessbraut.

Suðurlandsbraut heitir svo vegna tengsla við Suðurlandið, til að minna á ferðir bænda og búaliðs í kaupstað. Því til áréttingar stóð myndastytta eftir Sigurjón Ólafsson við þá braut þegar ég var að alast upp, það var að mig minnir hryssa með klyfjar og fylgdi folald.

Nefndin sú sem velur nöfn á götur í borginni hefur blessunarlega verið í tengslum við menningu þjóðarinnar hingað til; það hefur verið leitað til sagnaarfsins, þjóðsagna, örnefna um landið, skáldverka. Stórmennin hafa sjálf séð um að reisa sína minnisvarða, Halldór Laxness með bókum sínum. Þær eru orðnar sameign þjóðarinnar; því tel ég réttara að láta persónu Halldórs hvíla í friði en nefna þá heldur götur kenndar við persónur þær sem hann skapaði og eru hugfólgnar þeim sem lesa bækur hans.

Á þann hátt væri jafnframt hægt að gera almúgafólki hátt undir höfði, en eins og lesendur Halldórs vita leitaði hann til þess í skáldskap sínum, bæði hvað tungutakið varðar og yrkisefni. Þá yrðu ekki ófáar götur kenndar við kvenmenn, en samkvæmt þinni upptalningu telst engin þeirra í stórmennaflokki.

Þá væri enn hægt að halda í þá trú sem kannski er villa, að á Íslandi ríki meiri jöfnuður en víða um lönd. Jafnvel þótt að í sama blaði sé fyrirsögnin „Björgólfur Thór fái hálfan Hallargarðinn“, þar sem ætlunin er að tekið verði af opinberu svæði borgarbúa, þar sem þeir hafa komið saman meðal annars til að fagna þjóðhátíð, hálfur garðurinn til hans einkanota, svo að þar megi rísa safn um langafa hans sem telst í stórmennatölu.

*Höfundur er kvikmyndagerðarmaður.*



Skrautleg saman
HÚSASMIÐJAN
blómaval
ÍSLENSKA SIA.IS HUS 39424 10/07

# Frábær saman alla helgina í Skútuvogi

blómaval



Topplyklasett 44 stk. 1/4”-1/2”
5052304
Verð áður 6.999
Verð nú, 50% afsláttur

**3.499**



Hleðsluborvél Verto 14.4v
2 rafhlöður, taska
5245006
Verð áður 5.435
Verð nú, 45% afsláttur

**2.990**



Hitachi hleðsluborvél
14.4v, 2 rafhlöður 2.0 ah nicd,
ljós, bitasett, taska
5247233
Verð áður 24.999
Verð nú, 40% afsláttur

**14.990**

## Jólaljós og seríur

**30%**
afsláttur



Skúffurekki Raaco,
420x306x147cm, málmhliðar
5025358
Verð áður 3.299
Verð nú, 45% afsláttur

**1.799**



Lyklasett Toolux 11 stk. 6–22 mm
5099145
Verð áður 2.699
Verð nú, 63% afsláttur

**999**

## Búsáhöld

**30%**
afsláttur





Tilboðin gilda aðeins laugardag og sunnudag í Skútuvogi.

# Dagskrá laugardagsins

| | |
|---|---|
| Kl. 9.00 | Jólalandið opnað |
| Kl. 13.00 | Tóti tannálfur og Hurðaskellir |
| Kl. 14.00 | Tóti tannálfur og Hurðaskellir |
| Kl. 15.00 | Jógvan |
| Kl. 16.00 | Tóti tannálfur og Hurðaskellir |
| Kl. 16.20 | Gunni og Felix kveikja á jólatrénu |

**Kynnir:** Gunnar Helgason leikari







# Jólalandið opnað í dag!







Ókeypis pylsur
á milli kl. 12–13

Heitt súkkulaði
og kaka á 190

Emmessís
á 10 kr.
um helgina

HÚSASMIÐJAN

Verð
**199**
Quality Street
675 g
Takmarkað magn!
1 dós á fjölskyldu






MAÐUR VIKUNNAR

# Hrókur alls fagnaðar

Duna – Guðný Halldórsdóttir - ólst upp á mörkum þriggja heima: hún var stelpa úr Dalnum, gusaðist í kringum hross og gróðurhús í þeirri sérkennilegu byggð sem Mosfellssveitin var, hún naut fágaðrar evrópskrar menntunar í föðurgarði og var eftir unglingsár lifandi kraftur meðal ungs fólks í Reykjavík – mussuárunum sem hún hefur oft gert grín að og tekur fyrir á sinn hátt í Veðramótum, kvikmynd sinni sem hlaut ellefu tilnefningar til Edduverðlaunanna núna í vikunni.

Guðný hefur alla tíð verið hrókur alls fagnaðar. Henni finnst gott að fá sér í tána, eins og hún segir. Hún er trygglynd kona að eðlisfari, bæði á fjölskyldu sína, stóran vinahóp og samstarfsmenn sem hafa sumir fylgt henni í gegnum þykkt og þunnt á barningssömum starfsferli hennar sem kvikmyndagerðarmanns. Eins og títt er um þá sem njóta sín í mannfagnaði er Guðný með afbrigðum fyndin og skemmtileg þegar sá gállinn er á henni. Skopskyn hennar byggir ekki aðeins á fjölskrúðugu og skörpu máli, heldur einstakri sýn á kátlegheit í hversdagslegu amstri okkar, tepruskap og ósmekklegheitum eins og oft má sjá í myndum hennar. Þótt háð hennar sé oft hvasst og meitlað er það undir niðri kynt af ást á manneskjunni, lífssýn sem er húmanísk í eðli sínu og sækir hún þar bæði til föður síns og móður. Oft getur hún verið ófyrirleitin og fer fram úr sér bæði í dómum og fyrirgangi en hefur þann kost að geta beðið sér friðar og kann að biðjast afsökunar fari hún of langt.

Guðný er atorkukona til verka og fylgir þar verklagi og verkhugsun sem ættuð er úr íslensku bændasamfélagi. Hún vill að unnið sé hratt og verkin kláruð og vílar ekki fyrir sér að láta menn heyra ef henni mislíkar. Hreinskilni hennar og skörp sýn á breytni sem henni mislíkar kemur henni oft í bobba. Fólk fyrirgefur henni þó auðveldlega sökum þess hve mál hennar er lifandi og gleðilegt þeim sem til heyra bæði í raddblænum og orðavali.

Guðný varð til á unga aldri sem kvikmyndagerðarmaður. Vinnulag við kvikmyndir hentar í raun geðslagi hennar prýðilega. Hún var skóluð í vinnubrögðum þýska kvikmyndaiðnaðarins og breska skólanum og var því þess umkomin að geta lagt sitt til margra verka í þröngum stakki íslenskrar kvikmyndagerðar. Hún hefur unnið sem sendill, skrifta, aðstoðarleikstjóri, framleiðandi og handritshöfundur. Guðný segir íslenskan kvikmyndaiðnað standa svo að höfundi sem henni sé einungis fært að gera langa leikna mynd á þriggja ára fresti. Þess á milli verði að þreyja þorrann og góuna. Ferill hennar í kvikmyndagerð spannar nú 35 ár og haldi áfram sem horfir verður hún allra kerlinga elst í íslenskri kvikmyndagerð þegar yfir lýkur og þá búin að hlaupa af sér sveitir karlmanna.

## GUÐNÝ HALLDÓRSDÓTTIR



## ÆVIÁGRIP

Guðný Halldórsdóttir er fædd 23. janúar 1954 í Reykjavík. Hún er dóttir Auðar Sveinsdóttur og Halldórs Laxness og á þrjú systkini, en ólst upp með eldri systur, Sigríði, í Mosfellssveit. Guðný á ættir að rekja í Kjósina, vestur í Breiðafjörð og á Eyrarbakka. Hún átti óvanalega skólagöngu; sótti grunnskólanám í skóla í Sviss, Mosfellssveit og Reykjavík. Hún stundaði nám við Menntaskólanum við Sund og var um tíma í námi í handavinnudeild Kennaraháskólans. Afskipti hennar af kvikmyndagerð hófust þegar þýskar sjónvarpsstöðvar stóðu að tökum á Brekkukotsannál eftir föður hennar árið 1972, en Guðný var sleip í þýsku. Hún stóð að kvikmyndun Lilju ásamt Hrafni Gunnlaugssyni og Jóni Þór Hannessyni og starfaði um hríð hjá Ríkissjónvarpinu, meðal annars við kvikmyndun Paradísarheimtar 1978, áður en hún fór til náms í kvikmyndaleikstjórn hjá London International Film School í London á árunum 1981 til 1983. Heim komin sneri hún sér að kvikmyndagerð og hefur starfað við það síðan, sem handritshöfundur, framleiðandi og leikstjóri. Hún stofnaði kvikmyndafélagið Umba 1983 ásamt fjórum öðrum konum. Eftir Guðnýju liggja nokkrar kvikmyndir í fullri lengd; síðast Veðramót, en áður Ungfrúin góða og húsið, Stella í framboði, Karlakórinn Hekla og Kristnihald undir Jökli. Hún var framleiðandi og handritshöfundur myndanna Stella í orlofi og og Skilaboð til Söndru.

Guðný hefur verið virk í félagsmálum, bæði á vettvangi sveitarstjórnar í heimahéraði sínu, Mosfellsbæ, þar sem hún sat í bæjarstjórn í átta ár, og á vettvangi kvikmyndaiðnaðarins hér heima og víða erlendis. Hún hefur setið í dómnefndum kvikmyndahátíða og Evrópsku kvikmyndaverðlaunanna. Hún er gift Halldóri Þorgeirssyni framleiðanda og eiga þau einn son, Halldór.

## HELSTA AFREK

Guðný hefur haldið út í íslenskum kvikmyndaiðnaði í hartnær fjóra áratugi í eigin fyrirtækjum, sem er talvert afrek þar sem langflestir þeirra sem hófu störf á sama tíma hafa flúið úr iðnaðinum.

AF NETINU

### Takmarkar ekki aðgengi

Á Íslandi er sala skotvopna í höndum einkaaðila. Sama á við í Bandaríkjunum. Er aðgengi að skotvopnum sambærilegt á Íslandi og í Bandaríkjunum? Auðvitað ekki, því hér höfum við valið að setja strangar reglur um sölu skotvopna. Sama getum við að sjálfsögðu gert um áfengi.
ÁTVR takmarkar ekki aðgengi að áfengi. ÁTVR hefur dembt áfengi inn á bensínstöðvar um allt Suðurland, þótt afskekktari búðir hafi hvívetna verið í boði. ÁTVR er með útsölur í fjölförnustu verslunarmiðstöðvum. Hvernig samrýmist það markmiði um takmörkun á aðgengi að áfengi? Fulltrúi Lýðheilsustöðvar mælti í útvarpinu í gærmorgun meira að segja með óbreyttu sölukerfi vegna þess að aðgengi að áfengi væri nú þegar mjög gott!?! Hver eru þá rökin fyrir óbreyttu ástandi?

**Árni Páll Árnason**
arnipall.is

### Almannatengsl

Bezta slagorð síðustu áratuga er: „Toyota tákn um gæði“. Það stuðlar vel. Versta slagorð síðustu áratuga er „Ford nýtt tákn um gæði“. Það átti að vera viðbrögð við fyrra slagorðinu. Stuðlar ekki. Enn verra er, að Ford birti auglýsingu sína í formi kveðju til „strákanna á Toyota“. Ég held, að auglýsingar Ford á Íslandi séu í höndum bjána, sem ekki hafa vaxið upp úr fótbolta „strákanna“.

**Jónas Kristjánsson**
jonas.is

### Aðstoðarmaðurinn

Orðið er með svaka skúbb núna.
Bolli Thoroddsen er aðstoðarmaður forstjóra Actavis.
Orðið bendir á tengingar við Heilbrigðisráðherra Guðlaug Þór.
Bolli er ágætlega menntaður verkfræðingur, en ég þekki einmitt nokkra verkfræðinga sem starfa hjá Actavis. Ég er nokkuð viss um að þeir séu allir með einhvers konar yfirmanns titil hjá fyrirtækinu.
Spurningin er því kannski frekar, afhverju er Bolli bara aðstoðarmaður? Hafi þetta átt að vera einhver fyrirgreiðsla, hefði hann væntanlega fengið eitthvað bitastæðara.

**Tómas Hafliðason**
eyjan.is/goto/tomash/

### Ánægjulegt

Staða Samfylkingarinnar hefur gjörbreyst undanfarið misseri. Fyrir hálfu ári var flokkurinn í stjórnarandstöðu á þingi og í minnihluta í borgarstjórn. Nú er Samfylkingin í ríkisstjórn og í meirihluta borgarstjórnar með borgarstjórnarstólinn í sínum höndum. Reyndar er það mjög ánægjulegt að vita til þess að Samfylkingin er ekki einungis í ríkisstjórn heldur einnig í meirihluta í þremur af fjórum stærstu sveitarfélögum landsins.

**Ágúst Ólafur Ágústsson**
agustolafur.blog.is

# Í hverju fælist ósigurinn?

**UMRÆÐAN**
Eigendafundur
Orkuveitunnar



BJÖRN INGI HRAFNSSON

Pólitískt hópslys, kallar tímaritið Mannlíf þá katastrófu sem borgarstjórnarflokkur Sjálfstæðismanna leiddist út í. Þar er mörgum og áleitnum spurningum ósvarað,“ skrifaði Hrafn Jökulsson í dálki sínum í Viðskiptablaðinu í gær. Og hann bætti við: „Sú áhugaverðasta er: Hvað dreif fólk áfram? Það dugir ekki að vísa í hugsjónir um að opinber fyrirtæki eigi ekki að makka á einkamarkaði. Sjálfstæðismenn stofnuðu REI.“

Er þetta ekki einmitt kjarni málsins? Á leiðarasíðu Fréttablaðsins á miðvikudag, bendir Jón Kaldal, ritstjóri Fréttablaðsins, einmitt á þetta og rifjar upp gömul og ný ummæli Illuga Gunnarssonar, þingmanns Sjálfstæðisflokksins, máli sínu til stuðnings. Upprifjunin er eðlileg og í raun mætti bæta við spurningum: Af hverju taldi Sjálfstæðisflokkurinn það í lagi fyrir stuttu síðan að fara í útrás á sviði orkumála, en telur það ekki lengur? Hvað hefur breyst síðan félagi minn í stjórn Orkuveitunnar og þáverandi stjórnarformaður, Guðlaugur Þór Þórðarson, tilkynnti að vegum REI yrði farið í útrás ásamt einkaaðilum? Hvað hefur breyst síðan þáverandi borgarstjóri, Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, skrifaði undir viljayfirlýsingu um samstarf á sviði jarðhitamála í Djíbútí? Eða er ætlunin að halda því fram nú að þetta hafi aðeins verið umboðslausir menn?

Þorsteinn Pálsson, hinn ritstjóri Fréttablaðsins, fjallar um sömu álitaefni í forystugrein í gær. Gerir ritstjórinn því skóna í niðurlagi sínu að í þessum málum sé uppi slíkur grundvallarágreiningur millum Framsóknarflokks og Vinstri grænna í borgarstjórn að ósamrýmanlegt sé án einhvers meiriháttar uppgjörs. Með öðrum orðum: Niðurstaða náist ekki í málinu nema annaðhvort ég eða Svandís Svavarsdóttir lúti í gras, svo notað sé tungutak ritstjórans sem er auðvitað alvanur skylmingum á hinum pólitíska velli, sem fyrrverandi forsætisráðherra og formaður Sjálfstæðisflokksins.

Við þessa fullyrðingu er ýmislegt að athuga. Góð samstaða hefur verið í borgarstjórn Reykjavíkur um útrás í orkumálum. Þar hefur enginn ágreiningur verið milli Framsóknarflokksins og Vinstri grænna. Ekki heldur við Samfylkingu eða F-lista. Og þar til nú heldur ekki við Sjálfstæðisflokkinn, eða að minnsta kosti ekki við Orkuveituarm hans.

Deilan snýst um sameiningu REI og einkafyrirtækisins Geysir Green Energy og hvernig staðið var að henni. Nýr borgarstjórnarmeirihluti ákvað að taka á þessum álitaefnum af festu og fumleysi. Í fyrsta sinn í Íslandssögunni var stofnuð þverpólitísk nefnd til að skoða aðdraganda málsins og fá allar staðreyndir upp á borðið. Hvað hefur oft verið talað um slíkar nefndir, en ekkert orðið úr? Öll þessi vinna var sett af stað af heilindum og í því skyni að eyða tortryggni og auka traust. Ljóst er, að komi upp efasemdir um lögmæti undirbúnings og vinnubragða í samrunaferlinu verður að taka þau mál upp aftur. Sjálfur hef ég stungið upp á því að endurtaka eigendafund til að eyða vafa um fundarboðun og umboð borgarstjóra í málinu. Af sjálfu leiðir að þær ákvarðanir sem þar voru teknar, sæti þá að sama skapi endurskoðun og umræðu í samfélaginu.

Orkuveita Reykjavíkur er sameign stórs hluta almennings í þessu landi. Það að hún fái að njóta vafans er sjálfsagt mál og í því er enginn ósigur fólginn fyrir mig, enda sannfæringin um möguleikana í útrásinni enn til staðar og raunar sem aldrei fyrr. Miklu fremur mætti halda því fram að í því felist enn frekari vísbending um að ég hafi ekkert að fela í málinu, en sé tilbúinn að skoða það frá öllum hliðum.

Ósigurinn sem hefði fylgt því að fylgja ekki sannfæringu sinni, heldur keyra málið áfram og selja strax hlut almennings í REI til að lægja innbyrðis öldur í sundruðum borgarstjórnarflokki Sjálfstæðisflokksins hefði hins vegar verið stór og sársaukafullur.

Enda kom hann aldrei til álita.

Og því fór sem fór.

*Höfundur er formaður borgarráðs.*

## AF NETINU

### Mannréttindi fyrir suma?

Ég varð hugsi eftir að hafa horft á Kompás þann 23. október síðastliðinn. Þar var fjallað um 45 ára þroskaheftan mann sem velkst hafði um í kerfinu frá barnsaldri en hvergi fengið viðeigandi meðferð. [...] Stóra spurningin er, hvers vegna hefur ástandið ekki batnað með vaxandi velmegun í samfélagi okkar? Úrræðaleysið virðist mest gagnvart þeim hópum sem erfitt eiga með að berjast sjálfir fyrir réttindum sínum. Eigum við erfiðara með að setja okkur í spor þeirra sem minna mega sín eftir því sem okkur gengur betur?

**Guðrún Birna le Sage Fontenay**
politik.is

### Hvort er það?

Og mitt í allri umræðunni um mikilvægi þess að fela áfengi fyrir hinum almenna manni opnaði ÁTVR nýjan og glæsilegan vef. Í kynningu á vefnum segir: „Hefur þú leitað í vörulistanum? Hjálparleitin í vörulistanum auðveldar þér leitina, allt frá því að finna vínið með matnum, eða jafnvel finna bjórinn frá uppáhalds landinu þínu.“ [...] Ríkið sem vill vernda Íslendinga fyrir víninu býður auðvitað upp á „hjálparleit“ til að auðvelda þeim að finna rétta vínið. Skál.

**Vefþjóðviljinn**
andriki.is


*Norrænt eldhús* – endurspeglar árstíðina



**SpHún**

**Stofnfjárútboð SpHún**

Sparisjóður Húnaþings og Stranda býður nú út nýtt stofnfé að nafnverði kr. 1.230.211.237. Farið er með útboðið skv. reglum um almennt útboð verðbréfa, en stofnfjáreigendur sem skráðir eru við upphaf útboðsins eiga forgangsrétt til áskriftar í samræmi við hlutfallslega eign sína, sbr. lög um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 og samþykktir sjóðsins.

Útboðstímabilið er 29. október.- 9. nóvember 2007 og fellur áskrift í eindaga 22. nóvember 2007. Verð hverrar krónu nafnverðs í útboðinu er kr. 1,044703 og er heildarverðmæti útboðsins því kr. 1.285.293.429. Heildarnafnverð stofnfjár fyrir hækkunina er kr. 19.599.410 og verður eftir hækkunina kr. 1.249.810.647, að því gefnu að allt seljist.

Umsjónaraðili útboðsins er Sparisjóðurinn í Keflavík og má nálgast lýsingu og önnur gögn sem tengjast útboðinu á heimasíðu Sparisjóðs Húnaþings og Stranda www.sphun.is og í afgreiðslum hans frá og með 29. október 2007.

**Sparisjóðsstjórn**

VENDU ÞIG VIÐ GÆÐI – VENDU ÞIG VIÐ EIRVÍK




Kraftmiklar ryksugur fyrir öll heimili

Miele ryksugurnar eru traustar og kraftmiklar. Þær eru með stillanlegu röri og mikið úrval fylgihluta er fáanlegt með vélini.

**Verið velkomin í glæsilegar verslanir Eirvíkur á Akureyri og í Reykjavík og kynnið ykkur Miele ryksugurnar.**

**Verð frá kr.: 15.990**

www.eirvik.is

EIRVÍK -hágæðaheimilistæki

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Baldursnes 6, Akureyri | Sími 588 0200

# Tíðarandi eða manneskjur?

Í Dagbók **Þráins Bertelssonar** er sagt frá ókostum þess að geta ekki brennt þá sem eru manni ósammála, fjallað um nýja biblíuþýðingu, greftrunarsálm frá Titanic, málamiðlun um mannréttindi, rigningu og rok, matvæli handa múmíum og raunasögu frá öldinni sem leið.



## KÆRA DAGBÓK

**Þráinn Bertelsson skrifar**

**FÖSTUDAGUR, 19. OKTÓBER.**

### Brennandi deiluefni

Það er ekki vandalaust að vera kirkjuhöfðingi nú til dags og þurfa að taka tillit til alls konar sjónarmiða frá mannskap sem hægðarleikur hefði verið að drekkja eða brenna meðan kirkjan var og hét.

Ný biblíuþýðing og kirkjulegar hjónavígslur samkynhneigðra eru málefni sem búast má við að reyni heilmikið á kristilegt umburðarlyndi og náungakærleika þjóðarinnar.

Það er ekki á mínu færi að hafa skoðun á guðfræðilegum og kirkjupólitískum áhrifum nýrrar biblíuþýðingar, hins vegar vona ég að málfarið á þýðingunni sé tært og tignarlegt.

Um siðaskipti hafði biblían jafnmikil áhrif á þróun íslenskrar tungu og allir fjölmiðlar samanlagt hafa á okkar tímum. Vægi biblíunnar í þróun íslenskunnar hefur að sjálfsögðu minnkað í aldanna rás eftir því sem framboð hefur aukist á öðru lesmáli og með tilkomu fjölmiðla.

Samt verður fróðlegt að sjá hvort orð eins og „bifreið“ eða „fjallabíll“ er komið í staðinn fyrir „fénað“ náungans sem maður á ekki að girnast samkvæmt tíunda boðorðinu. „Fénaðurinn“ var ekki kominn til sögunnar þegar ég lærði boðorðin heldur var mér kennt að girnast ekki „asna“ hans né „ambáttir“ og „þræla“ sem nú eru orðin að „fénaði“, „þernum“ og „þjónum“ – og verða brátt að „einkaþotum“ og „einkariturum“.

Burtséð frá pólitískum rétttrúnaði eru biblía og sálmabók ennþá hornsteinar íslenskrar tungu og verða það þar til Titanic-söngurinn „My Heart Will Go On“ eða „Candle In the Wind“ taka við af greftrunarsálmi Hallgríms Péturssonar „Allt eins og blómstrið eina“ sem hinsta kveðja Íslendinga.“

Að móast við því að vígja tvo karla eða tvær konur saman í hjónaband er jafnfáránlegt og að halda því fram að konur sem eru komnar úr barneign eða ófrjóir einstaklingar hafi þar með glatað rétti sínum til að ganga í hjónaband.

Það er ólíklegt að samkynhneigðir hafi áhuga á einhvers konar undanþágum eða málamiðlunum af hálfu kirkjunnar heldur er þetta spurning um hvort virða beri jafnan rétt hvers einstaklings án tillits til kynferðis eða kynhneigðar.

Hvað sem þessu líður er óendanlega miklu skemmtilegra að heyra þrasað um biblíuna en GGE og REI.

**LAUGARDAGUR, 20. OKTÓBER.**

### Skemmtilegur bloggari

Einn af mínum uppáhaldsbloggurum heitir Kári Harðarson og er sjálfstæður í hugsun og vel ritfær svo að það er ævinlega gaman að lesa það sem hann hefur til málanna að leggja. Núna fjallar hann td. um ofurtolla á iPod sem sumir kalla hlaðvarp og segir m.a.:

„Þegar iPod er orðinn dýrari en iPhone þá er það eins og að krókódíllinn sé fimm metrar frá haus aftur á hala en sex metrar frá hala fram á haus...

Ég krefst skýringa: hvað er svona merkilegt við tónlistarspilara á Íslandi að þeir skuli verða fyrir þessum ofurtollum sem tíðkast hvergi annars staðar? Af hverju kostar 13 þúsund króna spilari 32 þúsund heima?

Til að bíta höfuðið af skömminni er þessi flokkunarárátta algerlega úreld. Myndavélin mín getur sýnt video og síminn minn getur spilað MP3. Þeir gætu viljað flokka bifreiðar sem MP3 spilara, því flestir geta þeir spilað geisladiska í MP3 formatti núna, það er hætt við að bílverð myndi hækka við það...“



**SUNNUDAGUR, 21. OKTÓBER.**

### Að tíma að gera góða hluti

Forbrydelsen, danski framhaldsþátturinn á sunnudagskvöldum, er kærkomin afþreying í Ríkissjónvarpinu. Fer vel af stað.

Getuleysi íslenskra sjónvarpsstöðva til að búa til frambærilegt leikið efni felst fyrst og fremst í því að stöðvarnar tíma ekki að panta almennileg handrit frá höfundum sem kunna á miðilinn, þess í stað er beðið eftir því að ódýr handrit berist utan úr bæ – og árangurinn þekkja allir.

Auðvitað geta íslenskar sjónvarpsstöðvar framleitt jafnskemmtilega þætti og þær erlendu. Þetta er bara spurning um metnað og virðingu fyrir áhorfendum.

**MÁNUDAGUR, 22. OKTÓBER.**

### Matvæli handa múmíum

Rigning og rok. Nú vantar bara myrkrið til að þetta sé fullkomið skítaveður en það kemur bráðum, skammdegið nálgast.

Á meðan ég var að kaupa í matinn til vikunnar fór ég að velta fyrir mér þeim dásemdum sem nútímamaðurinn býr við að geta fengið keyptar vörur frá öllum heimshornum, varning sem aðeins kóngar og keisarar á miðöldum höfðu tök á að veita sér. Á móti kemur sú furðulega öfugþróun að eftir því sem samgönguhraðinn vex virðist verða erfiðara að verða sér úti um ferska matvöru.



Mestallur matur á borðum okkar á að baki langan feril hjá risavöxnum matvæla- og dreifingarfyrirtækjum. Sífellt þarf maður að vera á verði gagnvart því að láta ekki eitra fyrir sér með margvíslegum varðveisluefnum sem sprautað er í eða yfir matvæli eins og þau séu ekki ætluð lifandi fólki heldur múmíum til að forða þeim frá rotnun.



Eini uppskerutíminn sem allir Íslendingar þekkja og hlakka til er á haustin þegar fyrstu kartöflurnar koma á markað. Nú á tímum ætti að nota Netið til þess að gera bændum og trillukörlum kleift að selja ferska framleiðsluvöru, auk þess sem stórverslanir ættu að leggja metnað í að hafa nýmeti á boðstólum og vekja sérstaka athygli á nýjum uppskerutegundum og ferskri og óspilltri matvöru hvort sem hún er „lífrænt ræktuð“ eður ei.

**ÞRIÐJUDAGUR, 23. OKTÓBER.**

### Meirapróf og MBA-gráður

Það þykir fréttnæmt að rútubílstjóri frá Keflavík er meðal tólf umsækjenda um starf ráðuneytisstjóra í sjávarútvegsráðuneytinu. Nú þekki ég ekki þennan rútubílstjóra en það er mikil bjartsýni að halda að án háskólamenntunar eigi aðrir en atvinnustjórnmálamenn og nánustu gæðingar þeirra aðgang að háum embættum í okkar óspillta stjórnkerfi þótt það sé að sínu leyti lofsvert að gera þroskaheftan mann að sendiherra.

Ekki þar fyrir, ef ég kæmist í klípu vildi ég ekki síður reiða mig á mann með meirapróf en MBA-gráðu.

**FIMMTUDAGUR, 25. OKTÓBER.**

### Breiðavíkurdrengur og tíðarandi

„Breiðavíkurdrengur“ heitir merkileg bók sem ég var að lesa, hún er skráð af Páli Elísyni og Bárði Ragnari Jónssyni og fjallar á hrífandi, einlægan hátt um hlutskipti drengs sem tekinn var af heimili sínu og vistaður í drengjafangelsinu Breiðavík. Þetta var árið 1963. Páll var tíu ára gamall.

Sumir vilja meina að einhver óáþreifanlegur „tíðarandi“ beri ábyrgðina á þeirri svívirðilegu meðferð sem Breiðavíkurdrengir og fleiri skjólstæðingar hins opinbera urðu að þola á þessum tíma.

Það er ekki rétt. Fyrir hálfri öld vissu menn nákvæmlega jafnvel og núna að það er glæpur að misþyrma börnum. Það eru vondar manneskjur sem bera ábyrgðina – ekki tíðarandinn. Hinar vondu manneskjur sem Breiðavíkurdrengirnir lentu hjá voru starfsmenn íslenska ríkisins – sem vonandi hefur núna náð þeim þroska að biðjast afsökunar á framferði starfsmanna sinna.




Lambakjöt
Fagnaðu Vetri konungi
með íslenskri kjötsúpu
Komdu á Skólavörðustíginn fyrsta vetrardag
Kaupmenn og verslanir bjóða gestum og gangandi
í ilmandi íslenska kjötsúpu **í dag á milli 14 og 16**
Gerðu það að hefð að elda kjötsúpu á fyrsta vetrardag. Kjötsúpa er réttur sem treystir fjölskyldu- og vinabönd. Eldaðu kjötsúpu í stórum potti og bjóðu í vini og vandamenn. Heilsaðu vetri með ilmandi kjötsúpu.
Margir eiga uppskrift að kjötsúpu frá mömmu eða ömmu en svo er hægt að fá uppskrift á www.lambakjot.is.
www.lambakjot.is

**POPPGOÐIÐ SIMON LE BON ER 49 ÁRA Í DAG**

*„Við vorum fimm gagnkynhneigðir og myndarlegir menn sem stofnuðum hljómsveit í þeim tilgangi að komast í tæri við fallegar stelpur. Og við kepptum innbyrðis um kynþokkafyllstu stúlkurnar... Ég vann.“*

***Simon Le Bon, söngvari Duran Duran, töfraði kvenhjörtu heimsins á níunda áratug síðustu aldar. „Vinningurinn“ var breska fyrirsætan Yasmine. Þau hjón eiga þrjár dætur.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST 27. OKTÓBER 1955:**

## *Laxness fær Nóbelinn*

Það var fyrir 52 árum að Halldór Kiljan Laxness tók við Nóbelsverðlaunum úr hendi Gústavs VI Svíakonungs. Prófessor Elias Wessén kynnti íslenska skáldið í stuttri ræðu og komst svo að orði að enn væru Íslendingar mestir norrænna bókmenntaþjóða.



Í þakkarræðu sinni fjallaði Halldór um bókmenntir á Íslandi að fornu og nýju en eftirtektarverðar þóttu þakkir hans til þeirra mörgu sem gerðu honum kleift að verða rithöfundur. Snerti marga þakklæti Halldórs til Guðnýjar Klængsdóttur, ömmu sinnar, sem á uppvaxtarárum Halldórs var búsett á heimili foreldra hans í Laxnesi í Mosfellsdal, en gamla konan hafði mikið af uppeldi drengsins að segja. Þakkaði Nóbelskáldið henni fyrir allar vísurnar og kveðskapinn sem hún kenndi honum áður en hann varð læs, en ekki síst samlíðan með hinum snauðu og smáu sem hann hefði síðan reynt að hafa í öndvegi lífs síns.

GUÐFINNA S. BJARNADÓTTIR: FAGNAR HÁLFRAR ALDAR AFMÆLI SÍNU Í DAG

# Bara farin að eldast í spegli

„Ég upplifi þessi tímamót til að staldra við og líta yfir farinn veg; velta fyrir mér tilgangi lífsins á dýpri nótum, en einnig til að horfa fram á veginn,“ segir Guðfinna S. Bjarnadóttir alþingismaður sem í dag stendur á fimmtugu.

„Það skiptir svo miklu að vanda sig að lifa, nýta vel tækifæri og þroskast. Þegar ég var yngri hélt ég að maður ætti að vinna í veikleikum sínum til að verða betri, en eftir því sem ég eldist hef ég sannfærst um að maður eigi fyrst og fremst að vinna með styrkleika sína,“ segir Guðfinna sem er fædd og uppalinn Keflvíkingur, en fjölskylda hennar kallaðist „fólkið úr Garðshorni“.

„Ævi mín hefur verið ótrúlega skemmtileg og viðburðarík. Ég er að eðlisfari bjartsýn og hef tamið mér að vera þeim megin í lífinu. Mér leiðist þras og smáatriði sem engu skipta,“ segir Guðfinna, sem upplifir sig enn sem unga konu þótt árin séu orðin fimmtíu.

„Einu skiptin sem ég get aðeins samþykkt að ég sé farin að eldast er þegar ég sé sjálfa mig í spegli, og ég er ekki mikið í speglinum,“ segir hún hlæjandi. „Mér finnst ég enn vera mjög ung, eiga fullt eftir í þroskanum og lít á mig áfram í því námi sem lífið er. Það er gott að verða fimmtug þar mætast kraftur og þor reynsla sem leyfir manni sterka stöðu í lífinu,“ segir Guðfinna, sem í sumar uppgötvaði golf.



**FIMMTUG OG LEIKUR FSÉR** Afmælisdeginum eyðir Guðfinna með kærastanum í dekri og golfi á Spáni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Það er alveg nýtt fyrir mér að kunna að leika mér og mér finnst það ekki leiðinlegt. Ég er auðvitað nýliði en búin að ná einhverjum tökum og því var óskaafmælisgjöfin mín golf- og dekurferð til Spánar með kærastanum til þrjátíu ára. Á hótelinu er auk golfvallar boðið upp á alls kyns nudd, afslöppun og dekur, en það var einmitt draumurinn minn; að hugleiða og taka stöðuna á því hvar ég er stödd,“ segir Guðfinna á þessu mikla tímamótaári, en í haust tók hún sæti sem þriðji þingmaður Reykjavíkur-norður á Alþingi Íslendinga.

„Ég lagði upp með að þetta yrði tímamótaár og endurstokka lífið. Ég veit að frumkvöðlar eiga ekki að hanga á starfi sínu heldur leyfa öðrum að taka boltann, breyta til og gera eitthvað alveg nýtt. Golfið er mér nýtt, ég lauk starfi mínu fyrir HR, háði kosningabaráttu og náði kjöri og starfa nú sem alþingismaður í fyrsta sinn,“ segir Guðfinna og neitar því að lífið sé flókið.

„Mér finnst lífið aldrei flókið. Lífið er svo dýrmætt og öllum hollt að staldra við og meta stöðu sína. Það er einmitt það sem ég ætla að gera á mínum tímamótum.“ **thordis@frettabladid.is**



## 70 ára afmæli

**Ég undirritaður þakka öllum þeim sem glöddu mig í tilefni sjötugsafmælis míns 4. október sl. Ég þakka sérstaklega eiginkonu minni, frú Jórunni Þ. Bergsdóttur, stórfjölskyldunni og tengdafólki. Lúðrasveit Vestmannaeyja, bæjarstjórn, minni- og meirihluta, sundfélögum, göngufélaga, nikkurum, flautuleikurum og trommurum og öðrum sem gerðu mér kleift að skvetta svolítið úr klaufunum í tilefni dagsins. Þakka velvild í minn garð á þessum tímamótum.**

**Bjarni Jónasson,**
útvarpsstjóri og fyrrum flugmaður.

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 550 5000.

---



†

*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför eiginmanns, föður, tengdaföður, afa og langafa,*

**Jóns Helgasonar,**
tæknifræðings, Árskógum 6, Reykjavík,

**Valgerður Þorsteinsdóttir**
**Þorteinn A. Jónsson**
**Helgi Jónsson**
**Þórður Jónsson**
**Martha Á. Hjálmarsdóttir**
**Jónína Sturludóttir**
**Jytte Fogtmann**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

*Okkar ástkæri*

**Sigurdór Jóhannsson,**
rafvirkjameistari, Akranesi,

verður jarðsunginn frá Akraneskirkju þriðjudaginn 30. október kl. 14.00.

**Sigríður Eyjólfsdóttir**
**Sigrún Sigurdórsdóttir**
**Bragi Þór Sigurdórsson**
**Jóhann S. Sigurdórsson**
**Hlynur Sigurdórsson**
**Sæmundur Guðmundsson**
**Sigríður E. Hauksdóttir**
**Jónína Björk Óskarsdóttir**
**Jónína Herdís Sigurðardóttir**

---



†

*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Björn Halldórsson,**
gullsmiður, frá Nesi í Loðmundarfirði,

lést á Hrafnistu í Reykjavík miðvikudaginn 24. október sl. Útförin verður auglýst síðar.

**Auður Björnsdóttir**
**Fríða Frank**
**Gæflaug Björnsdóttir**
**Valdimar Sæmundsson**
**Eva, Sara, Björn Eiríkur, Nína Margrét og langafabörn.**

---



†

*Ástkær eiginmaður, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Guðmundur Kristinn Erlendsson,**
Neðstaleiti 2, Reykjavík,

lést miðvikudaginn 24. október á Landspítalanum við Hringbraut. Útför hans fer fram frá Dómkirkjunni í Reykjavík föstudaginn 2. nóvember kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeir sem vilja minnast hans er bent á Krabbameinsfélagið.

**Sigursteina M. Jónsdóttir**
**Sigursteinn Guðmundsson**
**Kári Guðmundsson**
**Elín S. Guðmundsdóttir**
**Guðmundur Kr. Guðmundsson**
**Þröstur Guðmundsson**
**Therese Thøgersen**
**Jytte Guðmundsson**
**Hjörtur Árnason**
**Unnur Ólafsdóttir**
**Helle Rosenlyst Guðmundsson**
**Jórunn Guðmundsdóttir**
**Bjarki Guðmundsson**
**Jón E. Guðmundsson**
**Þórarinn F. Guðmundsson**
**Gunnar S. Guðmundsson**
**Magnús Þór Sveinsson**
**Dagmar G. Þorleifsdóttir**
**Hanna Björnsdóttir**
**Rannveig Björnsdóttir**
**Jóna Kristín Halldórsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

*Innilegar þakkir sendi ég ykkur sem sýnt hafa mér og mínum vináttu, hlýhug og stuðning vegna fráfalls og útfarar elskulegs unnusta míns,*

**Árna Eyjólfssonar,**
Sóltúni 16, Reykjavík,

sem lést af slysförum 19. september sl. Guð verið með ykkur.

**Agnes Þ. Guðmundsdóttir.**

---



†

*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegs eiginmanns, föður, tengdaföður, afa og langafa,*

**Guðmundar Gíslasonar,**
fyrrum bónda, Geirshlíð, Dalabyggð, Dalseli 29, Reykjavík.

Sérstakar þakkir til starfsfólks á gjörgæslu Landspítalans við Hringbraut. Einnig til sr. Svavars Stefánssonar og annars starfsfólks Fella- og Hólakirkju. Guð blessi ykkur öll.

*Guðný Jónasdóttir*
**Geir Guðmundsson**
**Gísli Guðmundsson**
**Sigurdís Guðmundsdóttir**
**Margrét Guðmundsdóttir**
**Sara Vilbergsdóttir**
**Eyjólfur Ólafsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

*Faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**A. Helgi Bernharðsson,**

lést á Landspítalanum við Hringbraut, mánudaginn 22. október. Jarðarför fer fram mánudaginn 29. október frá Kotstrandarkirkju kl. 14.00.

**Fyrir hönd aðstandenda,**

**Lydia A. Helgadóttir**
**Helgi B. Helgason.**

---



†

*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur hlýhug og samúð við andlát og útför okkar ástkæru móður, ömmu, langömmu og systur,*

**Önnu Soffíu Hákonardóttur**
Austurbrún 2.

**Hákon H. Pálsson**
**Ingólfur Pálsson**
**Sigurður Pálsson**
**Sigurjón Pálsson**
**Halla Pálsdóttir**
**Haraldur Hákonarson**
**Þóra N. H. Hákonardóttir.**
**Ingibjörg Hafsteinsdóttir**
**Margrét E. Kristjánsdóttir**
**Sigsteinn Sigurðsson**


Ný Bónusverslun opnuð
í Garðabæ í dag
laugardaginn 27. okt. kl 10
BÓNUS
OPNUNARTILBOÐ Í BÓNUS Í GARÐABÆ
1 KR.KG
KARTÖFLUR Í LAUSU 1 KR/KG.
98
Myllu möndlukaka 420g 98 kr.
Vanillu ís
BÓNUS
79
Bónus ís 1 liter 79 kr.
39
Coke í dós 33 cl 39 kr.
1298
Íslenskar kjúklingabringur frosnar 1298 kr/kg.
298
Bónus ferskur heill kryddaður kjúklingur 298 kr/kg.
39
Myllu fjölkornabrauð 375g 39 kr.
BÓNUS BÝÐUR BETUR
AFGREIÐSLUTÍMI: LAUGARDAG 10.00 TIL 18.00 SUNNUDAG 12.00 TIL 18.00
BÓNUS

# RISA

## ÚRVALSBÍLAMARKAÐUR Í FÍFUNNI







## 25. - 28. OKTÓBER

**BNB - sölugreining**
Bílarnir ganga í gegnum strangt gæðamat sem tekur mið af aldri, akstri og viðhaldssögu bílsins. Þeir sem standast kröfurnar lenda annað hvort í flokknum Úrvalsbílar eða Gæðabílar. Ef bíllinn stenst ekki kröfur okkar bjóðum við þér hann ekki.

**Hvað er Úrvalsbíll?**
- 12 mánaða viðbótarábyrgð
- Ef hann bilar sjáum við um viðgerð
- Við lánum þér annan bíl á meðan
- Umframábyrgð á bremsuhlutum
- 14 daga skiptiréttur

GLITNIR

* M.v. 100% Bílasamning Glitnis Fjármögnunar til 84 mánaða. Myntkarfa GL3.
Ath. með fjármögnun verður heildargreiðsla hærri en verð bílsins.

ÍSLENSKA SIA.IS TOY 39499 10/07







Flugmiðar til Evrópu fyrir tvo fylgir hverjum seldum bíl og gilda í eitt ár frá kaupum.

# VELDU ÚRVALSBÍLINN ÞINN

## ÁÐUR EN EINHVER ANNAR GERIR ÞAÐ!

- Flugmiðar til Evrópu fyrir tvo fylgja hverjum seldum bíl**
- Allt að 100% fjármögnun í boði Glitnis Fjármögnunar
- Allir bílar á heilsársdekkjum
- 5000 kr. gjafakort í Saga Boutique***
- Starfsfólk Glitnis Fjármögnunar veitir ráðgjöf á staðnum
- Léttar kaffiveitingar

## HAFÐU HRAÐANN Á ÞVÍ ÞESSIR BÍLALEIGUBÍLAR STALDRA STUTT VIÐ!




m.v. sjálfskiptan




m.v. sjálfskiptan




**OPIÐ:**

**Laugardag og sunnudag: 10 - 18**

BETRI NOTAÐIR BÍLAR TOYOTA

** Flugvallarskattar ekki innifaldir.
*** Gjafakort í Saga Boutique fylgir með hverju afgreiddu láni frá Glitni Fjármögnun.

ÚRVALSBÍLL GÆÐABÍLL

# Drifinn áfram af draumsýn

**Hjálmar Helga Ragnarsson**, rektor Listaháskóla Íslands, dreymir um akademíska listverksmiðju fyrir Íslendinga. Hún verði kennileiti við Laugaveginn, sem fegri mannlífið þar til muna. Í samtali við *Klemens Ólaf Þrastarson* kallar Hjálmar eftir bestu hugmyndunum sem íslenskt arkitektasamfélag býr yfir og boðar til opinnar samkeppni um flæði og flækjustig.



**HJÁLMAR HELGI RAGNARSSON** Rektor Listaháskóla Íslands hefur í áraraðir reynt að fá að byggja hús yfir skólann sinn. Hann hefur meira að segja reynt að hræða ráðherra með hryðjuverkaógninni! Hann stefnir nú á að byggja myndarlegt kennileiti við Laugaveginn. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Faðir minn, sem var skólastjóri við Tónlistarskólann á Ísafirði, sagði alltaf þessa setningu að „skóli er ekki hús, skóli er fólk“. Og þótt það séu mín álög að koma byggingu utan um þennan skóla er ég samt sem áður fullkomlega meðvitaður um að skóli er fyrst og fremst það sem gert er í skólanum. Skólinn er fólkið.“

Hjálmar Helgi Ragnarsson, rektor Listaháskóla Íslands, mælir af festu og glaðværð meðan hann blaðar í bunka eftir hugmyndafræðilegri skýringarmynd af nýjum listaháskóla.

Hann situr við fundarborð í fremur hrárri skrifstofu í gamalli prentsmiðju í Skipholtinu, sem nú hýsir stjórn Listaháskóla Íslands og hönnunar- og arkitektúrdeildina.

Hjálmar hefur um árabil unnið að því að finna skóla sínum boðlegt húsnæði. Hann telur sig og þjóðina í öfundsverðri stöðu að mega byggja nýtt hús yfir skólann. Ekki eru mörg fordæmi erlendis fyrir stofnun sem býður upp á svo fjölbreytt listnám fyrir jafn fáa nema.

„En þessi draumsýn hefur verið í undirbúningi alveg frá því við byrjuðum með þennan skóla. Það var þó mikil gæfa að við byggðum ekki fyrr. Til dæmis vorum við alls ekki tilbúin fyrir fjórum árum þegar við vildum fá að byggja. Hugmyndafræðin verður nefnilega að endurspegla skólann og hún verður að skína í gegn í skólabyggingunni. Nú er skólinn að verða til og við getum byggt utan um hann, frekar en að þvinga skóla inn í húsið,“ segir hann.

### Löng þrautaganga

Mikið af orku Hjálmars og tíma sem rektor hefur farið í húsnæðismál. Skólinn hefur verið í mörgum húsum á sama tíma og því hefur deildaskipting innan hans verið áberandi. Þessu vill Hjálmar breyta.

Hann hefur um árin gengið milli yfirvalda með bón sína. Á sínum tíma vildi skólinn til dæmis fá lóð við Sölvhólsgötu sem er skilgreind hjá borginni sem reitur undir stjórnarráð. Þar eru nú til bráðabirgða leiklistar- og tónlistardeildir Listaháskólans.

„Við töldum sko að það mætti alveg endurskoða það, að þetta færi undir stjórnarráð. Ég þótti víst svolítið kaldur að ganga þarna inn í ráðuneytin og stinga upp á þessari brilljant hugmynd við ráðherrana, vitandi að það voru kannski ráðuneytisstjórarnir sjálfir sem þrýstu hvað mest á að láta flytja vinnustaðinn. En, nei, þetta gekk ekki alveg eftir!“ segir Hjálmar og hlær.

Hann heldur áfram í léttum dúr og segist hafa beitt ráðherrana ýmislegri „hræðslutækni“. Til að mynda reyndi hann að sýna fram á að ekki væri hentugt að ráðuneytin yrðu öll á sama stað með því að benda á hryðjuverkaógnina. En allt kom fyrir ekki; reiturinn er enn eyrnamerktur stjórnarráðinu.

### Von í miðbænum

Nú, þökk sé viljayfirlýsingu menntamálaráðherra og fyrrverandi borgarstjóra ásamt áhuga fasteignaþróunarfélags Björgólfsfeðga, sér Hjálmar fram á að draumurinn rætist loks; að skólinn fái hús utan um starfsemi sína. Skólanum var í maí úthlutað 11.000 fermetra lóð í Vatnsmýrinni og hefur átt í samningaviðræðum við Samson Properties, félag Björgólfsfeðga. Samson á mestan hluta Frakkastígsreitar, milli Laugavegs og Hverfisgötu. Fyrirtækið hefur hug á að skipta á þessum reit og Vatnsmýrarlóðinni.

Hjálmar telur að nýr meirihluti í borgarstjórn muni sýna áformum Listaháskólans skilning; afstaða stjórnvalda til skólans sé ekki flokkspólitísk: „Og ég á heldur ekki von á því að nýir herrar við stjórnvölinn breyti neinu um forsendur viljayfirlýsingarinnar.“

Honum líst ekki illa á Vatnsmýrina undir skólann sinn, en er sannfærður um að skólinn þrífist best í iðu miðborgar. Bærinn njóti einnig nálægðarinnar við listamenn. Rektor vill hafa skólahúsið við Laugaveginn; þar verði það kennileiti í borginni.

> Það var þó mikil gæfa að við byggðum ekki fyrr. Til dæmis vorum við alls ekki tilbúin fyrir fjórum árum síðan þegar við vildum fá að byggja.

„Ef menn ætla að byggja upp miðborg, þá er ekki nóg að hafa bara verslanir og bari, það verður að vera einhver grundvallaratvinnustarfsemi og ég get ekki ímyndað mér betri starfsemi en Listaháskóla. Vonandi koma þangað fleiri skólar. Ég held að það væri mjög mikils virði að fá þarna fleiri framhaldsskóla líka. Þannig tengdist ungt fólk miðborginni miklu fyrr og með allt öðrum hætti. Við myndum ekki sjá öll þessi ólæti og sóðaskap í miðborginni um helgar ef fólkið fyndi til einhverrar ábyrgðar gagnvart henni. Miðborgin verður að vera heildstætt samfélag.“

Hann minnir á ágæta reynslu af Menntaskólanum í Reykjavík.

### List handa fólkinu

Eitt höfuðatriði nýrrar byggingar verður samræmi hennar við mannlíf miðborgarinnar. Húsið á að hvetja almenning til að hætta sér inn fyrir; fólk á að að geta gengið beint inn af götunni og notið þess sem skólinn hefur upp á að bjóða. „Og það verður að anda um þetta hús ef það á að þjóna því að vera svona eins og trekt utan af Laugaveginum.

Skólinn verður að stórum hluta til rými þar sem fara fram viðburðir, hvort sem er leikhús, tónlist, vídeó og bíó eða sýningar á arkitektúr og allt þetta. Svo verður auðvitað bókasafn með handritum að kvikmyndum og myndbönd og nótur tónlistarmanna. Við eigum eiginlega öll íslensk leikrit og mjög mikið af íslenskum tónverkum sem erlendum, það nálgast eitthvað um 30.000 verk með öllum helstu tónskáldunum,“ segir rektor stoltur.

„En þetta verður ekkert skreytihúsnæði. Listaháskóli þrífst ekki í svoleiðis húsi. Þetta verður að langmestu leytinu til gróft húsnæði. Listnemendur þurfa að hafa frelsi til að vinna án þess að hafa áhyggjur af því að þeir séu að skíta út gólfið.

Hugmyndir manna um skólabyggingar eru yfirleitt um langa ganga og kennslustofur og skrifstofurými. Þessi skóli er ekki þannig. Þessi skóli er listverksmiðja,“ segir Hjálmar dreyminn á svip.

### Rómantík flækjustigsins

Undanfarin ár hefur verið reynt að laga bráðabirgðahúsnæði skólans að aðstæðum jafnóðum og svo er enn. Í miðju viðtalinu hefur athafnasamur smiður dynjandi hamarshögg einhvers staðar utan á skrifstofu rektors við Stórholtið. Smiðurinn slær þó ekki Hjálmar út af laginu. Hann er þessu vanur og heldur áfram ræðu sinni.

Hjálmar ætlar að Listaháskólinn muni fylgja nýrri hugsun í listnámi og leiða hana hér á landi. Hann sér fyrir sér ákveðna lífæð innan skólans sem tengi einkarými og almenning. Við skólann eru nú fjórar námsbrautir sem rektor kallar „strokkana í vélinni“. Þær eru leiklistar-, tónlistar-, myndlistar-, og hönnunardeild. Sú fimmta er á stefnuskránni: kvikmyndadeildin.

„Það er styrkur skólans að hafa flæði milli deildanna. Það tryggir lifandi skóla,“ að mati Hjálmars, sem vill hafa ákveðið „flækjustig“ í húsinu.

„Það næst fram með því að fólk neyðist til að koma í almenna rýmið, þar sem nemendur sýna meðal annars afurðir sínar. Strákurinn í hönnunardeildinni vill kannski bara vera á sínu verkstæði, en til að komast á milli og í almenna rýmið þarf hann að flækjast utan um dansnemanda hér og tónlistarnemenda þar og verður svo kannski skotinn í stelpunni í dansinum!“

### Bestu hugmyndir Íslands

Hjálmar Helgi heldur áfram og segir að flæðið og flækjuna þurfi að stilla af. „Og það er einmitt þetta sem við munum dæma eftir í samkeppninni; flæðið og tengingarnar.“

Hann vísar hér til opinnnar samkeppni, sem verður haldin um hönnun hússins, og býst við mikilli þátttöku.

„Hér eru margar spennandi arkitektastofur og öllum verður gefinn kostur á að taka þátt, sem uppfylla lágmarkskröfur.

Þetta þykir mjög spennandi hjá arkitektasamfélaginu, því þetta verður auðvitað Arkitektúrháskóli Íslands líka og það er ekki lítils virði að hafa teiknað hann. Við búumst því við bestu hugmyndum sem íslenskt arkitektasamfélag býr yfir!“

## → LÍFSHLAUP REKTORS

**Hjálmar Helgi Ragnarsson** fæddist 23. september 1952 og ólst upp á Ísafirði. Hann er sonur Ragnars H. Ragnar, tónlistarskólastjóra og söngstjóra, og Sigríðar Jónsdóttur Ragnar kennara.



Sautján ára gamall flutti Hjálmar til höfuðborgarinnar og gekk í Menntaskólann í Reykjavík og Tónlistarskólann. Að loknu stúdentsprófi hélt hann til Bandaríkjanna og nam tónsmíðar og hljóðfæraleik við Brandeis-háskólann í Massachusetts. Hann kom heim til að kenna á Ísafirði og stjórna söng en fór aftur út, að þessu sinni til Hollands, til að nema raf- og tölvutónlist árið 1976.

Árið 1978 sneri Hjálmar aftur til Bandaríkjanna í nám og útskrifaðist með MFA-gráðu frá Cornell-háskóla árið 1980. Lokaverkefnið fjallaði um Jón Leifs.



Hjálmar kenndi við Tónlistarskólann í Reykjavík næstu árin og sinnti tónsmíðum. Einnig var hann söngstjóri Háskólakórsins Hann var borgarlistamaður 1988 til 1991 og hefur verið áberandi í félagsmálum listamanna. Árið 1991 kvæntist hann Ásu Richardsdóttur, framkvæmdastjóra Íslenska dansflokksins, og á með henni tvö börn, en Hjálmar á einnig son frá fyrra hjónabandi.

Forseti Íslands heiðraði Hjálmar með riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu árið 1996. Hann var ráðinn fyrsti rektor Listaháskóla Íslands árið 1998 en skólinn tók til starfa haustið 1999.



# Vetraráætlun 2007-2008 hefur tekið gildi

Gildir 28. október 2007 til 30. mars 2008



**flugrútan**

*... alltaf á ferðinni*

## Upphafs- og endastöð allra ferða er Umferðamiðstöðin BSÍ.

- Verð 1.200 kr. aðra leiðina til 31.12. 2007
- Verð 1.300 kr. aðra leiðina frá 01.01. 2008
- Ókeypis fyrir börn að 11 ára aldri
- 50% afsláttur fyrir unglinga, 12-15 ára
- Aukaferðir fyrir leiguflug sem ekki fellur að áætlun

Nánari upplýsingar um brottfarir á www.flybus.is




## Aukin þjónusta við ferðalanga

Flugrútan stoppar á hverjum morgni á eftirtöldum stöðum Select og fer síðan beint út á flugvöll:

Select Vesturlandsvegi – kl. 05:00
Select Suðurfelli Breiðholti – kl. 05:10
Select Hagasmára við Smáralind – kl. 05:15
Áætlaður komutími í Leifstöð er kl. 05:50

Þú þarft ekki að panta sæti, rútan stoppar örugglega við þessa staði og þú getur keypt þér miðann með morgunkaffinu á Select.

Einfalt og þægilegt, ekkert stress og þú nýtur ferðarinnar.

Select

Reykjavik Excursions
KYNNISFERÐIR

Sími 562 1011 | www.re.is | www.flybus.is

ÍSLENSKA SIA.IS KYN 39647 10.2007

# Að búa börnunum framtíð

Félagsleg vandamál eru stór í Armeníu, sérstaklega úti á landsbyggðinni þar sem atvinnuleysi og fátækt eru gífurleg. Samtökin Family Care Foundation reka gistiheimili á tveimur stöðum í Jerevan. Ágóðinn fer í að byggja upp og reka listaskóla fyrir börn. *Guðrún Helga Sigurðardóttir* tók hús á **Arevik Manukyan**, framkvæmdastjóra samtakanna í Jerevan.



**GRÍÐARLEG FÁTÆKT Í BYGGÐUM LANDSINS** Gríðarleg fátækt er í Armeníu eftir allar þær þrengingar sem þjóðin hefur gengið í gegnum síðustu tvo áratugi. Þó að efnahagslífið sé á uppleið er það fyrst og fremst í höfuðborginni Jerevan. Fátæktin er hin sama í sveitum landsins og þar eru börnin stundum svo fátæk að þau geta ekki einu sinni gengið í skóla.
FRÉTTABLAÐIÐ/GUÐRÚN HELGA SIGURÐARDÓTTIR

Heimilislaus börn eru víða og atvinnuleysi er mikið í fyrrverandi Sovétlýðveldinu Armeníu, sérstaklega úti á landi. Mýmörg alþjóðleg sjálfboðasamtök vinna að því að bæta hag þessa fólks, mennta börnin og hjálpa fólki til sjálfsbjargar. Family Care Foundation er eitt af þessum samtökum. Þau reka listaskóla fyrir börn í borgunum Gyumri og Spitak og kennir fullorðnum handverk þannig að í framtíðinni geti þeir bjargað sér sjálfir. Munirnir eru meðal annars seldir í sýningarsal Family Care í miðborg Jerevan.

## Gleyma raunveruleikanum

Arevik Manukyan er framkvæmdastjóri Family Care Foundation í Jerevan og hefur starfað hjá samtökunum nú í mörg ár. Hún segir að listaskólinn hafi upprunalega verið stofnaður til að veita börnunum einhverja skólagöngu fyrstu misserin eftir jarðskjálftann sem varð í norðvesturhluta Armeníu árið 1994. 250 manns létust í þessum jarðskjálfta, skortur var mikill og neyðin gríðarleg. Skólaganga barna á svæðinu hefur verið lítil sem engin fyrstu misserin eftir skjálftann.

„Börnin koma nú þrisvar í viku í listaskólann til að læra armenskar listir eftir hefðbundinn skóladag. Skólinn er ókeypis og við fáum mörg börn til okkar. Við teljum að þetta sé gott fyrir þau. Þegar skólinn var stofnaður var þetta eina leiðin sem börnin höfðu til að tjá tilfinningar sínar fyrst eftir jarðskjálftann, sýna hvernig þeim leið og horfa á lífið með aðstoð listarinnar. Það hjálpaði þeim að gleyma raunveruleikanum um stund og gaf þeim von. Um leið gátum við kennt börnunum armenska listhefð og haldið áfram að skapa armenska list,“ segir Arevik.

## Bjarga sér sjálf

Margar þrengingar dundu yfir armensku þjóðina snemma á tíunda áratugnum. Eftir að Sovétríkin liðuðust í sundur og Armenía varð sjálfstæð studdu Armenar landa sína í Nagorno-Karabakh í stríði þeirra við Asera og svo bættust þessar hörmungar ofan á það sem fyrir var. Eyðileggingin varð svo mikil í jarðskjálftanum að fjölskyldur misstu húsnæði sitt, börn misstu foreldra sína og foreldrar börnin sín. Margar þjóðir sendu björgunarlið á staðinn og voru Ítalir meðal þeirra sem tóku þátt í uppbyggingunni eftir skjálftann.

Ítalski læknirinn Antonio Montalto, sem nú er forstjóri Family Care Foundation, var meðal þeirra sem voru sendir á staðinn. Árið 1994 stofnaði hann listaskóla fyrir börn.

Samtökin hafa víkkað út starfsemina og kenna nú líka fullorðnum, sérstaklega konum, hefðbundnar armenskar listir og handmennt, til dæmis keramik, með það að markmiði að þátttakendur geti rekið sitt eigið smáfyrirtæki í framtíðinni og séð sér þannig farborða. Samtökin standa einnig fyrir ráðstefnum um listir og hafa til að mynda fengið fatlaða listamenn til að koma og kenna fötluðum Armenum. Þá eru samtökin að byggja upp mæðravernd úti á landsbyggðinni og í Nagorno-Karabakh, héraði í Aserbaídsjan sem er undir armenskri stjórn. Þetta er allt ókeypis og ekki vanþörf á, mæðravernd og önnur heilsuvernd er dýr og lítt aðgengileg fyrir bláfátækan almenning.



**FJALLIÐ SEM ARMENAR TIGNA** Ararat, fjallið sem Armenar tigna. Ararat er í Tyrklandi en heldur andar köldu milli Tyrkja og Armena.

## Þurfa á atvinnusköpun að halda

Samtökin reka tvö gistiheimili í Jerevan og rennur allur ágóði til skólastarfsins. Þá segir Arevik að þau séu nú að byggja upp ferðaþjónustu úti um landið þar sem fátæktin er mikil. Vonir standi til að ferðamenn fari í auknum mæli út fyrir Jerevan og þannig aukist atvinna í öðrum héruðum. Þá eru ýmsar aðrar hugmyndir í farvatninu, til dæmis bjórhátíð í Gyumri, tónleikar og menningarhátíðir af ýmsu tagi. „Við notum ágóðann til að gera upp falleg gömul hús og veita þannig iðnaðarmönnum atvinnu,“ segir Arevik.

## Auðar verksmiðjur

„Héruðin eru mjög einangruð og lífið er erfitt í mörgum þorpum, sérstaklega á veturna þegar fólk kemst ekki á milli því ekki eru neinar almenningssamgöngur og bláfátækt fólkið hefur ekki efni á bíl,“ segir Arevik. „Í Armeníu eru margar verksmiðjur sem standa auðar, sérstaklega hefur svo verið við Sevan-vatnið, og enga vinnu hefur verið að fá á þessum svæðum. Fólk reynir að lifa af smávegis landbúnaði en svona gengur þetta ekki lengur. Við þurfum að þróa héruðin. Það er þar sem íbúarnir þurfa mest á atvinnusköpuninni að halda,“ segir hún.

## → ÞÚSUNDIR HJÁLPARSAMTAKA



**FULLORÐNUM KENNT LÍKA** Börn læra armenskt handverk í listaskólanum hjá Family Care Foundation, fyrst og fremst hefðbundið keramik, en samtökin hafa víkkað út starfsemina og eru farin að kenna fullorðnum handverk og aðstoða þá þannig við að koma undir sig fótunum.

**Þúsundir sjálfstæðra hjálparsamtaka hafa verið að hasla sér völl í Armeníu frá því landið hlaut sjálfstæði árið 1991 og starfa að því að byggja upp armenskt samfélag með margvíslegum hætti.**

**Árið 2001 voru um 2.600 hjálparsamtök opinberlega starfandi í Armeníu; yfir 600 á sviði góðgerðamála, tæplega 300 í svæðisbundnu starfi, 175 ungmennasamtök, rúmlega 100 samtök lækna og hjúkrunarfólks, tæplega 90 mannréttindasamtök, yfir 70 alþjóðleg samtök og sömuleiðis meira en 70 kvennasamtök. Þannig mætti lengi telja.**

**Dr. Harutyun Aleksanyan hefur skoðað þessi mál við California State University í Bandaríkjunum. Hann segir að samtökin séu flest svo ný af nálinni að þau hafi ekki mikla reynslu en starfsemin sé í hraðri þróun. Heimamenn séu að vísu ekki mjög virkir í starfsemi og samtökin séu enn ekki nógu öflug í fjáröflun.**

**Family Care Foundation teljast til stærstu og þróuðustu samtakanna í Armeníu.**

## → ÞRENGINGARNAR Í ARMENÍU

Armenar hafa gengið í gegnum þrengingar frá því Sovétríkin liðuðust í sundur og þeir fengu sjálfstæði 1991; jarðskjálfta, stríð og ískalda vetur án húshitunar. Þar að auki hafa um 400 þúsund manns flúið frá Aserbaídsjan og atvinnuleysi er svo mikið að fjórðungur þjóðarinnar hefur farið utan til að vinna. Efnahagsmálin í Armeníu hafa þó gengið vel síðasta áratuginn og það hefur komið íbúum höfuðborgarinnar Jerevan til góða. Minna er um atvinnusköpun úti á landsbyggðinni þar sem gamlar verksmiðjur hafa staðið auðar frá því Sovétríkin liðuðust í sundur og fátæktin er gífurleg.

Armenía á landamæri að Georgíu, Tyrklandi, Aserbaídsjan og Íran. Sambandið við Írana er vinsamlegt enda selja Íranar Armenum eldsneyti en sambandið er stirt við Tyrki og Asera.

Armenar hafa krafist þess að alþjóðasamfélagið viðurkenni þjóðarmorð Tyrkja á Armenum árið 1915-1917 og nú liggur fyrir Bandaríkjaþingi tillaga þess efnis að Bandaríkjastjórn viðurkenni það. Tyrkir hafa ávallt tekið alla tilburði í þessa átt óstinnt upp.

Samband Armena og Asera er mjög stirt vegna Nagorno-Karabakh, sem er hérað í Aserbaídsjan. Armenar og Aserar áttu í stríði út af héraðinu árin 1993-1994 og lyktaði því með sigri Armena. Armenar benda á að Nagorno-Karabakh hafi alltaf verið armenskt landsvæði. Héraðið hafi verið látið tilheyra Aserbaídsjan þegar Armenía varð hluti af Sovétríkjunum árið 1921 þó að meirihluti íbúanna væri armenskur.

Armenska þjóðin er um fimm milljónir talsins og býr og starfar ein milljón manna erlendis. Margir flúðu land þegar þrengingarnar voru sem mestar á tíunda áratugnum og enn fleiri af armenskum ættum eru búsettir í Bandaríkjunum, Rússlandi og víðar um heiminn. Allt þetta fólk hefur átt ríkulegan þátt í uppbyggingunni síðustu árin. Ljóst er þó að fjármagnið hefur einkum farið til höfuðborgarinnar, minna út á land þar sem fátæktin er gífurleg og atvinnuleysi og heilsuleysi þjakar fólk. Margir eiga líka um sárt að binda eftir jarðskjálfta og stríð síðustu fimmtán ára.












Húsgagna-Lagersala

Leðursófasett
hornsófasett
sófasett með innbyggðum skemli
borðstofuborð og stólar
skenkar
sófaborð
eldhúsborð
Rúmgaflar
Garðhúsgögn með 50% afslætti.
rúm í ýmsum stærðum og gerðum

Verðdæmi:
Leðursófasett áður kr. 239,000
nú 79,000
Borðstofustóll áður 17,000
nú 5,000

Erum í Dugguvogi 2. Sími 557-9510

Auglýsingasími
512 50 50
– Mest lesið




„Ég hafði lítið sest upp í sportbíla áður og reynslan er enn betri en ég bjóst við," segir Þrúðmar Kári og tekur Corvettuna til kostanna. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Óskabíllinn alla tíð

***Að fara með Þrúðmari Kára Ragnarssyni vélamanni á rúntinn á Chevrolet Corvette C6 er eins og að svífa á dúnmjúku skýi.***

„Þetta er búinn að vera óskabíllinn síðan ég man eftir mér. Corvetta er eitthvað sem alla sem eru með bíladellu dreymir um," segir Þrúðmar Kári hlæjandi. Skyldi hann hafa átt mörg tryllitæki gegnum tíðina? „Nei, þetta er minn fyrsti sportbíll. Það má segja að ég hafi beðið með að kaupa hann þar til ég hafði aldur og þroska til. Þetta er bara toppurinn."

„Corvettan hefur verið framleidd alveg frá 1953 og var fyrsta ameríska sportbifreiðin," segir Þrúðmar Kári og er nú yfirheyrður um tæknileg atriði. „Þessi er af árgerð 2005, með 6 lítra V8-vél og 400 hestöfl. Hún er 4,2 sekúndur upp í hundraðið og hámarkshraði er gefinn upp 186 mílur sem er um það bil 300 kílómetrar á klukkustund."

Hefurðu eitthvað við þann hraða að gera? getur blaðamaður ekki stillt sig um að spyrja. „Nei, en samt er gott að vita af honum," svarar Þrúðmar Kári léttur í bragði. „Þetta er rosalega góður keyrslubíll þótt hann sé lágur. Ég verð að læðast yfir hraðahindranir því ekki vil ég reka hann niður. En það kom mér á óvart að á langkeyrslu eyðir hann ekki nema átta til níu lítrum á hundraðið. Galdurinn við þennan bíl er að hann er léttur enda gerður úr plastefni."

Kári kveðst hafa keypt bílinn síðsumars af félaga sínum sem var nýbúinn að flytja hann inn. Verðið var nokkrar millur en Þrúðmar Kári kveðst hafa fengið það sem hann borgaði fyrir. „Ég er sáttur," segir hann. „Það verður að gefa eitthvað fyrir gæðin."

gun@frettabladid.is




Þarftu betri bíl?

Þarftu stærri, nýrri, lengri eða einfaldlega betri bíl? Hjá Lýsingu bjóðum við þér sniðuga lausn til þess að eignast draumabílinn.

Þú getur nálgast bílafjármögnun Lýsingar hjá bílaumboðum, bílasölum og ráðgjöfum okkar.

Bílasamningur // Bílalán // Einkaleiga

LÝSING

LYSING.IS // 540 1500

**Mótorhjól** sjást æ oftar á götum borgarinnar og eru þessir vegfákar oft stórglæsilegir. Hins vegar ber að gæta vel að öryggi og mikilvægt að vera með hjálm, í góðum hlífðarfötum og að sjálfsögðu ber að aka skynsamlega.






# Ófært á rétt rúmum tíma

***Á veturna er í raun engum fjallvegum lokað en þeir eru á hinn bóginn merktir ófærir og þá er fólk á ferð á eigin ábyrgð. Einu skiptin sem þeim er lokað er við sérstakar aðstæður eins og í leysingum.***



Mikilvægt er að vera vel útbúinn og láta vita af sér þegar lagt er í fjallaferðir.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Þegar vegum er lokað í leysingum þá eru það yfirleitt allir vegir sem byrja á f-i. F-vegir á Íslandi eru vegir sem falla undir flokkinn fjallvegir og þeir eru ekki í þjónustu eftir að sumri lýkur. Hins vegar er ein undantekning og það er Kjölur sem er ekki f-vegur en er í sama þjónustuflokki og hálendisvegirnir,“ segir Valdís Eiríksdóttir, þjónustufulltrúi hjá Vegagerðinni, og bætir við að þótt Kjölur sé vissulega hálendisvegur þá sé hann orðinn það góður að búið er að taka hann úr þessum flokki. Ef vegur er merktur með f-i þá þýðir það líka að vegurinn er einungis fær bílum með drif á öllum hjólum og jeppum.

„Þá er ekki verið að tala um minnstu 4x4-bílana því að á hálendisvegum er oft farið yfir vöð og jökulár og þær geta vaxið á nokkrum klukkutímum,“ útskýrir Valdís. Þjónustu á fjallvegum lýkur í kringum 15. september en þeir hafa orðið ófærir við fyrsta snjó. Þá eru þeir oft merktir sem ófærir til öryggis svo fólk sé ekki að byggja á þeim upplýsingum að vegirnir séu í lagi þegar sú er ekki raunin.

„Eitt það skemmtilegasta sem jeppamenn gera er að fara vegina þegar það er snjór og það er ein ástæðan fyrir því að þeir eru ekki lokaðir. Flestir jeppaáhugamenn eru með tryggingar fyrir akstur utan sumartíma og eru oftast vel búnir,“ segir Valdís og bætir við að gagnlegar upplýsingar um jeppaakstur megi finna á heimasíðu ferðaklúbbsins 4x4. Annars merkir vegagerðin alla vegi með skilti á íslensku og ensku ef þeir eru ófærir og því ætti ekki að fara fram hjá neinum hvers kyns er. En hverjar eru helstu hætturnar á fjallvegum?

„Helstu hætturnar eru þegar fólk er að keyra utan vegar. Maður veit aldrei hvað er þar og síðan geta vöðin og jökulárnar verið varasamar. Ég hef séð Ísland verða nánast ófært á klukkutíma og korteri og það á þjóðvegum þannig að það er ástæða til að fara varlega,“ segir Valdís og bætir við að auk þess sé þetta mjög stórt svæði og því erfitt að halda þjónustu úti lengur en yfir mesta ferðamannatímann. Vinsælustu leiðirnar eru Sprengisandur og Askja en auk þess eru Landmannalaugar og Þórsmörk alltaf vinsælar.

„Við erum jafnvel farin að fá fyrirspurnir fyrir næsta sumar erlendis frá,“ segir Valdís og finnst gott þegar fólk undirbýr sig vel. Nauðsynlegt er að fólk láti vita af ferðum sínum og ferðaáætlun áður en lagt er í hann til að gæta fyllsta öryggis.

*hrefna@frettabladid.is*

Arctic Trucks jeppa- og ferðalagaskólinn

Námskeið

**GPS-námskeið**
**Miðvikudaginn 21. nóvember frá kl. 20:00 til 22:00.**
Farið er í grunnatriði GPS-notkunar, svo sem stillingar tækisins, hvað beri að varast, töku vegpunkta, gerð leiða og ferla. Einnig er farið í grunnatriði notkunar á Garmin forritunum MapSource og nRoute ásamt því hvernig hægt er að varpa GPS-gögnum yfir á GoogleEarth. Námskeiðið miðast við notkun GPS-tækja til útivistar, t.d. í gönguferðir, jeppaferðir eða vélsleðaferðir. Sjón er sögu ríkari.

**Jeppanámskeið**
**Fimmtudaginn 1. nóvember frá kl. 20:00 til 22:00.**
Leiðbeinandi er Vilhjálmur Freyr Jónsson tæknifræðingur og jeppamaður. Námskeiðið tekur fyrir alla helstu þætti jeppamennskunnar. Fjallað verður um kosti og eiginleika jeppans og viðbrögð við mismunandi aðstæðum. Innifalið í námskeiðgjaldinu er Jeppabók Arctic Trucks sem er 120 síðna hafsjór af fróðleik.

**Verklegt jeppanámskeið fyrir óvana ökumenn og konur**
**Laugardaginn 3. nóvember kl. 9:00 til 19:00.**
Námskeiðið er ætlað óvönum ökumönnum og konum og felst í að ekin verður jeppaleið þar sem er að finna margvíslegar áskoranir og leitast við að leiðbeina ökumönnum um meðhöndlun bílsins við mismunandi aðstæður. Leiðbeinendur eru vanir jeppamenn. Hámarksfjöldi bíla í ferðinni er 10. Innifalið í námskeiðsgjaldinu er Jeppabók Arctic Trucks og lán á VHF talstöð.

**Skráning á jeppar.is og í síma 540 4900**

ARCTIC TRUCKS®

*Kletthálsi 3 | 110 Reykjavík | Sími 540 4900 | arctictrucks.is | jeppar.is*

07-0808 KC



# Nýr Volvo XC70 kynntur í dag

***Brimborg kynnir þriðju kynslóð sportjeppans Volvo XC70.***


Útliti sportjeppans hefur verið breytt töluvert.

Þriðja kynslóð sportjeppans Volvo XC70 verður frumsýnd hjá Brimborg í Reykjavík og á Akureyri í dag.

Bíllinn er töluvert breyttur í útliti og býðst nú með ýmsum nýjungum. Má þar til dæmis nefna árekstrarvarakerfi, sem tekur við stjórn bílsins aki ökumaður of nálægt næsta bíl á undan. Einnig kerfi sem vaktar blinda punkt ökumannsins og gefur merki komi nálægir bílar eða mótorhjól innfyrir ákveðinn radíus við bílinn. Meðal staðalbúnaðar sem bætt hefur verið við er hallalæsing, sem heldur bílnum á lágmarkshraða niður brattar brekkur, þar sem ökumaður vill fara sérlega varlega.

Bíllinn er tíu cm lengri en hann var áður og yfirbyggingin 4,2 cm hærri. Innrétting bílsins hefur verið tekin í gegn. Sætin eru stillanleg á marga vegu og meðal annars má stilla hæð stólsetunnar aftur í fyrir börn allt að tólf ára aldri. Þá er farangursrýmið 55 lítrum stærra.

XC70 býðst með tveimur vélum hjá Brimborg; 3,2 lítra 6 strokka 238 hestafla bensínvél og 185 hestafla 2,4 lítra D5 dísilvél með forþjöppu sem eyðir 8,3 lítrum á hundraði. Báðar vélarnar eru með 6 gíra Geartronic-sjálfskiptingu.

Frumsýningin fer fram í Reykjavík og á Akureyri milli 12.00 og 16.00.

- sgi





Range Rover Freelander hlýtur Stálstýrið sem bíll ársins 2008 á Íslandi.

# Freelander valinn bíll ársins 2008

***Bandalag íslenskra bílablaðamanna tilkynnti í gær hvaða bíll hefði orðið fyrir valinu sem bíll ársins 2008 á Íslandi.***

Range Rover Freelander varð hlutskarpastur í vali bílablaðamanna á bíl ársins 2008 á Íslandi. Tilkynnt var um valið í Ásmundarsafni í gær og afhenti Kristján Möller samgönguráðherra fulltrúum bílaumboðsins B&L Stálstýrið svokallaða sem stigahæsti bíllinn hlýtur. Þetta er í fimmta sinn sem Bandalag íslenskra bílablaðamanna, BÍBB, stendur fyrir vali á bíl ársins.

Sigur Freelander var nokkuð afgerandi en hann hlaut alls 200 stig af 225 mögulegum en næstur honum að stigum var Skoda Roomster með 185 stig, en hann varð þar með hæstur í flokki smábíla.

Í umsögn dómnefndar segir meðal annars: „Freelander er nýtt afbrigði, hálfjeppi, með mikinn búnað og góðan frágang. Veitti mesta öryggiskennd í sínum flokki á möl enda með mesta búnaðinn...“, og „Fjöðrun og bremsukerfi í sérflokki af þeim sem við prófuðum. Hár lúxusstaðall og hagkvæmur í rekstri...“

Í flokki millistærðarbíla stóð Subaru Impreza uppi sem sigurvegari með 184 stig, í flokki stórra bíla og lúxusbíla var það Mercedes-Benz C-lína með 177 stig og í flokki jeppa, jepplinga og pallbíla var það eins og áður sagði Land Rover Freelander, bíll ársins 2008.

Níu reyndir bílablaðamenn eru í dómnefnd BÍBB en einkunnir voru gefnar út frá fimm þáttum. Hönnun, aksturseiginleikum, rými, öryggi og verði.

- sgi


Skoda Roomster sigraði í flokki smábíla en hann var næstur á eftir Freelander í stigakeppni um titilinn Bíll ársins.

**NIÐURSTÖÐUR DÓMNEFNDAR**

**Smábílar**
Skoda Roomster 185
Skoda Fabia 161
Opel Corsa 157

**Millistærðarbílar**
Subaru Impreza 184
Kia cee'd 179
Volvo C30 174

**Stærri fjölsk. og lúxusbílar**
Mercedes-Benz C 177
Ford S-Max 170
Ford Mondeo 161

**Jeppar/jepplingar/pallbílar**
Land Rover Freelander 200
Honda CR-V 168
Opel Antara 148



# Ökuleikni í óbyggðum

*Daglangt námskeið fyrir óvana ökumenn á óbreyttum jeppum og jepplingum verður haldið á vegum Arctic Trucks hinn 3. nóvember.*


Hér æfa menn sig í að aka yfir vatnsfall.

Arctic Trucks býður upp á námskeið í jeppaakstri í byrjun nóvember fyrir þá sem ekki eru bugaðir af reynslu. Markmiðið er að að kenna ökumönnum að aka við hinar ýmsu aðstæður en framkvæmdin er háð færð og veðri.

Komið verður saman kl. 9 að morgni í kennslusal Arctic Trucks við Kletthháls þar sem haldin verður stutt kynning og boðið upp á létta hressingu. Um kl. 9.30 verður svo lagt af stað í dagstúrinn.

Þátttakendur lenda á leiðinni í margvíslegum áskorunum svo sem mismunandi vegslóðum, háum hryggjum, bröttum brekkum, lækjum og ám. Allir bílar fá VHF-talstöð að láni og leitast er við að koma sem mestum upplýsingum á framfæri allan daginn.

Hámarksfjöldi bíla í ferðina er tíu, auk bíla leiðbeinenda og verð fyrir hvern bíl er 10.000 krónur. Innifalið er leiga á talstöð, jeppabók Arctic Trucks, léttar veitingar áður en lagt er af stað og samlokur og drykkir síðar um daginn.

„Við héldum svona námskeið nýlega og almenn ánægja var með það. Það var meðal annars sótt af fólki sem hafði átt jeppa um skeið en aldrei sett í lágadrifið,“ segir Hallveig Andrésdóttir hjá Arctic Trucks og bendir á heimasíðuna www.arctictrucks.is

gun@frettabladid.is

# Nýjung í netþjónustu

*Nú er hægt að tilkynna eigendaskipti bíla og ganga frá skráningu þeirra með rafrænum hætti á vef Umferðarstofu www.us.is.*


Þeim mun fækka sem leggja leið sína í Umferðarstofu til að umskrá bifreiðar. Þó verður sú þjónusta áfram fyrir hendi.

Umferðarstofa, í samstarfi við Glitni og Kaupþing, býður nú viðskiptavinum að tilkynna eigendaskipti og ganga frá skráningu á vef Umferðarstofu www.us.is. Slíkt ferli hefur hingað til krafist ferðalaga og fyrirhafnar. Einar Magnús Einarsson, upplýsingafulltrúi Umferðarstofu, segir aðferðina auðvelda, þægilega og fljótlega og gefur hér dæmi um ferlið.

„Viðskiptavinurinn fer inn á heimasíðu Umferðarstofu www.us.is og velur þar „Sjálfsafgreiðsluvef“ þar sem eigendaskiptin eru skráð. Síðan fer hann inn á netbanka sinn hjá Kaupþingi eða Glitni og gengur frá staðfestingu á viðskiptunum og greiðslu. Öllum sem málið varðar gefst síðan kostur á að fá staðfestingu á framgöngu mála senda með SMS-skeyti eða tölvupósti.“

Einar segir helsta nýmæli þessa kerfis vera að rafræn persónuauðkenni komi sjálfkrafa ef eigendaskiptin fari fram gegnum heimabanka. Því geti viðskiptavinurinn verið staddur hvar sem er í heiminum. „Hjá Umferðarstofu eru árlega færð 80-100 þúsund eigendaskipti á bifreiðum,“ segir hann. „Því er ljóst að mikill hagur er að því ef hægt er að auðvelda og stytta framkvæmdina.“

-gun




EIGENDASKIPTI ÖKUTÆKJA Á VEFNUM

Umferðarstofa, í samstarfi við Glitni og Kaupþing, býður nú þann möguleika að tilkynna eigendaskipti og ganga frá skráningu meðeigenda og umráðamanna bifreiða með rafrænum hætti á vef Umferðarstofu.

**Kynntu þér þessa einföldu og þægilegu nýjung á www.us.is.**

www.us.is UMFERÐARSTOFA GLITNIR

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - 07-0841



Rafstilling ehf

startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991 / 6634942
rafstilling@rafstilling.is



ekill ehf

Ökunám í fjarnámi !!!!

Ekill ökuskóli er eini ökuskólinn á landinu sem býður upp á ökunám í fjarnámi. Þú getur unnið námskeiðin í tölvunni heima þegar þér hentar.

Skoðaðu þennan frábæra kost á ekill.is

Námskeið sem hægt er að taka nú þegar eru fyrra námskeið til almennra ökuréttinda (Ö1) og bifhjólanámskeið.

**Næsta helgarnámskeið til aukina ökuréttinda byrjar 5 október á Akureyri**

Ekill ökuskóli. Sími 461-7800 www.ekill.is **ekill@ekill.is**



Sendum frítt um land allt!

Jeppadekk

GT RADIAL
MAXXIS

Heilsársdekk
31" kr. 12.900
(31x10.50R15)
33" kr. 15.900
(33x12.50R15)
Úrval annarra stærða upp í 38". Felgustærð 15", 16" 17" og 18".

Nánar á jeppadekk.is
Við mælum með míkróskurði

JEPPADEKK.is

Alorka • Vagnhöfða 6 • Sími 577 3080

PIPAR • SÍA • 70622



Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki



STÝRISENDAR, SPINDILKÚLUR OG FÓÐRINGAR
í jeppa í miklu úrvali
Japan/U.S.A.

FJALLABÍLAR
Stál og stansar ehf.

Vagnhöfða 7
110 Reykjavík
Sími: 517 5000

**Gleraugu** eru nauðsyn fyrir suma en tilbreyting fyrir aðra. Mikilvægt er að velja sér falleg og þægileg gleraugu sem hæfa andlitsfallinu. Gleraugnatískan er fremur fjölbreytt og ætti því ekki að vera mikið mál að finna þau réttu.



# Viðbúin öllum aðstæðum

***Hlý peysa er góð eign við íslenskar aðstæður.***

Þeir sem stunda íþróttir eða einhverja útivist yfir vetrarmánuðina hér á Íslandi vita að miklu máli skiptir að vera vel búinn þegar allra veðra er von.

Hlý og góð peysa getur því komið sér virkilega vel. Í mörgum verslunum má finna fallegar peysur sem eiga að halda vel hita á eigendum sínum.

*emilia@frettabladid.is*



Brim, Billabong. 10.990 krónur.

66° norður. 9.800 krónur.

Maraþon, Hummel. 7.990 krónur.

Útilíf. 8.990 krónur.

Útilíf, Cintamani. 9.990 krónur.






# hús&heimili

LAUGARDAGUR 27. OKTÓBER 2007



**LISTIR**

## Fólkið í fjörunni

**HÖNNUN**

## Úr hjólabretti í fatahengi

**INNLIT**

## Sálin á heima við hafið

FRÉTTABLAÐIÐ


Mikið úrval af sófum, sófasettum og hornsófum



Leðursófasett 3+1+1. **Verð kr. 330.000.-**



Nýtt

**Rafstýrður hvíldarstóll með lyftu sem lyftir þér upp og úr stólnum.**
**Afar hentugt fyrir eldra fólk og þá sem eiga erfitt með hreyfingar**

**Verð m/ákl. kr. 75.000.-**
**Verð m/ nautaleðri kr. 95.000.-**

**www.valhusgogn.is**
Röltu um verslunina okkar í rólegheitum á netinu
með nýja 360° sýningarkerfinu okkar
Þetta verður þú að prófa!

Val húsgögn
Ármúla 8 - 108 Reykjavík
**Sími 581-2275 ■ 568-5375**
**Opið** virka daga kl.10-18 / **Laugard. kl.11-16**



**ROKKAÐIR PÚÐAR** líkt og þessir fást í ýmsum útgáfum í versluninni Ego dekor í Bæjarlind. Púðarnir eru íslensk hönnun og saumaðir af Erlu Ásgeirsdóttur. Báðir eru púðarnir úr leðri, annar skreyttur með sebraefni en hinn með silfruðum pallíettum. Þeir eru ekki beint klassískir en tilvaldir til að rokka aðeins upp á stofu eða svefnherbergi.



## lýsing



● **LJÓS ÚR SWAROVSKI-KRISTÖLLUM**
Michael Anastassiades hannaði þessi sérstæðu og fallegu ljós fyrir Swarovski sem er þekkt um allan heim fyrir kristalla sína. Anastassiades fékk hugmyndina að ljósakrónunum frá náttúrunni enda eru kristallarnir eins og skýstrokkar í laginu.



● **Forsíðumynd:** Valgarður Gíslason tók þessa mynd af Elsu Björg Magnúsdóttur á heimili hennar. **Útgáfufélag:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, s. 512 5000 **Ritstjórar:** Sólveig Gísladóttir solveig@frettabladid.is og Emilía Örlygsdóttir emilia@frettabladid.is. **Auglýsingar:** Ámundi Ámundason s. 517 5724 **Útlitshönnuður:** Kristín Agnarsdóttir kristina@frettabladid.is.



Berglind Káradóttir tínir fjörugrjót við strendur landsins og breytir því í fígúrur sem setja skemmtilegan svip á umhverfið.

# Fólkið úr fjörunni

● Berglind Káradóttir skreytir garða með fígúrum úr fjörugrjóti frá öllum landshornum.

„Ég tíni fjörugrjót hér og þar um landið. Alveg frá Langanesi og norður á firði og hérna um kring, á höfuðborgarsvæðinu. Síðan bý ég til þjóðlega karla og kerlingar, ýmist í upphlut eða lopapeysu. Auk þess geri ég brúðhjón í öllum stærðum og uglur eða sveppi,“ segir Berglind Káradóttir, sem hefur búið til skemmtilegar fígúrur úr fjörugrjóti síðastliðin tíu ár.

„Þetta byrjaði þegar ég eignaðist stóran og fallegan garð sem ég vann mjög mikið í. Mig langaði að setja eitthvað skemmtilegt í hann og þá byrjaði ég á því að skreyta garðinn með sveppum sem ég bjó til úr fjörugrjóti og málaði á,“ segir Berglind sem er bæði menntuð sem leikskólakennari og hönnuður frá Iðnskólanum í Hafnarfirði.

Í byrjun var þetta mikil tilraunastarfsemi en að sögn Berglindar er hún í dag komin upp á lagið með grjótið. „Ég kunni ekkert með þetta að fara svo ég byrjaði á því að steypa þetta saman með múr. Núna bora ég í grjótið og nota járnteina og steinlím,“ segir Berglind.

Fígúrurnar eru mjög vinsælar meðal sumarbústaðaeigenda að sögn Berglindar sem fékk nóg að gera þegar lopapeysurnar komust aftur í tísku. „Ég er í stórum vinahópi og þetta hefur svona spurst manna á milli þrátt fyrir að ég hafi ekkert verið að auglýsa mig. Þetta er mjög vinsælt í tækifærisgjafir. Bæði fyrir heimagarðinn og við sumarbústaðinn, ýmist fyrir utan til skrauts en svo hef ég líka séð þær við arna í bústöðum,“ segir Berglind og heldur áfram: „Þetta veðrast úti eins og allt annað og hárið sem er úr gæru, upplitast með tímanum. Hins vegar set ég glæru yfir þetta og flestir eru með þetta undir skyggni.“

Dagsdaglega starfar Berglind í menntamálaráðuneytinu og fígúrurnar því aðeins aukabúgrein. „Hugmyndirnar hlaðast upp og nú hef ég fengið að minnka aðeins við mig vinnu svo ég geti sinnt þessu betur en ég hanna líka og smíða úr tré og járni. Síðan verður tíminn bara að leiða í ljós hvert þetta stefnir, en eins og er hef ég mjög gaman af þessu,“ segir Berglind.

*rh@frettabladid.is*



Brúðhjónin fín og sæt.



Fjörukona komin inn í garð.




Vörn gegn brunaslysum • Tvöfalt brunaöryggi
Termix hitastýring fyrir setlaugar frá Danfoss

- Rafeindastýring nemur hitastig í setlauginni
- Lokar fyrir innrennsli þegar óskuðu hitastigi er náð
- Ódýr og hagkvæm lausn
- Vönduð vara, lítill viðhaldskostnaður
- Áralöng reynsla stjórnbúnaðar við íslenskar hitaveituaðstæður
- Auðveld í uppsetningu

Danfoss
www.danfoss.is
STILLUM HITANN HÓFLEGA
www.stillumhitann.is

Danfoss stjórnbúnaður fyrir hitakerfi fæst í öllum helstu lagnaverslunum landsins



- GÆÐI
- GÓÐ VERÐ
- ÞJÓNUSTA
- ÚRVAL
- ÞEKKING

# Veldu það besta!








## Nýjar glæsilegar leðurhúsgagnalínur



Rafmagnsrúm
í úrvali



Frí þrýstijöfnunarmæling
sem greinir hvaða dýna
hentar þér best

IQ-CARE
HEILSUDÝNUR OG HEILSUKODDAR



Fallegir svefnsófar
með góðum dýnum

## SVEFN & HEILSA GEGNIR MIKILVÆGU HLUTVERKI




Svefn & heilsa
★★★★★
AKUREYRI



EGILL ÞORSTEINSSON KÍRÓPRAKTOR




Svefn & heilsa
★★★★★
REYKJAVÍK

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Dalsbraut 1, Akureyri, 461 1150
Opið virka daga 10:00 - 18:00 - laugardaga 11:00 - 16:00

www.svefn.is

Jólahlaðborð
í Glersalnum







Við bjóðum hópum að halda jólahlaðborð hjá okkur á tímabilinu frá 16. nóvember til 16. desember. Matreiðslumeistari er Sturla Birgis.

**Kíktu á heimasíðu okkar, glersalurinn.is, eða hringdu og fáðu nánari upplýsingar í símum 586 9006 og 564 2112.**

Öll aðstaða er eins og best gerist með góðum hljómburði og fullkomnu hljóðkerfi.

– og útsýnið verður hver einasti maður að upplifa...









Einnig erum við með
Árshátíðir
Kvöldverði
Brúðkaup
Fermingar
Afmæli
Þorrablót



ENNEMM / SÍA / NM30219

Glersalurinn

Með kærri kveðju

Salavegi 2
201 Kópavogi

Sími 586 9006
Gsm 862 0713
freyja@glersalurinn.is
glersalurinn.is

# Úr hjólabretti í fatahengi

● Fyrirtækið enPieza! er þekkt fyrir að varpa óvæntu ljósi á hversdagslega hluti með því að finna þeim nýtt hlutverk.







Hjólabretti eru greinilega handhæg fatahengi, þar sem hjólin eru fínir snagar undir regnhlífar og yfirhafnir.

Hönnunar- og framleiðslufyrirtækið enPieza! var stofnað af ungum og framsæknum hönnuðum á Spáni árið 1995 með það að markmiði að skapa hluti sem ekki lúta almennum markaðslögmálum.

Sama ár og fyrirtækið var stofnað hlaut það verðlaun á Alþjóðlegu sýningunni í Genf, Inventions and New Techniques, fyrir svokallaðan Duosys-hjólastól.

Verðlaunaveitingin markaði ákveðin þáttaskil í sögu fyrirtækisins. Hún sannfærði aðstandendur þess að þeir væru á réttri braut, enda hafa þeir síðan einblínt á sköpun fallegra og notadrjúgra hluta, oft gerða úr gömlum hlutum sem fengið hafa algjöra yfirhalningu og öðlast við það allt annað notagildi.

Hjólabretti eru þannig nýtt sem fínustu fatahengi, hundruð penna mynda saman lampaskerm og borðspil breytast í stólbak og sessu eins og hendi væri veifað eftir að hönnuðir enPieza! hafa lokið sér af.

Starfsmenn fyrirtækisins hafa einnig látið til sín taka á öðrum sviðum hönnunar, svo sem í grafískri hönnun, skartgripagerð og hönnun og framleiðslu sólgleraugna svo dæmi séu nefnd.

Hér verður þó látið nægja að sýna nokkra innstokksmuni frá enPieza! sem eru ágætur vitnisburður um þá sköpunargleði sem hönnuðirnir búa yfir.

Nánar á www.enpieza.com.



**Colgao kallast þessi borðlampi. Ekki beint upplífgandi en athyglisverður engu síður.**



**Ljósakróna þessi kallast 895 Rome og er skermurinn gerður úr fjölda penna.**



**Sillan 43 er heiti þessa stóls sem meðal annars er búinn til úr borðspili.**



**„Mér er mál“ gæti þessi standlampi allt eins kallast, en raunverulegt heiti hans er Meon.**



„Tók mér opnum örmum
Í Vildarþjónustu Sparisjóðsins færð þú persónulega þjónustu sem lagar sig að þínum þörfum
Starfsfólk Sparisjóðsins sér til þess að þú fáir ávallt það besta sem í boði er hverju sinni, því það er okkur kappsmál að hámarka ánægju viðskiptavina. Kynntu þér málið á spar.is.
Félagar í Vildarþjónustu fá meðal annars: Lán án ábyrgðarmanna | lægri yfirdráttarvexti og hærri innlánsvexti | frítt debetkort og afslátt af árgjaldi kreditkorta sérkjör á bílafjármögnun | 50% afslátt af lántökugjöldum lána til allt að 5 ára námskeið og ráðgjöf í fjármálum | ýmis sértilboð reglulega
SPARISJÓÐURINN
Vildarþjónusta



Listaverk Kolbrúnar Björgólfsdóttur og Magnúsar Kjartanssonar, foreldra Elsu, setja sterkan svip á heimilið.



Hafið er næsti nágranninn og á glugganum skellur bæði salt og þari í þegar stormurinn herjar á miðum við strendur Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Stíllinn er bæði hlýlegur og kaldranalegur, að sögn Elsu, sem býður til stofu í nýja húsinu sem er á tveimur hæðum og var byggt árið 1994.



Heimilið er byggt og hannað af foreldrum Elsu og fjölskyldan er enn að byggja og bæta.

# Sálin býr í rokinu við hafið

● Elsa Magnúsdóttir ólst upp í miðri borg með hafið sem barði á gluggann og Snæfellsjökul við sjónarrönd á Laugarnestanganum.

„Mamma og pabbi fluttu inn þegar ég var í maganum fyrir tuttugu og átta árum. Þá var þetta gamall hjalli byggður árið 1954 úr gömlum bjórkössum úr ríkinu og ein fyrsta vinnustofan hennar mömmu. Maðurinn sem átti þetta var húsabraskari sem vildi losna við þetta og þess vegna keyptu foreldrar mínir þetta fyrir slikk á sínum tíma,“ segir Elsa Björg Magnúsdóttir um heimili sitt á Laugarnestanganum, þar sem hún ólst upp með foreldrum sínum, Kolbrúnu Björgólfsdóttur leirlistakonu, eða Koggu, og Magnúsi Kjartanssyni myndlistarmanni, sem lést í fyrra, og yngri bróður, Guðbrandi Magnússyni.

Fjölskyldan bjó í gamla húsinu og gerði það upp hægt og sígandi. Árið 1994 var síðan reist viðbygging á tveimur hæðum sem gengur undir nafninu húsið. „Foreldrar mínir tóku engin brjáluð lán til að byggja sér heimili, heldur hafa fengist við þetta sjálf í gegnum tíðina. Gamla húsið var svo illa farið þegar við fluttum inn að þegar ég var í vöggu féll veggur og það fennti yfir mig. Kötturinn á heimilinu bjargaði þá nánast lífi mínu með því að hringa sig yfir mig,“ segir Elsa sem er ekki frá því að sá atburður sé einkennandi fyrir fjölskylduna. „Við erum mjög harðgerð fjölskylda, það er mikil þrautseigja í okkur og við gefumst ekki upp heldur höldum alltaf áfram uppbyggingu,“ útskýrir Elsa sem segir það einnig eiga við húsin. „Húsin eru hönnuð og byggð af foreldrum mínum og þegar faðir minn lést var hann búin að vera að klæða gamla húsið. Við erum enn að bæta við og byggja.“ Í dag er eldra húsið, sem í daglegu tali er nefnt „gamla húsið“ í fínu ásigkomulagi og að sögn Elsu heldur fjölskyldan sig



„Kisur hafa alltaf verið hluti af heimilinu okkar. Þær eru svo leyndardómsfullar og skemmtilegar,“ segir Elsa.

mest þeim megin. „Við tölum um að fara út í hús, þegar við meinum nýja húsið,“ segir Elsa sem hefur ekki hugmynd hvað þau eru stór í fermetrum. „Húsið eru mjög kaotískt svo það er erfitt að segja hversu margra herbergja það er. Stíllinn er bæði hlýlegur og kaldranalegur. Þetta er allt mjög persónulegt, skakkir veggir, listrænt og svolítið bóhemlegt,“ segir Elsa sem er umvafin listaverkum foreldra sinna. „Listin setur mikinn svip á heimilið okkar og heimilishaldið allt. Við borðum af diskum og drekkum úr glösum sem mamma hefur gert og pabbi mynd-

*Framhald á bls. 8*

# TIL HAMINGJU!

ÍAV




**Íslenskir aðalverktakar óska Grand Hótel Reykjavík til hamingju með glæsilegan nýjan 14 hæða turn, með þakklæti fyrir samstarfið.**



HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

Þann 23. september 2005 var fyrsta skóflustunga tekin og hófust framkvæmdir þegar í stað. Byggingin er rúmlega 14.000 fermetrar á fjórtán hæðum og samanstendur af kjallara, 12 heilum hæðum, inndreginni hæð og hæð sem skilur húsin í tvær einingar.

Byggingin er háreist og tignarleg og hýsir turninn 209 rúmgóð herbergi auk þess sem gerður var nýr aðalinngangur með gestamóttöku sem tengist yfirbyggðum innigarði ogþjónusturými í kjallara og á fyrstu hæð.

Eldri hluti hótelsins er rúmlega 8.000 fermetrar og með viðbyggingunni er heildarflatarmál byggingarinnar því orðið rúmlega 22.000 fermetrar og herbergin 314 talsins.

www.iav.is

Íslenskir aðalverktakar hf. Höfðabakka 9, 110 Reykjavík, sími 530 4200



Heimilið er kaótískt, persónulegt og hlítur engum sérstökum reglum. „Þetta er bara allt eftir okkar höfði,“ segir Elsa.

Framhald af bls. 6

skreytt og þetta er allt eftir okkar höfði hér, það eru engar reglur,“ segir Elsa sem á góðar æskuminningar frá Laugarnestanganum. „Þetta var eins og að alast upp í sveit, þó í miðri borg. Ég mátti aldrei fara ein yfir Kleppsveginn enda engin umferðarljós, svo krakkarnir urðu að koma hingað en það var mjög vinsælt. Ég er mikið hippabarn og hérna var eini staðurinn sem krakkar gátu leikið sér eins og þeim lysti. Við gerðum leirmuni og brenndum úti í garði og nutum frelsisins,“ segir Elsa sem getur ekki hugsað sér lífið án hafsins. „Ég var í námi í Feneyjum í ár og bjó þá nánast í sjónum. Þegar ég flutti til London var ég hins vegar að kafna, svo það var gott að koma heim,“ segir Elsa sem lauk nýlega mastersnámi í umhverfissiðfræði. „Ég er alin upp við sjóinn þar sem þari og salt barði rúðurnar í stormi og Snæfellsjökull blasti við út um gluggann á barnaherberginu alla tíð. Ég vil búa nálægt náttúrunni, er mikið hippabarn og umhverfissinni,“ segir Elsa sem kann ákaflega vel við sig með móður sinni og bróður. „Þetta er ekki æskuheimili



Fótboltaskórnir hennar Elsu eru mikið stofustáss. Enn hafa þeir þó ekki látið sjá sig á vellinum.

sem er hægt að yfirgefa auðveldlega. Hérne liggur sálin og okkur í fjölskyldunni líður best þegar við erum saman,“ segir Elsa sem nýlega stóð fyrir sýningu ásamt móður sinni og bróður tileinkaða minningu föður síns, myndlistarmannsins Magnúsar Kjartanssonar, í Grafarvogskirkju. Sjálf er Elsa að feta sig inn í heim listarinnar og stefnir á ljósmyndun og býst við að prýða veggi heimilisins með ljósmyndum úr eigin smiðju. Meira um Elsu má sjá á: www.flickr.com/photos/elsaprinsessa *rh@frettabladid.is*

Stigateppi

enia Stigateppi
fyrir húsfélög og sameignir






*Mælum og gerum tilboð að kostnaðarlausu*

KJARAN GÓLFBÚNAÐUR
SÍÐUMÚLI 14 • 108 REYKJAVÍK
SÍMI 510 5510
OPIÐ VIRKA DAGA KL.8 -18.

Eirberg

**Swopper** vinnustóllinn



- Bylting fyrir bakið
- Styrkir magavöðvana
- Frelsi í hreyfingum
- Ánægja við leik og störf
- Fæst í ýmsum litum

www.eirberg.is • 569 3100

Eirberg

**Betra loft** betri líðan



**Airfree lofthreinsitækið**

- Byggir á nýrri tækni sem eyðir ryki, frjókornum og gæludýraflösu
- Eyðir ólykt, bakteríum, vírusum, myglu og öðrum örverum
- Er hljóðlaust og viðhaldsfrítt – tilvalið í svefnherbergið og á skrifstofuna

www.airfree.com • www.eirberg.is • 569 3100



húsgögn fyrir fólk á öllum aldri
Karolin Svefnsófi
Jackson hornsófi
275 x 240 cm kr. 189.000.-
Korfu
196 x 242cm kr. 136.000-
196 x 196cm kr. 126.000-
Borð. T 1171
Stóll SE170
Rafmagnsrúm
Verð frá kr. 76.200.-
Electa 120x200 60.570 áður 67.300.-
140x200 69.390 áður 77.100.-
160x200 81.720 áður 90.800.-
180x200 97.110 áður 107.900.-
Bilbao
198 x 248cm
198 x 198cm
Suprima
90x200cm 33.280.- áður 41.600.-
120x200cm 42.400.- áður 53.000.-
140x200cm 49.360.- áður 61.700.-
Casper
Samba svefnsófi
Amanda 265 x 220 cm kr. 179.000.-
www.toscana.is
Opið virka daga 10 til 18
laugadaga 11 til 16
HÚSGAGNAVERSLUN
TOSCANA
SMIÐJUVEGI 2, KOP S:587 6090
HÚSGÖGNIN FÁST EINNIG Í HÚSGAGNAVAL, HÖFN S: 478 2535

# Notalegheit í skammdeginu

● Nú þegar skammdegið ræður ríkjum er fátt betra en að hjúfra sig uppi í sófa og láta fara vel um sig. Að hita sér ilmandi te og hlýja sér á krúsinni getur verið nauðsynlegt til að fá hita í kroppinn. Sé napurt úti er notalegt að koma sér fyrir í sófanum með krúsina og góða bók í hönd. Enn þá betra er að breiða yfir sig hlýtt teppi, deyfa birtuna og kveikja á leslampa eða kertum. Varla er hægt að hugsa sér betri leið til að ljúka annasömum degi.



**1. Hlýtt og notalegt** teppi úr kasmírull. Fæst í Habitat og kostar 21.500 krónur.

**2. Sniðugur teketill úr járni.** Sían er undir lokinu og er hægt að setja ketilinn beint á helluna. Kostar 4.900 kr. og fæst í Habitat.

**3. Ilmandi bronslituð** kubbakerti sem fara vel í stofunni. Habitat, 690 krónur.

**4. Svarti skermurinn** gefur notalega birtu. Lampinn fæst í Tekk Company og kostar 7.500 krónur.

**5. Fölbleikt teglas** með fallegri lögun úr versluninni Egg. 1.490 krónur.













# Undirstaða ánægju.



**Hästens**

since 1852

Hästens verslunin í Reykjavík • Virka daga 11-18 • Laugadaga 11-16 • Grensásvegi 3 • Reykjavík • 581 1006 • www.hastens.is

Hugtök Okt 07



**STORMUR Í TEBOLLA** Stormur í vatnsglasi er þekkt orðatiltæki. Hönnuðir verslunarinnar Duffy í London notuðu hugmyndina til að hanna tebolla sem er hvítur og einfaldur að utan en með öldur málaðar á að innanverðu. Það er örugglega skemmtilegt að lesa í þennan bolla. www.duffylondon.com/



Paula


Mary

[redacted]


Hermes


Barbara

SÓFASETT

*Mikið úrval*

NÝFORM

HÚSGAGNAVERSLUN

REYKJAVÍKURVEGI 66 HAFNARFIRÐI SÍMI 565 4100


## hönnun



**● MJÚKT OG AÐLAÐANDI** Sægras, eða Seagrass, heitir þetta mjúka og aðlaðandi teppi eftir hönnuðinn Nani Marquina. Nani hefur unnið að innanhússhönnun frá níunda áratugnum og fann fljótt fyrir þeirri þörf sem var á mottum og teppum í stíl við húsgögn þess tíma og hóf þá að hanna eigin teppalínu.

Enn í dag sérhæfir hún sig í mottum og nýlega kynnti hún Seagrass-línu sína fyrir DWR. Nani vill að mottur veki undrun en séu þó ekki of yfirþyrmandi.

**● LEIÐ TIL AÐ LÍFGA UPP Á SKAMMDEGIÐ**



Hví ekki að gera sér glaðan dag og leyfa sér að kaupa fallegan blómvönd til að lífga upp á heimilið? Það er ótrúlegt hve mikið fersk, afskorin blóm geta gert fyrir umhverfi sitt. Oft gefa þau frá sér góðan ilm en mikilvægast er hve falleg þau eru í viðeigandi vasa. Þau minna á sumarið með birtu og yl og fallegir litirnir gleðja augun. Það er því um að gera að njóta þeirra meðan kostur gefst þar sem þau blómstra í hinsta sinn og tjalda öllu sem til er.




Webasto

Feel the drive

Sætishitari í bílinn þinn!

2 hitastillingar sem halda stöðugum hita.

Passar á allar sætisgerðir

*Láttu ekki kuldan gera þér gramt í geði*

Lífstíðarábyrgð

BÍLASMIÐURINN HF

BÍLASMIÐURINN HF • BÍLDSHÖFÐA 16 • 110 REYKJAVÍK • SÍMI: 567 2330

BILASMIDURINN @ BILASMIDURINN.IS

# Þetta er Invita



**Erum flutt í Ármúla 15 og bjóðum ykkur**

**velkomin í stórglæsilegan nýjan sýningarsal**

20 ára ábyrgð og 25 ára góð reynsla á Íslandi.

INVITA®

*- persónulega eldhúsið*

Eldaskálinn | Ármúli 15 | 108 Reykjavík | sími: 562 1420 | eldaskalinn@eldaskalinn.is | www.invita.com



# Lýsandi stemning

● Lýsing getur haft mikið að segja um það andrúmsloft sem skapast inni á heimilum. Mild lýsing skapar notalega stemningu, skær lýsing getur verið stofnanaleg en þægileg sem vinnuljós og svo framvegis. Til eru þó margar fallegar og sérstakar ljósakrónur og lampar sem geta sett skemmtilegan svip á umhverfi sitt.

- hs







**1.** **Loginn.mgx** nefnist þessi sérstæða ljósakróna og er hönnuð af Batsheba Grossman fyrir Materialise.MGX. Ljósakrónan dreifir fínlegum ljósröndum á veggina í kring. Þannig skapast náið andrúmsloft.

**2.** **Mjólkurflöskuljós** úr sandblásnu gleri og í laginu eins og mjólkurflöskur með ljósaperu sem hangir neðan í krómuðu lokinu. Ljósið ber með sér hlýlega fágun og þokka sérstæðrar hönnunar. Hönnuður er Tejo Remi fyrir Droog Design.

**3.** **Snjóhvít Íkarusarljósakróna** varpar frá sér ógleymanlegri skuggamynd af væng Íkarusar. Hún er í senn ljóðræn og létt og gefur frá sér afar rómantíska lýsingu. Ljósakrónan er hönnuð af Tord Boontje fyrir Artecnica.

**4.** **Blimp mjúki lampinn** (Blimp Soft Lamp) kemur frá Mathmos Design Studio. Þetta er skemmtileg nútímahönnun sem setur punktinn yfir i-ið. Ljósið breytir stöðugt um lit með handsnertingu og fer nánast í gegnum allt litrófið. Kveikt er á ljósinu og slökkt með því að snerta það að ofan. Þetta er mjög skemmtilegt ljós með fagurlitum blæ og formið er einnig mjúkt og leikandi.

**5.** **Miðsumarljósið** veitir hlýju og ævintýralegan bjarma. Það er hannað af Tord Boontje fyrir Artecnica og ljós og skuggar laufskrúðsins lífga upp á heimilið. Ljósakrónan fæst í mörgum litum.




af öllum Nettoline innréttingum 20% afsláttur til 10. nóvember

# Jólin nálgast!

**20% afsláttur af öllum nettoline innréttingum til 10. nóvember**

**Notaðu tækifærið og nýja innréttingin verður tilbúin tímanlega fyrir jól.**

**NÝJAR SÝNINGARINNRÉTTINGAR - KOMDU OG SKOÐAÐU!**

af öllum Nettoline innréttingum 20% afsláttur til 10. nóvember

nettoline AUÐVELT - FLJÓTLEGT - ÓDÝRT



Hlýtt og notalegt — NICE hvítt




Í takt við tímann — PISA höldulaust



Nýtt, ódýrt og spennandi — TORINO hnota



Betra bað - meira úrval - lægra verð



Góð vinnuaðstaða skiptir máli

nettoline

GLÆSILEGAR DANSKAR INNRÉTTINGAR Í ÖLL HERBERGI HEIMILISINS
Veldu um
59 hurðagerðir og - liti



Fataskápar með venjulegum- eða rennihurðum

**ÞITT ER VALIÐ!**
Þú velur um að kaupa innréttinguna ósamsetta eða lætur okkur um samsetninguna. Við önnumst líka uppsetningu og frágang fyrir þá sem þess óska - fullkomin þjónusta, eigið verkstæði.

**VIÐ HÖNNUM OG TEIKNUM FYRIR ÞIG!**
Komdu með málin af eldhúsi, baði, þvottahúsi, anddyri eða svefnherbergi - við hönnum, teiknum og gerum þér hagstætt tilboð í glæsilega danska innréttingu í hæsta gæðaflokki.

**25% Jóla AFSLÁTTUR AF RAFTÆKJUM!**
þegar þau eru keypt með eldhúsinnréttingu!



Auk innréttinganna bjóðum við fullkomið úrval vandaðra raftækja, m.a. vorum við að fá sendingu af spanhelluborðum, sem við bjóðum á frábæru jólatilboðsverði.

www.nettoline.dk

Opið: virka daga 9 - 18
laugardaga 10 - 16

Friform
Askalind 3 - 201 Kópavogur - Sími: 562 1500
Velkomin í Friform, þar sem þú færð meira fyrir peningana




TM MOSFELL EHF • HOLTSBÚÐ 93 • SÍMI 566 6606 • FAX 566 6619 • MOSFELL@MOSFELL.IS • WWW.MOSFELL.IS

# MAX

## VERÐHRUN!

**3.989 kr.**
Fullt verð ~~6.989~~

AÐEINS 100 STK

**SonyEricson J100i**
- Traustur GSM sími
- Dual-Band 900/1800
- Stærð: 100x44x18mm
- Þyngd: 70gr
- Taltími allt að 8 klst.
- Biðtími allt að 300 klst
- 65.000 lita STN skjár
- Spilar 32 radda Pólýtóna
- Titrari, vekjari, reiknivél, dagbók og skeiðklukka

## Stafræn myndavél

**SONY DSCW50**
- Stafræn myndavél
- 6 milljón punkta uppl.
- 2,5" LCD skjár
- 3x Optical
- 6x Digital zoom
- Carl Zeiss linsa
- Hreyfimyndataka
- USB tenging
- 32MB minni innbyggt

**16.989 kr.**
Fullt verð ~~28.989~~

## Míkróstæða

**Lenco MDV14**
- Míkrósamstæða
- Fjölkerfa DVD spilari
- Spilar DVD, DVD+R/RW, DVD-R/RW, CD, CD-R/RW, (S)VCD og MPEG4
- Útvarp með stöðvaminnum
- 2 hátalarar og bassabox
- Scart, Component og SVHS tengi
- Digital Optical og Coaxal útgangur
- Fjarstýring

**17.989 kr.**
Fullt verð ~~24.989~~

Nýtt á CD
Nýtt á DVD

**Andrea Bocelli** - Vivere

**1.689 kr.**
Fullt verð ~~1.999~~

## Latibær 2-4

Diskar 2-4

Sama gaman
Lækkað verð

**1.489 kr.**
Fullt verð ~~2.489~~

## Rakvél Philishave

**Philips HQ6646**
- Philishave rakvél
- Reflex action hnífar
- Super Lift & Cut
- Bartskeri

**4.989 kr.**
Fullt verð ~~5.989~~

## Blandari

**Exido 246015**
- 500w blandari - stál
- 2 hraðastillingar
- Púls möguleiki
- Öryggisrofi

**3.989 kr.**
Fullt verð ~~5.989~~

## Kæliskápur

**Bauknecht KSN530IN**
- 178sm Amerískur ísskápur
- 335 lítra kælir
- 155 lítra frystir
- Total No Frost
- Orkunýting A
- Hljóð: 45dB
- 6 glerhillur í kæli
- Ískalt vatn, klakar og kurlaður ís
- Frystigeta 12kg á dag
- Framleiddur á Ítalíu
- Stál hurðir og hliðar
- Mál (hxbxd): 178x90,2x76,4
  Dýpt án hurða 60sm

**169.989 kr.**
Fullt verð ~~199.989~~

## Samsung LCD 32 tommur

**Samsung LE32S71**
- 32" LCD veggsjónvarp
- HD Ready
- DNIe stafræn myndvinnsla
- Upplausn: 1366 x 768
- Mynd í mynd (1 tuner)
- HDMI, Component, SCART x 2, PC (D-sub) og S-video
- Game mode

**99.989 kr.**
Fullt verð ~~149.989~~

Nýtt á DVD

**1.489 kr.**
Fullt verð ~~2.299~~

## Opnunartími

| | | | |
|---|---|---|---|
| Mánudaga | kl. 11-19 | Fimmtudaga | kl. 11-22 |
| Þriðjudaga | kl. 11-19 | Föstudaga | kl. 11-19 |
| Miðvikudaga | kl. 11-19 | Laugardaga | kl. 11-18 |
| | | Sunnudaga | kl. 12-18 |

Fim

MAX / Kauptúni 1
210 Garðabæ
Sími 412 2200

VERÐHRUN!

Við erum beint á móti IKEA

MAX RAFTÆKI



Persa kettlingar tilbúnir til afhendingar. Aðeins áhugasamir hafi samband. S. 663 6507.



Til sölu hvolpar Basset Fauve De Bretagne, verða afhentir, bólusettir, örmerktir, tryggðir og ættbókafærðir hjá HRFÍ. S. 422 7501 & www.123.is/islandsnollar.

Til sölu Rottweiler hvolpar. Rólegir barngóðir og yndislegir heimilishundar. Afhendast bólusettir, örmerktir, ormahreinsaðir og ættbókafærðir hjá HRFÍ. S. 690 1903.

Óska eftir Labrador tík. Uppl. í s. 659 2465.

Gullfallegir og yndislegir Mini Pincher hvolpar til sölu, ættbókarfærðir. Uppl. í s. 691 7306.

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Gisting

Til leigu á Spáni allan ársins hring -Barcelona, Costa Brava, Menorca, Valladolid. Uppl. í s. 899 5863 www.helenjonsson.ws & www.spainapartments.ws

## Byssur

**Rjúpa**
Veiðimenn! Vekjum athygli á heimasíðu skotvís. www.skotvis.is Skotveiðifélag Íslands

## Hestamennska

**Hey**
Úrvals heyrúllur til sölu. Uppl. í s. 866 0256.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**Íbúð til leigu á svæði 111. Laus 1/11/2007.**
**Til leigu falleg rúmgóð 2 herb. íbúð. Einungis regusamir og reyklausir koma til greina. Meðmæli óskast. Langtímaleig fyrir réttaaðila. Leiga 110 þús. Per mán. 2 mán. fyrirframm.l Uppl. gefur Bjarni í síma 849 8131.**

NOVOS
Erum með flottar íbúðir á góðu verði til leigu í Keflavík. Kíkið á heimasíðu okkar: www.novos.is eða hafið samband í síma 420-9515.

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

100 fm íþróttasalur til leigu í líkamsræktarstöð. Parket og speglar í sal. Uppl. í síma 553 5590 & gsm 896 3667

**www.heimahagar.is**
Einstaklings og 2 herbergja íbúðir til leigu. Nánari uppýsingar á www.heimahagar.is

35 fm. risíb. á Seltj.n. f. reyklausa frá 2.11. Frábært útsýni. V. 85 þ. + 2 mán. tr. Langtímal. og fast v. til 12 mán. S. 6177791.

3. herb. íbúð til leigu að Kiðafelli í Kjós. Einnig herbergi með sameigilegri aðstöðu til leigu. Uppl. í s. 552 3622 & 892 4771.

Efrihæð í einbýli á svæði 108 3 svefnh. húsgögn. rafm./ hiti. Uppl. í s. 893 7211.

Snyrtileg íbúð í Hólahverfinu til leigu frá og með 1. nóv. Leiga 95 þús. á mán. í 6 mán. 2ja mánaða bankaábyrgð. Upplýsingar í síma 868 7691.

Til leigu studio íbúð í Hfj. Leiga 65 þús með hita + rafm. 2 mán fyrirfr. og 1 mán trygg. Uppl. í s. 840 5044.

2 herb. íbúð til leigu á svæði 109. Laus 1. nóv. 2 mán. fyrirfram. Verð 100 þús. Uppl. í s. 867 2575.

Herbergi til leigu. Herb. fylgir salerni með sturtu og þvottavél, einnig er sjónvarspkrókur til afnota og net-tenging fylgir. Aðgengi að fullbúnu eldhúsi. Staðsetning, Hafnafj. við Lónsbraut. Uppl. í s. 895 8843.

Til leigu björt og falleg 2 herb. íbúð á góðum stað í Kóp. (Fossvogsdalnum) sérinngangur á svölum. Langtímaleiga, fyrir trausta aðila. Laus. Uppl. í s. 698 9160.

Til leigu íbúðir. Risíbúð eldús, bað, 3 herb. og einnig 53 fm kjallari með sér inngang. 1 herb, baði og eldhús. Uppl. í hustilleigu@visir.is. Laust strax.

3. Herb. Íbúð 126 fm á Seltjarnarnesi, stutt í alla þjónust. Nánari Uppl. í s. 551 7330.

Mjög rúmgóð 2 herb. íbúð til leigu í Mosfellsbæ. Uppl. um fjölskylduhagi sendist til cgtms@hotmail.com

**Íbúð til leigu - apartment for rent.**
2ja herbergja/two rooms apartment for rent. Íbúðin er við Mánagötu og öll nýmáluð. Leiga kr. 100 þ. pr. mánuð, hússjóður innifalinn. Tveir mánuðir fyrirfram og tyggingarvíxill. Langtímaleiga möguleg. Uppl. í s. 897 1675 & 896 7026.

## Húsnæði óskast

Vantar íbúð m. stórri geymslu eða bílskúr í Reykjavík eða Reykjanesbæ. Erum reyklaus, skilvís og heiðarleg. Par m. barn á leiðinni. s. 867 6604.

Sölu og markaðsstjóri leitar að snyrtilegri 2-3ja herbergja íbúð á höfuðborgarsvæðinu. Ársleigusamningur - Öruggar greiðslur með ábyrgð fyrirtækis - Reglusemi og snyrtimennska. Ath! Kjallaraíbúðir eða bílskúrar koma ekki til greina. Þeir húseigendur sem hafa áhuga vinsamlegast hringið í gsm 860 5418 eða s. 520 1220 Kristinn.

## Sumarbústaðir



Til sölu eða leigu 40fm sumarhús í kjós, 35 mín frá Rvk. Verð 10.5 millj. Ath skipti t.d. bíll + hús. Uppl. í s. 899 4009.

## Atvinnuhúsnæði

Við erum nokkrir jeppakallar sem óskum eftir ódýru iðnaðarplássi ca. 80-220fm, æskileg hurðarstærð 270x270 og lofthæð 3-4m. Helst staðsett í Gbæ., Kóp, Rvk. eða Mos. Nánari uppl. gefur Sigurður í s. 698 9397.

Atvinnuhúsnæði óskast á höfuðborgarsv. sem fyrst. 30-100 fm. Öruggum greiðslum heitið. Bílskúr kæmi hugsanlega til greina. Uppl. í s. 844 5222.

**Flott verslunarpláss til leigu!**
Flott verslunarpláss til leigu á mjög góðum stað þar sem mikil traffík er og mjög góð bílastæði. Uppl. í s. 692 8022. Laust um næstkomandi mánaðamót.

Óska eftir að taka á leigu atvinnuhúsnæði 60-150 fm með innkeyrsluhurð, helst á Höfðanum, annað kemur til greina. Traustir leigjendur. Uppl. í s. 699 6661 & 699 5801

120fm iðnaðarhúsnæði, kaffistofa og klósett í Hfj. Háar innkeyrsludyr. Nýlegt hús. Uppl. í s. 857 3391.

## Geymsluhúsnæði

**Fellhýsi - tjaldvagnar.**
Til leigu upphitað geymsluhúsnæði á Suðurnesjunum. Tek í geymslu fellihýsi og tjaldvagna. Uppl. í s. 867 1282.

10 fm skúr/kofi til sölu, einangraður með rafm. og rafm. ofni. Uppl. í s. 868 7429.

## Gisting

**Stúdíóíbúð í Reykjavík**
Til leigu stúdíóíbúð í Reykjavík, fullbúinn húsgögnum. Sólarhringurinn á 14.900 kr. Uppl. í s. 511 3030,info@4thfloorhotel.is

**Rjúpa**
Bókaðu strax! Hótel Bjarg, Fáskrúðsfirði. Sími 899 6221.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

starf.is
Nú er rétti tíminn til að breyta til.

BOOZTBAR ÍSBAR

**Ísbar/Booztbar, Borgartúni og Kringlunni.**
**Óskar eftir að ráða í eftirfarandi störf: dagvinna - fullt starf, Dagvinna - hlutastarf, hlutastörf á kvöldin og um helgar. Einungis traust og heiðarlegt fólk kemur til greina. Uppl. í s. 898 7924, Kristinn eða senda umsókn á cyrus@simnet.is**

Hringiðan
Kanntu að stilla routera pinga og tracea, virus- og Spyware hreinsa tölvur
Ef svo er sendu okkur umsókn í dag á netangið: atvinna@vortex.is



www.vortex.is

**Mömmur ath!**
**Óskum eftir að ráða glaðlegan starfskraft á Nings Stórhöfða. vinnutími frá 11-16 virka daga, en meiri vinna í boði ef viðkomandi vill.**
**Vinsamlegast hringið í 822 8870 eða sækið um á nings.is**

**Leikskólinn Ösp**
**Hefur þú gaman af börnum? Þá höfum við starfið fyrir þig.**
**Hafðu endilega samband við okkur í s. 557 6989 & 693 9819, Svanhildur.**

**Leikskólinn Ösp**
**Hefur þú gaman af því að aðstoða í eldhúsi? Þá höfum við starfið fyrir þig.**
**Hafðu endilega samband við okkur í s. 557 6989 & 693 9819, Svanhildur.**

Kornið óskar eftir starfsfólki í Hjallabrekku, frá kl. 7-13 á virkum dögum og í LÆkjargötu frá 12 - 18.30 á virkum dögum. Uppl. í s. 864 1593 Ella.

Kornið Borgartúni óskar eftir helgarstarfsfólki. Uppl. í s. 864 1593.

**Ert þú að leita að skemmtilegri vinnu með skóla?**
**Subway óskar eftir jákvæðu og duglegu fólki með mikla þjónustulund. Um er að ræða vaktavinnu um kvöld og helgar. Breytilegar vaktir í boði sem henta vel með skóla. Hægt er að sækja um á subway.is**
**Nánari upplýsingar veitir starfsmannastjóri í síma 530-7004. Aldurstakmark er 16 ár.**

**Keiluhöllin í Öskjuhlíð**
**Óskar eftir starfsmanni í símasvörun milli kl. 10-17 virka daga.**
**Upplýsingar í síma 864 6112 og á www.keiluhollin.is**

**Gaflinn í Hafnafirði óskar eftir kokk til starfa.**
**Gaflinn í Hafnafirði óskar eftir kokk til starfa í dagvinnu sem fyrst.**
**Upplýsingar veitir Ingunn í síma 897 6096.**

Opnum nýja Cintamani verslun í IÐU húsinu. Óskum eftir áreiðanlegu starfsfólki til almennra sölustarfa með ríka þjónustulund. Við leitum að kraftmiklum og metnaðarfullum einstaklingum sem eiga auðvelt með mannleg samskipti og sýna sjálfstæði í störfum. Umsóknir sendist á arndis@ida.is

**Reykjanesbær.**
**Potrzebujemy doswiadczonych hydraulików. W naszym przedsiebiorstwie pracuje 20 Polaków i szanujemy wszystkich którzy chca pracowac. Dobre wynagrodzenie i dobre warunki pracy. Informacji udziela Kalin pod nr tel. 840 6102.**
**Nesbyggð ehf.**

## TILKYNNINGAR



Alþjóðleg hundasýning Íshunda verður haldin núna um helgina í reiðhöll Gusts í Kópavogi. Sýningin fer fram báða dagana og byrjar hún **kl:10:00** og er hún opin öllum aðgangseyrir er 500 krónur en **frítt** er fyrir börn yngri en 12 ára í fylgd með fullorðnum. Sölubásar og tegundarkynning verða báða dagana og veitingar á efri hæð. **www.ishundar.is**

Dómari er Tom Alexander





## TILKYNNINGAR

# Auglýsing um skipulag í Kópavogi.

## Kjóavellir- Hesthúsabyggð. Breytt skipulag.

**Breytt aðalskipulag.**
Tillaga að breyttu Aðalskipulagi Kópavogs 2000-2012 auglýsist hér með skv. 18. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.
Nánar tilgreint afmarkast skipulagssvæðið af "flóttamannaleið" í Rjúpnahæð til norðurs, umráðasvæði hestamanna við Heimsenda til suðurs, reiðstíg í Sandahlíð til suðurs og sveitarfélagsmörkum Garðabæjar og Kópavogs til vesturs. Í tillögunni felst að óbyggt svæði breytist í opið svæði til sérstakra nota (hesthúsabyggð) sem umlykur núverandi hesthúsasvæði. Heildarstærð svæðisins verður eftir breytingu um 26 ha. Innan svæðisins er gert ráð fyrir svæði undir verslun og þjónustu sem tengist starfsemi á svæðinu. Landnotkun þar breytist úr opnu svæði til sérstakra nota í blandaða landnotkun verslunar- og þjónustu og opins svæðis til sérstakra nota. Stærð svæðisins með blandaða landnotkun verður um 2,1 ha. Á grundvelli breytinga á Svæðisskipulagi vatnsverndar á höfuðborgarsvæðinu er jafnframt gerð tillaga um breytta afmörkun vatnsverndarsvæða.

Miðað er við að um 66 ný hesthús rísi á svæðinu til viðbótar við þau 26 sem þegar eru samþykkt í deiliskipulagi Heimsenda. Að auki er gert ráð fyrir reiðskemmu og yfirbyggðum FIPO keppnisvelli.

Samhliða breytingu á Aðalskipulagi Kópavogs 2000-2012 er unnið að breytingu á Aðalskipulagi Garðabæjar 2004-2016. Stefnt er að því að skipulagssvæðið Kjóavellir, sem nær yfir tvö hesthúsahverfi (Andvara og Heimsenda), verði sameiginleg miðstöð hestaíþrótta í báðum sveitarfélögum (Garðabæ og Kópavogi) sem munu sjá um alla þjónustu við svæðið.

Göngu- og reiðleiðir breytast innan svæðisins til samræmis við breytt skipulag.

Forsendur skipulagsbreytingarinnar er breyting á mörkum vatnsverndar. Brunnsvæði Garðabæjar við Dýjakróka verður aflagt og ný mörk vatnsverndar á svæðinu ráðast af áhrifasvæði vatnsverndar við Kaldársel í Hafnarfirði og Myllulæk og Gvendarbrunna í Reykjavík. Vísað er í breytingu á Svæðisskipulagi vatnsverndar á höfuðborgarsvæðinu sem nú er til samþykktar.

Tillagan er sett fram á uppdrætti í mkv. 1:10.000 ásamt greinargerð dags. í október 2006. Nánar vísast til kynningargagna.

Tillagan verður til sýnis á Bæjarskipulagi Kópavogs, Fannborg 6, 2. hæð frá kl. 8:00 til 16:00 mánudaga til fimmtudaga og á föstudögum frá 8:00 til 14:00 frá 31. október 2007 til 28. nóvember 2007. Athugasemdir eða ábendingar skulu hafa borist skriflega Bæjarskipulagi eigi síðar en kl. 15:00 miðvikudaginn 12. desember 2007. Þeir sem ekki gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkir tillögunni.

**Smári Smárason**
**Skipulagsstjóri Kópavogs.**

**Uppsetningar & þjónusta**

Starfsmaður óskast í uppsetningar og þjónustu á sjálfvirkum hurðum og lyftum. Handlægni skilyrði og iðnmenntun kostur.

Umsóknir sendist á bjarni@ri-verslun.is

RÍ VERSLUN

**Erum að leita að bílstjórum.**

Pósthúsið leitar að duglegum og kraftmiklum bílstjóra til starfa á nóttinni. Um er að ræða akstur á dreifingarefni á stór höfuðborgasvæðinu. Vinnutími er frá miðnætti til átta á morgnana. Getum einnig bætt við okkur bílstjórum í lausamennsku fram að jólum. Hægt er að senda umsóknir og fyrirspurnir á umsoknir@posthusid.is

**Fullt starf eða auka vinna**
Viljum bæta við þjónustufólki í fullt starf og auka vinnu. Umsóknir á staðnum og á www.kringlukrain.is & Uppl. í s. 893 2323.

**Vélamaður**
Vanann gröfumann með vinnu-vélaréttindi vantar á 17 tonna hjólavél þarf helst að vera með meirapróf, frír matur í hádeginu.
Uppl í S. 822 2660 og 822 2661.

**Cafe Conditori Copenhagen**
Við óskum eftir hressu og góðu fólki í fullt starf strax og í hlutastarf á kaffihús okkar. Unnið er á vöktum og fá allir starfsmenn kennslu í kaffigerð. Nánari upplýsingar veitir Silvía í síma 699 8827.


Bílstjórar óskast Óskum eftir bílstjórum í kvöld og helgarvinnu í Rvík og Selfossi Guðmundur Tyrfingsson ehf sími 482120/894 2010 og gtbus.is

Viltu vinna með skólanum við tölvur/bókahald.Þarf að vera 20+ tala og skrifa ísl.vinnutími samkomulag. Uppl.í síma 564-5255 Gerða

Bóka- og ritfangaverslun miðsvæðis í Kópavogi óskar eftir starfskrafti í hlutastarf til frambúðar. mava@simnet.is

Byggingafyrirtæki óskar eftir smiðum og verkamönnum vönum flekauppslætti og mönnum vönum járnabindingum. Uppl. í s. 856 5555.

Yfirvélstjóra vantar á tæplega 200 tonna netabát og dragnótarbát sem gerður er út frá Suðurnesjunum. Uppl. í s. 892 5522.

Vantar röska menn á hjólbarðaverkstæði. Bæði framtíðarstörf og tímabundin störf í boði. Uppl. í s. 557 7200.

Vantar stóran hóp fólks til að þrífa verslun frá 5-7 nóvember frá 16-21. Uppl. á www.hendur.is

Tek að mér uppsetningu stýrikerfa, uppsetningu hugbúnaðar og gef ráð varðandi tölvuvírusa. Mikil reynsla, mikil þekking og vönduð vinnubrögð. Uppl. á www.hendur.is

Tek að mér að sitja hjá og aðstoða fullorðið fólk í heimahúsum. Uppl. í s. 564 5309 milli 10-12 næstu daga.

Zatrudnie stolarza z uprawnieniami do wykonywania zawodu. Praca w Grindaviku - wykanczanie domu (sciany dzialowe, dach itp). Mozliwosc zakwaterowania, jednego posilku dziennie oraz korzystania z auta. Informacje pod nr 586 2342 tylko w sobote od 16 do 21.

**Gröfumenn**
Óskum eftir vönum gröfumönnum. Uppl. í s. 843 5640.

**Gröfumenn**
Óskum eftir vönum gröfumönnum. Uppl. í s. 843 5640.

**Starfskraftur óskast.**
Helst vanur. Hjólbarðaverkstæði Grafarvogs. S. 567 4468.

## Atvinna óskast


**Vantar þig Smiði, múrara eða járnabindingamenn?**
Höfum á skrá menn sem að óska eftir mikilli vinnu. Geta hafið störf nú þegar.
Proventus starfsmanna-

þjónusta s. 661 7000.


## TILKYNNINGAR

## Tilkynningar

**AÐALFUNDUR KRUSER!!**
Aðalfundur verður haldinn 29 . Október kl. 20:00, Stórhöfða 17, í sal Tropical
Stjórnin

**Stóra kapphlaupið: Rauðavatn.**

## ATVINNA


**RAFVIRKJAR!**
Óskum eftir að ráða rafvirkja til framtíðarstarfa
Gunnar s: 587 8890 eða tölvupóstur á: gunnar@rafstjorn.is
RAFSTJÓRN ehf. Virkni íoltræstikerfa er okkar fag!
www.rafstjorn.is

**Starfsmaður óskast**
Starfsmaður óskast í veitulagnir á höfuðborgarsvæðinu. Starfið felur í sér að leiða tveggja til þriggja manna hópa og hafa yfirumsjón með verkum. Starfsmaður þarf að uppfylla eftirfarandi skilyrði:

**Hæfniskröfur:**
1. Iðnmenntun æskileg s.s járnsmíði, pípulagnir eða sambærileg menntun.
2. Stundvísi.
3. Verkleg reynsla nauðsynleg.
4. Hæfni í mannlegum samskiptum
5. Geta til að vinna sjálfstætt.
6. Samviskusemi.

**Áhugasamir vinsamlegast sendið umsóknir á box@frett.is merkt „Veitulagnir"**

**KOLAPORTIÐ**
Góð leið til fjáröflunar

OPIÐ UM HELGINA FRÁ KL. 11-17


## TILKYNNINGAR

# Auglýsing um skipulag í Kópavogi.

**Álfhólsvegur 53. Deiliskipulag.**
Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga, auglýsist hér með tillaga að deiliskipulagi Álfhólsvegar 53. Í tillögunni felst að í stað eldra einbýlishúss komi þríbýlishús á tveimur hæðum með bílakjallara fyrir 8 stæði og geymslur fyrir íbúðirnar. Grunnflötur húss er 278 m2 og flötur efri hæðar 180 m2. heildar byggingarmagn áætlað 458 m2 utan bílakjallara. Tvö bílastæði verða á lóð, þar af eitt stæði fyrir fatlaða. Ekki verður bakkað út á Álfhólsveg heldur bílum snúið á lóð og keyrt út á Álfhólsveg. Hæð byggingarreits er 6.3 metrar og reiknað með flötu þaki. Lóðin er 828 m2 að stærð og nýtingarhlutfall 0.55 án kjallara og 1.0 með kjallara.
Tillagan er sett fram á uppdrætti í mkv. 1: 500 og 1:1000 dags. 19. október 2007.

**Digranesheiði 13. Deiliskipulag.**
Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga, auglýsist hér með tillaga að deiliskipulagi Digranesheiði 13. Í tillögunni felst að byggingarreitur 1. hæðar stækkar um 54 m2 til vesturs. Hámarkshæð nýbyggingar er 3.5 metrar frá gólfkóta. Einnig er sótt um að reisa 28 m2 glerhýsi á annari hæð upp að þakbrún núverandi byggingar. Hámarksstærð húss ásamt viðbyggingu og glerhýsi er 240 m2 og nýtingarhlutfall 0.36.
Tillagan er sett fram á uppdrætti í mkv. 1:1000 dags. 28. júní 2007.

**Furugrund 83. Félagssvæði HK í Fossvogi. Breytt deiliskipulag.**
Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga, auglýsist hér með tillaga að breyttu deiliskipulagi Furugrundar 83 (Íþróttahús HK). Almennt er vísað í deiliskipulag og skipulagsskilmála fyrir Félagssvæði HK í Fossvogi samþykkt í bæjarstjórn 23. janúar 2001.
Í breytingunum felst að gert er ráð fyrir byggingarreitur fyrir íþróttahús stækkar á hluta sundlaugarsvæðis og búningsklefa og hækkar að hluta til um 1.8 metra. Heildar flatarmál bygginga eykst ekki. Gert er ráð fyrir 12 nýjum bílastæðum en fyrir voru 72 stæði.
Tillagan er sett fram á uppdrætti í mkv. 1:1000 dags. 10. október 2007.

**Hátröð 8. Deiliskipulag.**
Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga, auglýsist hér með tillaga að deiliskipulagi Hátraðar nr. 8. Í tillögunni felst að fjarlægja einbýlishús á lóðinni nr. 8 við Hátröð og reisa í þess stað parhús á einni hæð auk rishæðar og bílageymslu. Hámarks byggingarmagn íbúðarhúss og bílageymslu er 440 m2 og nýtingarhlutfall 0.5. Hámarks hæð íbúarhúss er 7.5 metrar. Gert er ráð fyrir 4 bílastæðum á lóðinni. Tillagan er sett fram á uppdrætti í mkv. 1:1000 dags. 6. júlí 2007.

**Vatnsendi – norðursvæði. Asparhvarf 12. Breytt deiliskipulag.**
Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga, auglýsist hér með tillaga að breyttu deiliskipulagi Asparhvarfs 12. Í tillögunni felst að fjarlægja einbýlishús á einni hæð og hesthús sem er á lóðinni Asparhvarfi 12 og skipta lóðinni í tvær lóðir. Lóð nr. 12 sem er 2010 m2 og lóð nr. 12A sem er 2009 m2. Á lóðunum er fyrirhugað að reisa 400 m2 hús á tveimur hæðum með innbyggðri bílageymslu og 60 m2 stakstæðu hesthúsi á einni hæð ásamt gerði . Nýtingarhlutfall lóðanna verður 0.23. Gert er ráð fyrir 3 bílastæðum á hvorri lóð.
Tillagan er sett fram á uppdrætti í mkv. 1:2000/1:500 dags. 7. október 2007.

**Víghólastígur 19. Deiliskipulag.**
Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga, auglýsist hér með tillaga að deiliskipulagi Víghólastígs 19. Í tillögunni felst að byggja við núverandi hús og bílageymslu. Gert er ráð fyrir að húsið sem verður á einni hæð auk rishæðar verði 6.85 metrar á hæð. Heildarstærð húss og bílageymslu verður eftir breytingu 297.4 m2 og nýtingarhlutfall 0.33. Tillagan er sett fram á uppdrætti í mkv. 1:1000 dags. 16. október 2007.

**Hnoðraholt – Smalaholt. Þorrasalir 1-3, 5-7, 9-11 og 13-15. Breytt deiliskipulag.**
Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga, auglýsist hér með tillaga að breyttu deiliskipulagi Þorrasala 1 til 15. Vísað er í deiliskipulag Hnoðraholts – Smalaholts sem samþykkt var í bæjarstjórn 7. september 2006. Í breytingunni felst að byggingarreitir breytast með það að markmiði að meiri hluti íbúða njóti útsýnis. Hæðir húsa fjölgar úr þremur og fjórum hæðum í fjórar og fimm hæðir. Byggingarmagn helst óbreytt en íbúðum fjölgar úr 27 í 32 íbúðir á hverri lóð. Bílastæðum er komið fyrir í niðurgröfnum bílageymslum og á þaki þeirra og helst bílastæðakrafa óbreytt. Lóðamörk haldast óbreytt.
Tillagan er sett fram á uppdrætti í mkv. 1:1000 dags. 1. október 2007.

Tillögurnar verða til sýnis á Bæjarskipulagi Kópavogs, Fannborg 6, 2. hæð frá kl. 8:00 til 16:00 mánudaga til fimmtudaga og á föstudögum frá 8:00 til 14:00 frá 30. október 2007 til 4. desember 2007. Einnig má sjá tillögunar á heimasíðu bæjarins, www.kopavogur.is. Athugasemdir eða ábendingar skulu hafa borist skriflega Bæjarskipulagi eigi síðar en kl. 14:00 þriðjudaginn 18. desember 2007. Þeir sem ekki gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkir tillögunni.

**Skipulagsstjóri Kópavogs.**




RE/MAX SENTER

Þórunn Gísladóttir
Löggiltur fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali

# Til sölu í Reykhólahreppi



**Rekstur matvöruverslunarinnar á Reykhólum er til sölu. Verslunarhúsnæðið fæst leigt á sanngjörnu verði. Rekstraraðili er umboðsaðili fyrir N1.**

**Nánari upplýsingar veitir Jón Kjartansson rekstraraðili í síma 434-7890.**

## EIGNAMIÐLUN

Síðumúla 21 • eignamidlun@eignamidlun.is • Fax 588 9095
www.eignamidlun.is • Opið Mánud. – Föstud. 9-17

Félag Fasteignasala

Sími 588 90 90

Sverrir Kristinsson löggiltur fasteignasali

Frum

### LANGHOLTSVEGUR 97 – LAUS – OPIÐ HÚS



Falleg 154,9 fm (þ.a. er bílskúr 31,1 fm) hæð + ris í tvíbýlishúsi. Eignin skiptist í m.a. í þrjár stofur, þrjú svefnherbergi, baðherb., gestasnyrtingu, geymslur o.fl. Bílskúr er fullbúinn. Mjög falleg og vel skipulögð eign í grónu og fallegu hvefi. Íbúðin er laus við kaupsamning. Verð 39,9 millj.

*ÍBÚÐIN VERÐUR TIL SÝNIS Í DAG LAUGARDAG FRÁ 15.00-16.00.*

## Florida – íbúð til sölu

Frum



Til sölu tveggja herbergja íbúð, svefnherbergi, stofa, bað og eldhús. Íbúðin er ca. 30 mín frá Sanford flugvelli í Orlando, á svæði sem heitir Ventura.
Svæðið er lokað og innan svæðisins er meðal annars:

- ✔ 18 holu golfvöllur
- ✔ 3 sundlaugar (ein upphituð)
- ✔ Tennisvöllur
- ✔ Klúbbhús o.fl.

Í nágrenninu er Disneyland, sundlaugargarðurinn Wet Wild, Sea World o.fl. Einnig er stutt í Florida Mall, Fashion Square Mall og alla aðra þjónustu.

***Nánari upplýsingar í síma 824 5157***

# Samkeppni um útilistaverk

á nýju torgi við Þverholt í Mosfellsbæ í tengslum við 100 ára afmæli hitaveitu á Íslandi

Auglýst er eftir þátttakendum í forvali fyrir lokaða samkeppni um gerð útilistaverks sem rísa á í maí 2008 á nýju torgi við Þverholt í Mosfellsbæ. Að verkefninu standa Mosfellsbær og Samorka, samtök orku- og veitufyrirtækja, en tilefnið er 100 ára afmæli hitaveitu á Íslandi árið 2008, þar sem miðað er við frumkvöðulsstarf Stefáns B. Jónssonar á Suður-Reykjum í Mosfellssveit árið 1908. Ennfremur fagnaði Mosfellsbær 20 ára afmæli árið 2007 og ákvað bæjarstjórn af því tilefni standa að gerð útilistaverks í bænum. Ákveðið hefur verið að auglýsa eftir þátttakendum í forvali en að í kjölfarið fari fram lokuð samkeppni þriggja listamanna sem forvalsdómnefnd velur úr þátttakendum í forvali.

Forvalið er opin samkeppni þar sem öllum myndlistarmönnum er heimilt að senda inn tillögur. Í lokaðri samkeppni taka þátt þeir þrír listamenn sem forvalsdómnefnd velur. Í störfum forvalsdómnefndar og dómnefndar lokaðrar samkeppni verður gætt nafnleyndar listamanna. Haldin verður sýning á öllum tillögum úr lokaðri samkeppni í Bókasafni Mosfellsbæjar.

Tillögur í forval skal afhenda þann 21. nóvember, fyrirspurnir vegna forvals berist eigi síðar en 1. nóvember.

Greidd verður þóknun, kr. 200.000, hverjum þeirra þriggja listamanna sem þátt munu taka í lokaðri samkeppni. Sá listamaður (tillaga) sem fyrir valinu verður fær auk þess kr. 800.000 í þóknun fyrir að fullvinna módel eða vinnuteikningar þannig að verkið verði tilbúið til fullvinnslu og við þá greiðslu hafa Samorka og Mosfellsbær tryggt sér rétt til að nýta vinningstillöguna til að gera eftir því útilistaverk. Loks verða listamanninum tryggð 2ja mánaða laun, sem samsvarar launum bæjarlistamanns Mosfellsbæjar, á meðan á vinnslu verksins stendur, til að fylgja eftir fullvinnslu verksins, samtals kr. 316.000.

Nánari upplýsingar um samkeppnisreglur má finna á vefsíðum Samorku (www.samorka.is) og Mosfellsbæjar (www.mosfellsbaer.is).

SAMORKA Samtök orku- og veitufyrirtækja

MOSFELLSBÆR

SKAPARINN AUGLÝSINGASTOFA



**EITURSVÖL** Lilja Kristín, söngkona Bloodgroup, verður að teljast með svölustu og kynþokkafyllstu tónlistarkonum landsins um þessar mundir. Hljómsveit hennar, Bloodgroup, þótti standa sig vel á Airwaves í ár.





**STUÐ** Hljómsveitin Boys in a Band hélt magnaða tónleika í Lídó þar sem fólk steig villtan dans á dansgólfinu. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# Iceland Airwaves 2007 gert upp

**Iceland Airwaves-hátíðin** í ár fór fram um síðustu helgi eins og væntanlega hefur ekki farið fram hjá nokkrum manni. Hátíðin í ár þótti heppnast frábærlega og virðist þroskast og bætast með hverju árinu. Tónlistarsérfræðingar Fréttablaðsins heimsóttu hátíðina alla þá daga sem hún stóð yfir og héldu meðal annars út dagbók hér í Fréttablaðinu. Nú er hins vegar komið að því að *Steinþór Helgi Arnsteinsson* og *Trausti Júlíusson* geri upp atburði Airwaves-hátíðarinnar í ár.

## STEINÞÓR HELGI ARNSTEINSSON



### GOTT

Eftir biðraðasprengjuna 2005 virðast skipuleggjendur hátíðarinnar hafa náð jafnvægi í biðröðunum. Auðvitað myndast samt biðraðir á hátíðum sem þessum en miðað við erlendar hátíðir með svipuðu sniði er biðraðavandamálið nákvæmlega ekkert. Ef biðraðir mynduðust voru þær líka fljótar að ganga. Ég fór til dæmis af miðju !!!-setti yfir á Gaukinn að sjá Chromeo og á hvorugum staðnum voru biðraðir.

Þrátt fyrir að eiga ekki armband á hátíðina getur hver sem er notið hátíðarinnar. Stemningin í bænum er ótrúleg og hægt er að sjá stóran meirhluta þeirra listamanna sem koma fram á hátíðinni á hinum ýmsu atburðum utandagskrár.

Dagskráin í Norræna húsinu gefur hátíðinni mun faglegri blæ án þess þó að gera hana að einhverju bransarúnki. Mikilvæg viðbót í hátíðina og gefur henni aukna vídd.

Litlu dagarnir, miðvikudagurinn og sunnudagurinn, voru spikfeitir í ár. Óvæntu atriðin á sunnudeginum eru sérstaklega farin að setja mikinn svip á hátíðina. Þó hefði mátt auglýsa dagskrá sunnudagsins betur, til dæmis á stöðunum þar sem eitthvað var að gerast, með litlu plakati.

### SLÆMT

Þrátt fyrir að það hafi verið fagnaðarefni að fá Lídó inn sem tónleikastað nýttist staðurinn einstaklega illa. Aðalorsökin er væntanlega sú hversu nýr staðurinn er. Gæti því styrkst mikið fyrir næsta ár.

Margir af minni erlendu spámönnunum reyndust ekki þær óvæntu uppgötvanir sem þeir hafa verið síðustu ár.

Fyrir utan stærstu nöfnin hafa erlendu hljómsveitirnar sjaldan komið eins illa út, þó að auðvitað hafi inn á milli reynst magnaðir listamenn, til dæmis Boys in a Band og Smoosh.

Alltaf fær maður sama kjánahrollinn þegar íslenskar sveitir tala nær eingöngu á ensku. Látið tónlistina frekar tala sínu máli.

### 10 BESTU ATRIÐIN (Í ENGRI SÉRSTAKRI RÖÐ)

Hjaltalín, Naflakusk, Ra Ra Riot, FM Belfast, Slow Club, Sudden Weather Change, Retro Stefson ásamt MC Pluto (í Nakta apanum), Sam Amidon, Boys in a Band og Deerhoof.

### MESTU VONBRIGÐIN

Grizzly Bear og Best Fwends

## TRAUSTI JÚLÍUSSON



### GOTT

Airwaves 2007 tókst í öllum meginatriðum vel. Dagskráin hefur aldrei verið viðameiri og hún gekk að langmestu leyti fullkomlega upp. Flestir tónleikastaðirnir voru nánast fullir af fólki frá því að dagskrá hófst og fram á nótt og meðalgæði tónlistarinnar sem var í boði voru há.

12 tónar, Smekkleysubúðin og Skífan stóðu sig vel í „off-venue" tónleikahaldi, en sérstakt hrós fær Bókabúð Máls og menningar fyrir metnaðarfulla dagskrá sem náði hápunkti með tónleikum of Montreal. Búðin hentar líka vel til tónleikahalds. Það komast margir að og allir sjá. Vonandi verður áframhald á. Sömuleiðis er innkoma Norræna hússins mikið fagnaðarefni og býður upp á spennandi möguleika á komandi hátíðum.

Hátíðin er að verða alvöru fimm daga hátíð. Það var óhugsandi að sleppa degi úr í ár. Það var fullt af spennandi tónleikum alla fimm dagana, frá miðvikudegi til sunnudags.

### SLÆMT

Á stöku stað virtist uppröðun tónlistaratriðanna vera illa úthugsuð. Af hverju spilaði t.d. múm á eftir Trentemöller, en ekki öfugt? Og af hverju spilaði stuðband eins og Bloodgroup fyrir klukkan níu? Bloodgroup sýndi reyndar að þau geta komist í stuð hvenær sem er sólarhringsins, en stemningin hefði verið meiri ef þau hefðu spilað sína aðaltónleika nær miðnætti.

Íslenskar hljómsveitir sem eru með langar kynningar á milli laga á vondri ensku fara svolítið í taugarnar á mér. Það er tónlistin sem skiptir mestu máli fyrir erlenda bransafólkið, ekki eitthvert mas á milli laga.

Erlendu atriðin hafa aldrei verið fleiri, en það þarf að passa upp á að magnið komi ekki niður á gæðunum. Of mörg miðlungsgóð nöfn í ár, t.d. Computerclub, Cut Off Your Hands, The Teenagers, Friendly Fires. En þetta er auðvitað smekksatriði.

### 10 BESTU ATRIÐIN (Í ENGRI SÉRSTAKRI RÖÐ)

!!!, of Montreal, múm, Prinzhorn Dance School, <3 Svanhvít!, Ultra Mega Technobandið Stefán, Dr. Spock, FM Belfast, Trentemöller og Mr. Silla & Mongoose.

### MESTU VONBRIGÐIN

Bonde do Role, Cocktail Vomit og Computerclub.



**FÍNIR** Grizzly Bear reyndi hvað hvað hún gat til þess að kalla fram ýmis hughrif á tónleikum sínum í Listasafninu, með misjöfnum árangri.



**FJÖRUG** Brasilíska sveitin Bonde do role þótti lífleg á sviði en tónlistin sjálf þótti fara fyrir ofan garð og neðan.



**FRÁBÆRIR** Piltarnir í Reykjavík! stóðu fyrir sínu á Airwaves í ár, rétt eins og fyrri daginn. Hér sést Bóas, söngvari sveitarinnar, gæla við áhorfendur.

Tvær gáfur renna saman í eina sérgáfu. Nýr og endurhannaður Volvo XC70 er fagurt dæmi um samruna ólíkra hugmynda, þegar 1 + 1 = 3. Nýtt verður til. Vertu hvort tveggja.

Veldu nýjan Volvo XC70 – nýjan bíl sem örugglega brúar bilið á milli lúxus jeppa og lúxus fólksbíls. Öryggi er lúxus. Veldu Volvo.

Volvo. For life.

Komdu í Brimborg. Skoðaðu nýjan, endurhannaðan Volvo XC70 AWD.




Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.volvo.is

**Volvo XC70 3.2i** 238 hö 320 Nm 6 þrepa sjálfskipting. Verð 5.690.000 kr.* Bensíneyðsla í blönduðum akstri 11.4 l/100 km CO2 losun 272 g/km. **Volvo XC70 D5** 185 hö 400 Nm 6 þrepa sjálfskipting. Verð 5.890.000 kr.* Dísileyðsla í blönduðum akstri 8.3 l/100 km CO2 losun 219 g/km.
*Brimborg og Volvo áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara, að auki er kaupverð háð gengi. Aukabúnaður á mynd eru 18" álfelgur. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.



**VETUR Á ARNARHÓLI** Lengi vel var Arnarhóll mikið notaður af börnum sem renndu sér þar á sleða. Myndin er tekin árið 1916 og í forgrunni má sjá fólk á fararskjótum þessa tíma. Í baksýn sést í Safnahúsið og símastaurana gömlu.

# *Þá var frost á Fróni*

Fyrsti vetrardagur er genginn í garð. Í tilefni dagsins skoðaði *Júlía Margrét Alexandersdóttir* myndaalbúm liðinna Reykjavíkurvetra. Þeir voru snjóþyngri og harðari en þeir mildu vetur sem veðurguðirnir hafa undanfarið skammtað okkur.



**AÐ FÓTA SIG Í HÁLKUNNI** Þrjár eldri konur reyna að komast leiðar sinnar í Lækjargötu árið 1974. Reykvíkingar hafa sjaldnar þurft að klöngrast yfir hálkubletti síðustu veturna en hér áður fyrr.



**ÁRTÚNSBREKKA ÁRIÐ 1974** Ártúnsbrekka hefur lengi verið vinsælt skíða- og sleðasvæði innan borgarmarkanna.

**SKAUTAÐ Á TJÖRNINNI** Myndin er tekin árið 1965 og nú, rúmum 40 árum síðar, hefur tjörnin ekki enn brugðist hlutverki sínu í að vera gott skautasvell yfir harðasta vetrartímann.





**SNJÓKARL ÁRIÐ 1982** Í Háagerði bjuggu systkinin Hrefna (til vinstri), Þorbjörg og Ágúst Gunnarsbörn til snjókarl í garðinum ásamt nágrannavini sínum, Elmari Sæmundssyni.

**KALDUR 1. DESEMBER** Árið 1931 var stytta Hannesar Hafstein afhjúpuð við Stjórnarráðið. Mikill mannfjöldi fylgdist með athöfninni úr Bankastræti og Lækjargötu.

MYND/LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR



# BT




## TOSHIBA

PSAEGE-00L00MN5
TOSHIBA SATELLITE A210-138
AMD Turion 64 X2 TL-52
15.4" TFT WXGA TruBrite
ATI X1200 319MB UMA
2GB Vinnsluminni (2x1024)
120GB Harður diskur
1.3MP netmyndavél og hljóðnemi
DVD skrifari Dual Layer
Innbyggt þráðlaust netkort
Innbyggður 5 - 1 kortalesari
4xUSB2 / FireWire / TV out
Aðeins 2,72kg á þyngd
Windows Vista™ Premium
2 ára alþjóðleg ábyrgð

**ATI Radeon X1200**
Vandað skjákort frá ATI. Ræður við flesta nýja tölvuleiki sem og eldri leiki.

**AMD Turion 64 X2**
Nýjasta fartölvutæknin frá AMD. Stóraukin afkastageta, lengri rafhlöðuending og aukið öryggi.

**2GB Vinnsluminni**
Nauðsynlegt er að hafa gott vinnsluminni í tölvunni til að tryggja hraða vinnslu.

**120GB Harður diskur**
Þú getur geymt ógrynni af kvikmyndum, ljósmyndum og tónlist á 120GB hörðum disk.

20.000 KR LÆKKUN!!

99.999

119.999

1. GREIÐSLA 1. janúar 2008

BT LÁN
Verð frá: 2.897
59 mánaða

## Kodak




KODAK C613 Svört
20139600700
Kodak C613 Hvít
201-3960-0701
6,0 Megapixlar
3 x Optískur aðdráttur
2,4" LCD skjár
Stafræn hristivörn
Kodak Perfect Touch

FYLGIR
4.999
SD/1GB
KINGSTON 1GB SD

VAR AÐ LENDA

14.999

## SONY




Sony CyberShot W85
7,2 megapixlar
Sjálfvirkt andlitsleitarkerfi
fyrir betri fókus
Super HAD CCD
BIONZ örgjörvi (ALPHA)
3x Optical zoom
Carl Zeiss Vario Tessar linsa
2,5" LCD skjár 115 þúsund púnkta
350 myndir á hleðslu með skjá

FYLGIR
4.999

34.999

BT LÁN
Verð frá: 1.999
25 mánaða

## TOSHIBA




PSPB6E-02J023N5
TOSHIBA SATELLITE P200-1A2
Intel Core 2 Duo T7100
17" WXGA TruBrite skjár
ATI Mobility Radeon HD2400 128MB
- 895MB Hypermemory
2GB Vinnsluminni (1024x2)
200GB SATA Harður diskur
1.3MP netmyndavél og hljóðnemi
HD DVD ROM / DVD RW
Innbyggður 5 - 1 kortalesari
Windows Vista™ Premium
2 ára alþjóðleg ábyrgð

**2GB Vinnsluminni**
Nauðsynlegt er að hafa gott vinnsluminni í tölvunni til að tryggja hraða vinnslu.

**17" WXGA TruBrite skjár**
Skarpur og bjartur skjár með sérstakri glampavörn. Skjárinn er einn mikilvægasti hluti tölvunnar.

**Intel® Core 2 Duo**
Nýja fartölvutæknin frá Intel. Stóraukin afkastageta, lengri rafhlöðuending og aukið öryggi.

**200GB Harður diskur**
Þú getur geymt ógrynni af kvikmyndum, ljósmyndum og tónlist á 200GB hörðum disk.



Fylgir 3 x HD DVD myndir að eigin vali fylgja!



Fylgir
14272-TRU
TRUST fartölvufjarstýring

15.000 KR KAUPAUKAR

169.999

189.999

20.000 KR LÆKKUN!!!

BT LÁN
Verð frá: 4.750
59 mánaða

1. GREIÐSLA 1. janúar 2008

**Skeifan • Kringlan • Smáralind • Grafarvogur • Hafnarfjörður • Selfoss • Ísafjörður • Akranes • Egilsstaðir • Akureyri • Reykjanesbær**



**SÚKKULAÐIVÖFFLUR, SÚKKULAÐIÍS, SÚKKULAÐIKREM** Kristjana Thors Brynjólfsdóttir, dagskrárstjóri Skjás eins, veit ekkert betra en súkkulaði og Philadelphia smurost. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# *Dansar ballett þegar hún er í símanum*

**Kristjana Thors Brynjólfsdóttir** tók nýlega við stöðu dagskrárstjóra á Skjá einum en áður hafði hún meðal annars unnið í Latabæ, dansað í Bretlandi og borðað súkkulaði á góðum stundum. Kristjana var tekin í Þriðju gráðu yfirheyrslu helgarinnar.

**Vandræðalegasta augnablikið?**
Þau hafa nú verið nokkur en núna síðast var það þegar Geiri 3D spilaði Supergirl-diskinn minn í keilu þar sem allt starfsfólk Skjás eins var statt á starfsmannadegi.

**Eftirlætissundlaug og af hverju?**
Ég er voða lítið í sundi en mér finnst rosalega gott að fara í pottinn. Reyndar fæ ég oft gesti frá Englandi og þá er yfirleitt farið í Bláa lónið.

**Hefðirðu þjón til umráða – hvernig morgunmat myndirðu láta hann færa þér í rúmið?**
Þá yrði það að vera eitthvað sérstakt eins og Eggs Benedikts, sjúklega sóðalegt.

**Ef þú værir húsgagn – hvað myndirðu vilja vera?**
Sjónvarp.

**Gáfulegustu orð sem þú hefur heyrt?**
Enginn veit hvað átt hefur fyrr en misst hefur.

**Værirðu ofurhetja, í hvernig búningi myndirðu vilja vera?**
Ég er ofurhetja og skipti um búning á hverjum degi. Hvernig finnst ykkur búningurinn minn í dag?

**Bækur hvaða íslenska rithöfundar finnst þér skemmtilegast að lesa?**
Upp á síðkastið hefur hausinn mest verið í námsbókum.

**Mæjónes er best með..**
tómatsósu – svo það verði kokteilsósa.

**Hvað er það fyndnasta?**
Maðurinn minn fær mig alltaf til að brosa, sama í hversu fúlu skapi ég er.

**Í hvaða stjörnumerki ertu og hvernig passar það við þig?**
Vog, nokkuð vel.

**Hver er þín mesta nautn?**
Súkkulaðikaka, súkkulaðiís, súkkulaðivöflur, heitt súkkulaði, jarðarber með súkkulaði.

**Ef ég hefði daginn út af fyrir mig myndi ég...**
sofa út, fara á spa í nudd og dekur, horfa á skemmtilegt sjónvarp og slappa vel af.

**Hvaða kæki ertu með?**
Enga svo ég viti, ég reyndar geri oft ballettspor á meðan ég er í símanum.

**Hvaða frasa ofnotar þú?**
Nota ekki mikið af frösum en á það til að beinþýða úr ensku í íslensku sem kemur ávallt mjög asnalega út.

**Botnaðu: Ef ég endurfæðist á jörðinni vona ég að ég verði...**
svartur köttur.

**Hefurðu einhvern tíman fengið ógeð af eftirlætisdrykk/mat/sælgæti og hverju þá?**
Ég tók upp á því að taka þátt í fitness keppni í Malasíu eitt sumarið. Það var alveg einstök upplifun, bæði að taka þátt í keppninni og að ferðast um Malasíu en á þessum tíma fékk ég alveg nóg af skyri og kjúklingabringum.

**Árrisul eða náttugla?**
Bæði, allavega þessa dagana.

**Hvaða bíómynd geturðu horft á aftur og aftur og aftur ...?**
Goodfellas.

**Ef þú sæir blauta steypu – hvaða orð myndirðu skrifa í steypuna?**
Ég myndi setja báðar hendurnar í steypuna eins og stjörnurnar í Hollywood og kvitta undir.

**Frægasti ættinginn þinn?**
Langafi minn Brynjólfur Jóhannesson og amma mín Helga Valtýsdóttir.

**Hver er þín eftirlætistegund af osti?**
Philadelphia-smurosturinn með hrökkbrauði og gúrkum.

**Og að lokum – hvernig sjónvarpsþátt myndirðu vilja framleiða fengir þú frjálsar hendur og ótæmandi gullkistu?**
Þið fáið að sjá það í vetur.

juliam@frettabladid.is

## ÞRIÐJA GRÁÐAN

**FULLT NAFN:** Kristjana Thors Brynjólfsdóttir.

**FÆÐINGARÁR:** 1976, sama ár og Arnarflug var stofnað og Herjólfur kom fyrst til Vestmannaeyja.

**Á HUNDAVAÐI:** Hefur dansað frá æsku. Flutti til Englands 18 ára til að láta drauminn rætast og fór í „Fame" skóla. Var níu ár í Englandi. Kom heim og vann við upptökur í Latabæ. Starfar nú á Skjáeinum og stundar nám við Háskólann í Reykjavík.



## MÆLISTIKAN

### Á uppleið

**Fjaðrir.** Fjaðurskreytt föt voru alls staðar á tískupöllunum fyrir haust og vetur. Hlýjar og hressandi.

**Snjór.** Nú fer þetta allt að koma. Viljum helst þennan hvíta, hreina og púðurkennda takk.



**Borgarferðir.** Aldeilis tíminn til að skreppa til París, London eða Köben í rómantíska verslunarferð.



**Californication.** Loksins skellir maður upp úr yfir sjónvarpsþætti. Mörgum, mörgum sinnum.

**Stórar, flottar úlpur.** Engin ástæða til að vera hallærislegur í kólnandi veðri.

### Á niðurleið

**Hipp og kúl fólk frá New York.** Við fengum þokkalega upp í kok um Airwaves-helgina.



**Bimmafréttir.** Fréttir um bíla- og fasteignakaup þjóðþekktra Íslendinga eru engar fréttir. Hverjum er ekki sama hverjir skruppu í B&L í vikunni?

**Barnaföt á okurverði.** Óþarfi að fara á hausinn út af einum skandinavískum dúngalla sem barnið vex upp úr á þremur mánuðum.

**Ljót tímarit.** Hinn óbærilegi ljótleiki íslenskra tímarita lagaðist aðeins með útgáfu Grapevine Airwaves.

**„Kjúllar" og „sammarar".** Fullorðið fólk á að tala eins og fullorðið fólk.






full búð af frábærum tilboðum
Birt með fyrirvara um prentvillur
www.netto.is

nettó
Akureyri - Grindavík - Mjódd Reykjavík - Salahverfi Kópavogi - Höfn



# HLJÓÐFÆRI HUGANS

## Njörður P. Njarðvík skrifar um íslenskt mál

**Lærðir og leiknir –**

var sagt í útvarpinu. Reyndar geta lærðir menn að vísu verið leiknir, en orðtakið er nú samt lærðir og leikir – í merkingunni lærdómsmenn og leikmenn.

**Að heyra nasaþef!**

Við skulum heyra nasaþef... var sagt á Rás 2, og þarf líklega sérstaka hæfileika til. Að vísu tíðkast í ljóðagerð ákveðin færsla milli skynsviða, en tæpast held ég að nokkru ljóðskáldi dytti í huga að taka svo til orða.

**Norðurland – Norðurlönd**

Oft er farið ranglega með samheitið Norðurlönd. Það gerðist m.a. hér í Fbl. í liðnum mánuði: „Auk hennar syngja lagið fjórar stórsöngkonur, ein frá hverju Norðurlandi.“ Þetta er auðvitað misskilningur. Ekkert land heitir Norðurland, einungis landshluti. Þannig er t.d. Norrland í Svíþjóð, eins og Norðurland hér. Ein frá hverju Norðurlanda er eðlilegra málfar. Svo eru heldur leiðinleg orðin „stórsöngkona“ og „stórsöngvari“ – en það er annað mál.

**Að eyða notendum**

Óskar Aðalgeir Óskarssom skrifar: „Ég tók eftir þessum kostulega texta á vefsíðu, sem heitir torrent.is. „...einnig viljum við koma því á framfæri að skilmálar og reglur hafa farið í gegnum endurnýjun. Helstu breytingar má meðal annars nefna að notendur eru ekki eyddir lengur og þeir sem hafa nú þegar verið eyddir geta sótt um afeyðingu sbr. nýju reglurnar.“ Hvað finnst þér? Mér finnst ljótt að eyða fólki, en kannski er huggun að því að geta sótt um afeyðingu, hvernig svo sem það er gert. Gott væri ef drepið fólk gæti sótt um afdráp!

**Valdur**

Kristján Gylfi Guðmundsson skrifar: „Mín aðaláhugamál eru fótbolti og íslensk tunga. Ég rek því oftar en ekki nefið inn á vefsíðuna fotbolti.net Þar er málfar stundum varhugavert eins og víða annars taðar. Hins vegar rak mig algjörlega í rogastans, þegar ég las pistil Jónasar Guðna Sævarssonar fyrirliða Keflavíkur. Jónas segir: „Eftir á að hyggja hefur það ef til vill haft eitthvað að segja þó svo okkur leikmönnum hafi á þeim tíma alls ekki fundist það vera valdurinn að slæmu gengi.“ Eins og við vitum er nafnorðið valdurinn ekki til og hefði ofangreind setning t.d. getað verið á þessa leið: „Eftir á að hyggja hefur það ef til vill haft eitthvað að segja þó svo okkur leikmönnum hafi á þeim tíma alls ekki fundist það hafa valdið slæmu gengi.“ Þarna hefði farið vel á að nota hjálparsögnina hafa til að útkoman sé boðleg, í stað þess að taka sér það bessaleyfi að búa til nafnorð sem ekki er til í íslensku máli.“ Þetta er klaufalegt, en reyndar er no. valdur til í merkingunni ráðandi, stýrir, en að vísu í fornum kenningum, svo sem himna valdur (guð) og fleina valdur (hermaður).

**Braghenda**

Hímir undir hausti þreyttur holtagróður.
*Lætur tæmast lokasjóður*
*ljósberi þá slokknar hljóður.*

*Vilji menn senda mér braghendu eða góðfúslegar ábendingar: npn@vortex.is*

# LITIÐ OFAN Í MATARKISTU PEKINGBÚA

## Kolbrún Ólafsdóttir uppgötvar leyndardóma Kínaveldis

Peking er mjög alþjóðleg þegar kemur að framboði af veitingastöðum enda er giskað á að meira en 60.000 veitingastaðir séu hérna. Það er liðin tíð að þú getir ekki fengið magafylli þína nema að borða hvítkál eða hrísgrjón með prjónum.

Mikill fjöldi veitingastaða býður upp á mat frá öllum heimshornum. Sem dæmi má nefna ítalska staði, ameríska, franska, japanska, arabíska, víetnamska, þýska, kóreska, taívanska og fleiri mætti upp telja. Gróskan er mikil og vikulega heyrist af nýjum stöðum opna en af öðrum sem eru að loka eða færa sig um set.

Margir af þessum stöðum eru mjög hipp og kúl og standast algjörlega samanburð við flotta veitingastaði í öðrum stórborgum. Þessir staðir bjóða almennt upp á matseðla á ensku en það sama verður ekki sagt um kínversku veitingastaðina.

Hér er auðvitað engin vöntun á veitingastöðum sem bjóða upp á heimamat frá mismunandi héruðum Kína og jafnframt er mismunandi mikið lagt í matinn og útlit staðanna. Eins og áður sagði eru matseðlarnir sjaldnast á ensku en ef þú ert heppin(n) eru myndir af réttunum á matseðlunum. Það getur því verið erfitt að panta sér mat ef hvorki eru myndir af réttunum né starfsfólk sem skilur ensku en þá er bara að benda á girnilegan rétt á næsta borði eða treysta á lukkuna.



GÖTUELDHÚS MEÐ PÖNNUKÖKUM



KOLBRÚN ÓLAFSDÓTTIR ER NEMI Í ALÞJÓÐASAMSKIPTUM Í PEKING.

Kínverjar fara mikið út að borða og er mikið af látlausum stöðum sem bjóða uppá heimilislegan mat eins og soðkökur. Ekki er hægt að ræða um mat í Peking án þess að minnast á pekingönd. Það eru margir staðir sem bjóða upp á þennan sérrétt Pekingborgar. Stökk að utan en mjúk að innan er öndin borin fram með pönnukökum og plómusósu.

Á fínni veitingastöðum er gæðavottorð borið fram með öndinni þar sem númer hennar kemur fram. Í Peking er mikil götumatarmenning.

Á morgnana er vinsælast að fá sér stökkar pönnukökur með steiktu eggi, lauk og kryddi og er þessu skolað niður með sojamjólk. Annars er götumaturinn árstíðabundinn og nú að haustlagi er algengast að sjá bakaðar sætar kartöflur, soðinn maís, ristaðar kastaníuhnetur, sykurhúðuð ber og mandarínur á spjótum.

Að versla hérna í matinn er ævintýri en það getur tekið virkilega á. Það er varla nokkur hlutur sem er merktur á ensku, hvað þá að upplýsingarnar um matvörurnar séu skiljanlegar. Hilla eftir hillu fullar af sojasósu hjálpar manni ekki að velja sojasósu þegar þú skilur ekki hver munurinn á þeim á að vera. Einnig er erfitt að finna pakkningar af hrísgrjónum sem eru minni en 5 kílóa. Þá er óendanlega mikið af vörum sem líta skringilega út, merktar á kínversku svo maður getur staðið heillengi yfir þeim og reynt að ímynda sér hvað þetta getur eiginlega verið og hvernig eigi að nota þær í matargerð. En svo leynast kunnuglegar vörur inni á milli eins og 2 tegundir af súkkulaði, Snickers og Kit Kat. En þess má geta að vestrænar matvörur eru hér glæpsamlega dýrar, sem dæmi má nefna að pakki af hrökkbrauði kostar allt að 250 kr.

Allir stórir matvörumarkaðir sem ég hef komið hér inn í hafa að geyma fiskabúr full af sprelllifandi matfiskum, en það gerist nú ekki mikið ferskara en það. Einnig hef ég orðið vör við þetta á veitingahúsum og hef ég upplifað það að fá reidda fram á borðið mitt rækju á spjóti enn hreyfandi alla anga.

Ekki er hægt að skrifa um mat í Peking án þess að minnast á ýmsan furðulegan mat sem hér er á boðstólum. Hægt er að gæða sér á grilluðum sporðdrekum og snákum, skjaldbökukássum og auðvitað hundakjöti. Ég rakst einnig á svokallaðan „hotpot“ veitingastað sem er með á matseðli sínum getnaðarlimi apa og dádýra.

Það ættu því allir að geta fundið eitthvað við sitt hæfi og matgæðingar verða ekki fyrir vonbrigðum hér. *kolafs@simnet.is*

# HELGARKROSSGÁTAN









Lausn krossgátunnar er birt að viku liðinni á vefnum, www.this.is/krossgatur

Unga ástin mín
– þroskandi barnabækur

# 11 nýjar bækur á leið í verslanir




## Aðrar bækur frá Ungu ástinni minni




Sjá fleiri myndir og frekari upplýsingar á **www.ungaastinmin.is**

**Sölustaðir um allt land:**

Hagkaup, Penninn-Eymundsson, Office 1, Nóatún Selfossi, Adams Smáralind, Einu sinni var, Baby Sam.

LÉTTÖL

LEIKURINN ER HAFINN!




DRAUMADEILD
EGILS GULL

Enski boltinn er farinn að rúlla...

Spilaðu með frá byrjun og settu saman þitt draumalið í enska boltanum!

Glæsileg verðlaun í boði fyrir bestu þjálfarana:

1. verðlaun:
**100.000 kr ferðaávísun + stór glaðningur frá Egils Gull**

2. verðlaun:
**PS3 leikjatölva + glaðningur frá Egils Gull**

3. verðlaun:
**Gjafabréf frá Argentínu Steikhús**

Auk fullt af aukavinningum frá Egils Gull og Ölgerðinni

Auglýsandi: ÓES

vísir.is
www.visir.is/draumadeild


## STUÐ MILLI STRÍÐA Kveðja á Akureyri frá fjölskyldunni í Perú

**SIGRÚNU ÓSK KRISTJÁNSDÓTTUR** FINNST HEIMURINN FÁRÁNLEGA LÍTILL



Fyrir þremur árum dvaldi ég um tíma í Perú. Ég bjó í höfuðborg hins forna Inkaveldis, Cusco. Borgin er í um 3500 metra hæð yfir sjávarmáli og þar búa um 300.000 manns. Stundum fannst mér að ég gæti ekki verið lengra í burtu frá föðurlandinu. Lamadýr, avókadó, indíánar, fátækt og háfjallaveiki. Þarna var ég í fimm mánuði og hvar sem ég kom þurfti ég að útskýra fyrir fólki að Ísland væri land – þó ekki Írland – að þar talaði fólk íslensku og að íbúafjöldinn væri svipaður og í Cusco. Það kom aldrei fyrir að ég hitti Íslending í borginni og fæstir höfðu hitt Íslending áður. Einn tannleysinginn, sem hafði þvælst um miðbæjartorgið lengur en elstu menn mundu, gat stamað út úr sér nafninu „Guðrún“ og sagði umrædda konu hinn eina Íslending sem hann hafði rekist á um dagana.

Í vor var ég svo stödd á Akureyri í útskriftarveislu bróður míns. Fyrir algjöra tilviljun ákváðum við að kíkja út á lífið í höfuðstað Norðurlands um kvöldið. Fyrir aðra tilviljun samþykkti ég að fara með samferðafólki mínu á einhvern pylsu- og hamborgarasölustað kl. 5 að morgni í stað þess að deyja hægum dauðdaga úr hungri í leigubílaröðinni. Í alíslenskri steikingafýlu stend ég úti í horni innan um misdrukkna Íslendinga þegar stelpa vindur sér upp að mér og sagðist hafa lofað að skila til mín kveðju ef hún rækist á mig. „Fjölskyldan þín í Perú biður að heilsa,“ sagði hún eins og ekkert væri eðlilegra. Hún og kærastinn höfðu sem sagt verið í heimsreisu, farið til Perú, farið til Cusco, gist hjá systur „móður“ minnar og verið dregin þangað í heimsókn af systurinni sem var skríkjandi af gleði yfir þessari ótrúlegu tilviljun – Íslendingar! Ég veit hins vegar ekkert hvernig ég á að útskýra fyrir familíunni í bréfi að kveðjan hafi borist yfir flest heimsins höf til mín í eigin persónu þar sem ég stóð fyrir tilviljun í mörg hundruð kílómetra fjarlægð frá heimabæ mínum. Þau eiga eftir að halda að Ísland sé á stærð við meðalstóran skókassa.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar
Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# TILBOÐ Í REYKJANESBÆ




| | |
|---|---|
| **Örgjörvi** | **2.2GHz Intel Core 2 Duo T7500** Intel GM965Express 800FSB-4MB |
| **Minni** | **2GB Dual DDR2 667MHz Corsair** 1GB NAND flash minni m. lífstíðarábyrgð |
| **Harður diskur** | **250GB5400RPM - SATA** 5400RPM hraður og hljóðlátur |
| **Skrifari** | **8xDVD±RW DL skrifari** Skrifar DVD diska og CD-RW |
| **Skjár** | **15,4" WXGA WideScreen skjár** Breiðtjaldsskjár með CrystalBrite |
| **Skjákort** | **512MB GeForce Go8600GT** Allt að 768MB deilt minni |
| **Hátalarar** | **High Definition 2.1 hljóðkerfi** Hljóðkort, hátalarar og hljóðnemi |
| **Þráðlaust** | **54Mbps þráðlaust netkort** Einnig innbyggt BlueTooth 2.0-EDR |
| **Netkort** | **Gigabit 10/100/1000** Einnig innbyggt 56k mótald |
| **Stýrikerfi** | **Windows Vista Home Premium** Flip 3D Navigation Aero |
| **Annað** | **Aðeins 3.00Kg með rafhlöðu** Rafhlöðuending allt að 3.5 tímar |

## ACER 5920G-60 FARTÖLVA 2.2GHZ INTEL CORE 2 DUO

### INTEL CORE 2 DUO
Core 2 Duo tæknin sem er nýjasta þróun Intel skilar sér í allt að 40% meiri afköstum en áður hefur þekkst

### 15,4" CRYSTALBRITE
15,4" Widescreen skjár með nýrri CrystalBrite tækni sem skilar ótrúlegri dýpt og skerpu



### VEFMYNDAVÉL
Flott 0.3MP Acer Orbicam vefmyndavél innbyggð í skjáinn með 225° snúningsmöguleika



### GEFFORCE GO8600
Geforce Go8600GT skjákort með 512MB minni og getur nýtt allt að 768MB af vinnsluminninu

### TENGI 5920G-60
Innbyggður 5 í 1 kortalesari 4xUSB 2.0, Firewire, Bluetooth, VGA TV-ou, ExpressCard/34 o.fl



### WINDOWS VISTA
Tölvan er uppsett með Windows Vista Premium ásamt öllum uppfærslum, tilbúin til notkunar

# VERÐ 149.900

**TÖLVULISTINN**

Reykjavík • Nóatúni 17 • Sími 414 1700
Akureyri • Glerárgötu 36 • Sími 414 1730
Egilsstaðir • Miðvangi 2-4 • Sími 414 1735
Keflavík • Hafnargötu 90 • Sími 414 1740
Kópavogur • Hlíðasmára 10 • Sími 414 1760

Öll verð og tilboð gilda aðeins í verslun Tölvulistans í Reykjanesbæ að Hafnargötu 90 og eru birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl. *Upphæðin er meðalgreiðsla á mánuði og er miðað við 48 mánaðarlegar jafnar afborganir. 3% stimpil og lántöku-gjald ásamt vöxtum er innifalið. Vextir eru samkvæmt ákvörðun TL á hverjum tíma og eru núna 19,5%.

**!** **kl. 16**
*Rúna Þorkelsdóttir opnar sýningu á innsetningunni Póstkort til Akureyrar í Gallerí+, Brekkugötu 35, Akureyri í dag kl. 16. Innsetningin samanstendur af þrykktum blómamyndum sem Rúna hefur unnið með síðustu tíu árin. Sýningin stendur yfir til 11. nóvember.*

# menning

menning@frettabladid.is

## Klassík í náttfötum

Það verður notaleg stemning í Háskólabíói á morgun en þá verða fyrstu tónleikar vetrarins í fjölskyldutónleikaröðinni Tónsprotanum. Yfirskrift tónleikanna er náttfatapartí, enda næturtónlist af ýmsu tagi í forgrunni. Í tilefni þessa verða hljómsveit og stjórnandi í náttfötum og eins eru áhorfendur, ungir sem aldnir, hvattir til að koma þannig klæddir til tónleikanna. Rétt er líka að taka fram að bangsar og brúður fá ókeypis inn í fylgd með börnum.

Tilurð tónleikanna er sú að síðasta vor fékk Sinfóníuhljómsveitin bréf frá ungum tónleikagesti sem benti á þann skemmtilega möguleika að halda tónleika af þessu tagi. Hljómsveitin hrindir þessarri góðu hugmynd nú í framkvæmd, og það á vitaskuld vel við að draumar rætist á tónleikum með næturþema.


TRÚÐURINN BARBARA

Tónlistin verður fjölbreytileg á tónleikunum. Fjörug skemmtiverk á borð við Eine Kleine Nachtmusik eftir Mozart og Ameríkumaður í París eftir Gershwin, vögguvísur eins og Óli lokbrá og æsileg balletttónlist eftir Prokofiev sem lýsir vandræðum Öskubusku með skóna sína og kapphlaupi hennar við tímann eru meðal annars á efnisskránni.

Stjórnandi á tónleikunum er Finninn Esa Häkkilä og trúðurinn Barbara mun fylgja börnunum og hljómsveitinni inn í draumaheiminn á sinn einstaka hátt.

Tónleikarnir hefjast kl. 17 og eru um klukkustund að lengd. Miðaverð er 1400 kr. Rétt er að benda á að hálftíma fyrir tónleikana mun flautukór spila í anddyri Háskólabíós og því gaman að mæta tímanlega. - vþ

**> Ekki missa af …**

listamannaspjalli Huldu Stefánsdóttur myndlistarmanns í Galleríi Ágúst í dag kl. 14. Hulda ræðir við sýningargesti um sýningu sína hlutlaus. á hreyfingu sem stendur nú yfir í galleríinu, en þar má sjá verk unnin með blandaðri tækni. Gallerí Ágúst er til húsa að Baldursgötu 12 í Reykjavík.

## Steypa og gifs tjá veður

Sýning á verkum listakonunnar Sari Maarit Cedergren opnar í dag í Listasafni ASÍ, Freyjugötu 41, kl. 15.

Sari hefur undanfarin ár verið að vinna verk sem endurspegla mismunandi hliðar á íslensku veðri með gifsi og steypu.


**STEYPA OG GIFS** Eitt af verkum Sari á sýningunni í ASÍ.

Merkilegt er að svo hörð efni geti tjáð hið síkvika íslenska veður, en verkin ganga út frá rými sem og samspili ljóss og skugga og Sari nýtir einnig orku veðursins til að knýja áfram hreyfingu í verkum sínum.

Listunnendum býðst því einstakt tækifæri á þessari sýningu til að upplifa íslenska samtímamyndlist þar sem viðfangsefnið er hið hversdagslega umræðuefni veðurfar, sett upp sem lágmyndir sem mara á mörkum tví- og þrívíddar.

Sýningin er opin alla daga nema mánudaga frá kl. 14-18 og henni lýkur 18. nóvember. Aðgangur að safninu er ókeypis.

Sari verður með listamannaspjall á morgun kl. 15 og býðst sýningargestum þá spennandi tækifæri til að heyra listakonuna segja frá verkum sínum og hugsuninni á bak við þau. - vþ


**KÓR GLERÁRKIRKJU** Er á meðal flytjanda á metnaðarfullum tónleikum á morgun.

## Sálumessa fyrir norðan

**Sinfóníuhljómsveit Norðurlands og Kirkju- og menningarmiðstöðin í Fjarðabyggð standa saman að tónleikum í Glerárkirkju á Akureyri á morgun kl. 16. Tónleikarnir verða endurteknir í Eskifjarðarkirkju laugardaginn 3. nóvember kl. 17.**

Þetta er í þriðja skipti sem Sinfóníuhljómsveit Norðurlands og Austfirðingar sameinast um tónleikahald, en haustið 2005 var undirrituð viljayfirlýsing til fimm ára milli hljómsveitarinnar og Kirkju- og menningarmiðstöðvarinnar þess efnis að vinna að einu stóru samstarfsverkefni á ári.

Magna Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands, segir samstarf tónlistarmanna af Norður- og Austurlandi ganga afar vel. „Okkur þótti það gráupplagt að reyna að fá tónlistarmenn frá þessum ólíku landshlutum til þess að vinna saman. Við göntumst stundum með það að Sinfóníuhljómsveit Norðurlands sé í raun og veru Sinfóníuhljómsveit landsbyggðarinnar, enda eru hljóðfæraleikararnir okkar ekki bara Norðlendingar. Við erum dreifð um landið sem gerir það að verkum að æfingaferli okkar er frábrugðið því sem gengur og gerist; fólk æfir sig eitt í sínum heimabæ og svo hittumst við öll örfáum dögum fyrir frumflutning og æfum okkur saman."

Á efnisskrá tónleikanna á morgun eru Pavane fyrir strengi og hörpu eftir Maurice Ravel og konsert fyrir óbó og strengi eftir Tomaso Albinoni. Tónleikunum lýkur á flutningi hinnar mögnuðu Sálumessu op. 48 eftir Gabriel Fauré.

Verkin á efnisskránni og útsetningar þeirra helgast að þessu sinni af stærð hljómsveitarinnar. „Við erum með fremur litla hljómsveit og mæðir því mest á strengjahljóðfærunum í verkunum sem við leikum. Útsetning sálumessunnar er til að mynda frá árinu 1984 og er líklega ekki sú þekktasta. En það vill svo skemmtilega til að hún kemst sennilega nokkuð nálægt því að vera lík upprunalegu útsetningunni þar sem Fauré samdi verkið aðallega með dýpri strengjahljóðfærin í huga. Messan var svo síðar útsett fyrir stóra sinfóníusveit og er mest leikin í þeirri útgáfu," segir Magna. Kórarnir sem taka þátt í flutningi messunnar eru kór Glerárkirkju og kór af Austurlandi sem er samsettur úr kór Egilsstaðakirkju, kór Fjarðabyggðar og söngfólki á Fljótsdalshéraði og Seyðisfirði.

Tónlistaráhugafólk á Norður- og Austurlandi getur hugsað sér gott til glóðarinnar því hér er á ferð sannkölluð tónlistarveisla.

vigdis@frettabladid.is


**Einstakt lúxustilboð!**

**Barcelona**

**í nóvember**

**frá kr. 39.990**




**Aðeins örfá herbergi í boði!**

Barcelona er einstök perla sem íslendingar hafa tekið ástfóstri við. Heimsferðir bjóða þér nú tækifæri til að njóta lífsins og dekra við þig í aðbúnaði í þessari einstaklega fögru borg á frábærum kjörum. Bjóðum frábært sértilboð á einu af vinsælustu hótelum okkar, Hotel Barcelona Plaza ****. Bjóðum einnig ótrúlegt lúxustilboð á hinu glæsilega Hotel Granados 83 ****+ hóteli, sem býður frábæra staðsetningu í hjarta Barcelona. Einstaklega glæsilegt fjögurra stjörnu "superior" hótel með frábærum aðbúnaði og þjónustu. Ath. aðeins örfá herbergi eru í boði á þessum kjörum.

Frá kr. **39.990**
M.v. 2 í herbergi í 3 nætur á Hotel Barcelona Plaza **** með morgunverði, 5., 12. eða 19. nóvember. Netverð á mann.

Frá kr. **49.990**
M.v. 2 í herbergi í 3 nætur á Hotel Granados 83 ****+ með morgunverði, 5., 12. eða 19. nóvember. Netverð á mann.

Heimsferðir

Skógarhlíð 18 • sími 595 1000
Akureyri • sími 461 1099 • www.heimsferdir.is


## Vinir Grikklands hittast

Grikklandsvinafélagið Hellas heldur annan fræðslufund sinn á starfsárinu í Kornhlöðunni við Bankastræti á morgun kl. 16. Tilefni fundarins að þessu sinni er tvíþætt. Í dag, 26. október, er hálf öld liðin síðan krítverski rithöfundurinn Níkos Kazantzakís lést, og verður fyrri hluti dagskrár fundarins honum helgaður. Sigurður A. Magnússon rithöfundur flytur erindi og segir frá ævi hans og verkum, en síðar kynnir Vilborg Dagbjartsdóttir skáld endurútgefna og endurskoðaða þýðingu Þorgeirs Þorgeirsonar á skáldsögunni Alexis Sorbas og les upp kafla úr henni.

Á síðari hluta fundarins verður minnst hins svonefnda „NEI-dags" sem Grikkir halda hátíðlegan 28. október ár hvert, en þann dag árið 1940 setti einræðisherra Ítalíu, Benito Mussolini, Grikkjum afarkosti, ef þeir ekki vildu hleypa ítölsku herliði inn á grískt landsvæði. Þáverandi forsætisráðherra Grikklands, Jóannís Metaxas hershöfðingi, gerði sér hins vegar lítið fyrir og sagði blátt nei við þeirri málaleitan og dró sú einarða afstaða og baráttuhugur Grikkja talsverðan dilk á eftir sér. Þessir atburðir, aðdragandi þeirra og afleiðingar, verða rifjaðir upp og ræddir á fundinum þar sem Guðmundur Jón Guðmundsson sagnfræðingur verður málshefjandi. Kristján Árnason, formaður félagsins, stýrir fundinum sem er öllum opinn. - vþ


**NÍKOS KAZANTZAKÍS**
Einn þekktasti rithöfundur Grikkja.


NÚ Á 2 STÖÐUM
RAFVÖRU MARKAÐURINN
ÚRVAL RAFLAGNAEFNIS
Fellsmúla - Reykjavík
Njarðarbraut - Reykjanesbæ
VERÐ FRÁ 154
UTANÁLIGGJANDI ROFAR & TENGLAR
VERÐ FRÁ 155
INNLAGNAEFNI ROFAR OG TENGLAR
VERÐ FRÁ 283
RAKAÞOLNIR ROFAR OG TENGLAR
2595
TÖFLUKLUKKA
1590
STIGAAUTOMAT
299
GAUMLJÓS
INNLAGNAEFNI - 4 LITIR
PASSAR Í TICHINO DÓSIR
SJÁLFVÖR OG LEKASTRAUMSROFAR
VERÐ FRÁ 199
SJÁLFVÖR 1 PÓLA
990
LEKASTRAUMSROFI 1 PÓLA
655
SJÁLFVÖR 2 PÓLA
879
SJÁLFVÖR 3 PÓLA
1990
LEKASTRAUMSROFI 3 PÓLA
3267
4121
4139
3145
4123
GREINAKASSAR / TÖFLUR
BEIGJUR - HÓLKAR - DÓSIR
VERÐ FRÁ 396
NEOSET VARROFAR 1, 2 OG 3 PÓLA
17.990
VINNULJÓSATAFLA
RÖR - LAGNARENNUR - BARKI
VERÐ FRÁ 199
STRAUMSKINNUR
859
BJÖLLUSPENNIR
290
BJALLA
1490
RELAY
VERÐ FRÁ 319
IÐNAÐARTENGLAR OG KLÆR
VÍR OG KAPLAR
VERKFÆRI
RAFVÖRU MARKAÐURINN
VIÐ FELLSMÚLA - 108 REYKJAVÍK - SÍMI: 585 2888
NJARÐARBRAUT 11A - REYKJANESBÆ - SÍMI: 585 2888
OPIÐ ALLA DAGA
Mánud. til föstud. kl 9 - 18
Laugard. kl 10 - 17
Sunnud. kl 12 - 16 (lokað á Njarðarbraut)

# Endalok tímans í Laugarborg

Camerarctica flytur Kvartett fyrir endalok tímans eftir Oliver Messiaen í Laugarborg í Eyjafjarðarsveit á morgun. Árið 1940 var orgel- og píanóleikarinn Olivier Messiaen tekinn til fanga af Þjóðverjum og færður til Stalag-fangabúðanna í Görlitz. Í fangabúðunum, þar sem tíminn hætti næstum að vera til, dróst Messiaen að andstæðunum tíma og eilífð og samdi út frá þeim Kvartett fyrir endalok tímans.

Tónverkið var frumflutt í fangabúðunum 15. janúar 1941. Áheyrendur voru úr öllum stéttum þjóðfélagsins og margir höfðu aldrei hlustað á kammertónlist fyrr. Messiaen sagði sjálfur seinna meir að aldrei hefði verið hlustað á tónlist sína með svo mikilli athygli og skilningi sem þá.

Tónlistarhópurinn Camerarctica hefur starfað frá árinu 1992 og hafa félagar hópsins á þessum fimmtán árum einnig komið víða fram sem einleikarar, leikið í Sinfóníuhljómsveit Íslands og kennt hljóðfæraleik við tónlistarskólana á höfuðborgarsvæðinu.

Camerarctica hefur vakið athygli og hlotið lofsamlega dóma fyrir flutning sinn á verkum Mozarts á árlegum kertaljósatónleikum. Hópurinn hefur enn fremur staðið að og tekið þátt í tónlistarhátíðum í minningu tónskáldanna Hindemith og Fauré, og Schubert og Brahms. Einnig hefur hópurinn leikið á Myrkum músíkdögum, Listahátíð í Reykjavík, Norrænum músíkdögum og Salisbury-hátíðinni í Bretlandi og gefið út geisladisk með verkum eftir Mozart.

Tónleikarnir hefjast kl. 15 og er miðaverð 2.000 kr. - vþ



**CAMERARCTICA** Flytja Kvartett fyrir endalok tímans í Laugarborg á morgun.



**ÖND Á SUNDI** Ein af ljósmyndum Monicu Schokkenbroek.

# Ferðir og hreyfing uppsprettur verka

Myndlistarkonurnar Monica Schokkenbroek og Soffía Sæmundsdóttir opna sýninguna IS/NL í Grafíksafni, Tryggvagötu 17 hafnarmegin, kl. 17 í dag.

Leiðir listakvennanna lágu saman við vinnustofudvöl í Banff í Kanada í árslok 2004. Löngun í hið óvænta dró þær að Klettafjöllunum þegar nóttin er lengst og kuldinn mestur, en þar dvelja tugir listamanna víðs vegar að úr heiminum ár hvert.

Afsprengi þeirra kynna er samsýningin IS/NL, en hún er eins konar samtal tveggja einstaklinga hvorum frá sínu landi sem eiga það sameiginlegt að vera heillaðir af ferðum og því sem gerist á hreyfingu.

Ljósmyndir og skúlptúrar hinnar hollensku Monicu Schokkenbroek eru mitt á milli raunveruleika og væntinga en útkoman eins fáguð og frekast er unnt án endanlegrar niðurstöðu.

Teikningar og smáverk Soffíu Sæmundsdóttur eru sprottin úr ljósmyndum af ferðum hennar um landið, eins konar upplifun af landslagi jafnvel fjarlæg minning. Monica Schokkenbroek hefur tekið þátt í fjölmörgum sýningum og hlotið margvíslegar viðurkenningar fyrir verk sín frá því hún lauk námi í Gerrit Rietveld Academy í Amsterdam. Hún dvaldi í gestavinnustofunni á Akureyri í október og í nóvember er hún gestalistamaður hjá SÍM.

Soffía Sæmundsdóttir hefur tekið þátt í fjölmörgum einka og samsýningum undanfarinn áratug síðast á Nord-Art, stórri alþjóðlegri sýningu í Rendsburg í Þýskalandi. Henni hafa hlotnast margvíslegar viðurkenningar fyrir myndlist sína.

Sýningin er opin alla fimmtudaga til sunnudaga frá 14-18. Henni lýkur 11. nóvember. - vþ

# Ný messa frumflutt

Tónlistardagar Dómkirkjunnar standa nú yfir. Í dag kl. 16 er frumflutningur á messu eftir Þóru Marteinsdóttur tónskáld. Hún er endurflutt í hátíðarmessu á vígsludegi kirkjunnar á morgun. Dómkórinn hefur lengi pantað tónverk og frumflutt það á Tónlistardögum. Dómkórinn syngur verk Þóru undir stjórn föður hennar, Marteins H. Friðrikssonar dómorganista.



**TÓNLIST** Þóra Marteinsdóttir tónskáld.

Þóra Marteinsdóttir er fædd 1978 og stundaði nám í píanóleik. Hún lauk námi í tónfræðadeild Tónlistarskólans í Reykjavík og meistaranámi í tónsmíðum frá Tónlistarháskólanum í Gautaborg og starfar sem tónlistarkennari. - pbb

Salurinn

FIMMTUDAGUR 25. OKTÓBER KL. 20
SKUGGABLÓM, NÝ ÍSLENSK ÓPERA
2. SÝNING. ÖRFÁ SÆTI LAUS.

LAUGADAGUR 27. OKTÓBER KL. 17
TÍBRÁ: PÍANÓTÓNLEIKAR
ALBERT MAMRIEV - KL. 16.15 flytur Reynir Axelsson formálsorð.
Miðaverð 2000/1600 kr.

LAUGARDAGUR 3. NÓVEMBER KL. 17
TÍBRÁ: PÍANÓTÓNLEIKAR
Leikverk í tali og tónum. Höfundurinn Stephanie Wendt kemur fram í hlutverki Clöru Schumann.
Miðaverð 2000/1600 kr.

ÞRIÐJUDAGUR 6. NÓVEMBER KL. 20
TÍBRÁ: SÖNGTÓNLEIKAR - DEBUT
BYLGJA DÍS GUNNARSDÓTTIR og JULIA LYNCH
Miðaverð 2000/1600 kr.

SPK SPARISJÓÐURINN
AÐALSTYRKTARAÐILI SALARINS
SÍMI 5 700 400 · WWW.SALURINN.IS

GERÐUBERG
www.gerduberg.is

Handverkshefð í hönnun
Leiðsögn á hverjum sunnudegi kl. 14 Boðið er upp á leiðsögn fyrir hópa, s. 575 7700

Úr ríki náttúrunnar
Guðmunda S. Gunnarsdóttir sýnir málverk og myndverk úr rekaviði og steinum

Vissir þú af...
góðri aðstöðu fyrir veislur, námskeið, fundi o.fl.
Nánar á www.gerduberg.is

Sýningar eru opnar virka daga kl. 11 - 17 og um helgar kl. 13 - 16 • sími 575 7700

vísir.is
Fyrstur með fréttirnar

Kringlukráin
Karma í kvöld
Fjölbreyttur sérréttaseðill og tilboðsmatseðill á leikhúskvöldum

Pabbinn
Vegna gífurlegra vinsælda - aukasýningar í Rvk
midi.is
THORSSON

# Hlegið svolítið að Rússum



Ilmur Kristjánsdóttir og Bergur Þór í hlutverkum sínum í Ræðismannsskrifstofunni eftir Jo Strömgren. Myndin er tekin á æfingu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**LEIKLIST**

**Ræðismannsskrifstofan eftir Jo Strömgren**

Leikmynd og búningar: Jo Strömgren.
Lýsing: Magnús Arnar Sigurðsson.
Leikgervi: Svanhvít Valgeirsdóttir.
Hljóð: Ólafur Örn Thoroddsen.
Leikendur: Helga Braga Jónsdóttir, Bergur Þór Ingólfsson, Halldóra Geirharðsdóttir, Birgitta Birgisdóttir, Ilmur Kristjánsdóttir, Þór Tulinius, Hilmir Snær Guðnason.

★★

Niðurstaða: Vel útfært verk á rasískum grunni

Jo Strömgren er norskur dansari og danshöfundur sem hefur á liðnum áratug getið sér gott orð víða um lönd fyrir samsetningu á sýningum, bæði fyrir sitt eigið kompaní, sem er í Bergen, og fyrir dansflokka víða um lönd. Hann hefur yfir tuttugu sýningar á verkaskrá sinni sem allar byggja á sömu prinsippunum: absúrdhúmor, grófleika, samhæfðri hreyfingarhefð sem er mitt milli dans og mímu og tilbúnum eða afbyggðum tungumálum. Jo er sýnilega afar flinkur maður á sínu sviði sem skarar margar afmarkaðar deildir sviðslistanna, hann beitir brúðum ekki síður en lifandi leikurum eða flytjendum. Í mörgum sýninga sinna skautar hann framhjá merkingarbæru lifandi tungumáli og smíðar nýtt á jaðrinum: einhverskonar hljóðlíkingu og velur sér þá málsvæði sem honum þykja henta söguefninu hverju sinni. Ekki verður séð annað en Ræðismannsskrifstofan, sem frumsýnd var á Nýja sviði Borgarleikhússins á vegum Leikfélags Reykjavíkur, sé nýtt verk, ólíkt til dæmis Sjúkrahúsinu sem leikið var hér í vor sem er á fastri verkefnaskrá Jo. Ræðismannsskrifstofan er frumsmíð og lýsir nokkrum metnaði bæði af hálfu leikflokksins og höfundarins.

Ræðismannsskrifstofan byggir á tungumáli sem er hljóðlega séð náskylt slavneskum málum. Það hefur lengi verið fastur hlutur af rasískri gamansemi vesturálfubúa að leika sér á rússnesku bullmáli. Örn Árnason hefur lagt sig eftir slíku, rétt eins og Hilmir Snær. Ætli það sé arfur frá hingaðkomum listamanna frá Eystrasaltslöndunum sem unnu í Þjóðleikhúsinu á rússnesku? Gamansemin við rússneskt bullmál er í grunninn byggð á djúpri vanþekkingu á þeim menningarheimi og leyndum ótta á öllu sem slavneskt er. Þetta er spaug um útlendinginn – hina – eins og fyrirbærið er gjarna kallað nú um stundir.

Nú mætti ætla að maður sem vinnur á þennan hátt hafi áhuga á að frelsa okkur frá fordómum, en ekkert slíkt er á hans agenda: Ræðismannsstofan gerist í niðurníddri skrifstofu í nær yfirgefnu sendiráði. Þar ræður ríkjum Andrei sem selur ýmsa þjónustu: konum sem starfa undir hans ábyrgð í húsinu selur hann kynlíf af köldum leiða, utanafkomandi selur hann aðra þjónustu: kemur fyrir í húsinu kjarnaúrgangi. Þetta er lokaður heimur karls sem byggir vald sitt á miskunnarleysi og hörku.

Inn í þennan heim kemur nýr maður og tekur völdin, snoppufríður yngri maður sem er ekki allur þar sem hann er séður en nýtir sér tækifærið til að hrinda Andrei úr stalli, auðmýkja hann og taka hans stöðu sem telpnagull og gagn kvennanna á staðnum.

Tökum fram strax að þessi sýning er gamanefni - spaug - fíflaskapur - til skemmtunar gerð. Sem slík er hún feikilega vel útfærð í tóni, hljómfalli, hraða og hreyfingum. Nær allir fara á kostum í sínu og vinna verk sín af ljómandi öryggi og snerpu. Frumsýningargestir Borgarleikhússins eru reyndar einhver meðvirkasti hópur sem saman kemur á Stór-Reykjavíkursvæðinu. Það var hlegið mikið og oft dátt, þótt það slumaði í skaranum og viðtökur í leikslok væru einhverjar þær daufustu sem heyrst hafa þar í langan tíma. Brandarinn varð þynnri og þynnri og þótt skipt væri um stíl og undið sér í spæjarasögu dugði það ekki til að hressa upp á söguþráðinn. Var fólk orðið þreytt á Rússabullinu eða búið að fá nóg af rasískum grunni gamansins? Eða var gestunum farið að ofbjóða hin grímulausa misbeiting kvenna í verkinu? Leikkonurnar fjórar eru sannkallaðar hetjur að komast í gegnum þann þykka mökk lágkúru sem kvenpersónur leiksins ganga í gegnum. Er það kannski erindið?

Sýn Jo á Slava er gegnheil í sínum rasisma. Væru líkur á að hann setti slíka sýningu upp og byggði hana á norsku bullmáli? Ekki held ég það. En Ræðismannsskrifstofan leiðir í ljós stöðuna á leikhópnum hjá LR um þessar mundir og er feikisterkur. Sá styrkur er þó meiri af merkingarlaus bullflaumur lendir í munni þeirra en orð sem hafa merkingu – þá verður hikað – enda hugsunin flóknari og merkingin margræðari.

Er þessi sýning tímanna tákn nú þegar við þiggjum viðvik af þúsundum slavneskra og pólskra handa? Þá aðstoð getum við fegin þegið ef á að vinna verst launuðu störfin hér á landi og er okkur þá sæmst að gera bara grín að þeim? Eru ekki vænni skotspónar nær?

Páll Baldvin Baldvinsson

## NÝJAR BÆKUR

Metsöluhöfundurinn Dean Koontz er höfundur bókarinnar Háspenna sem forlagið Skjaldborg gefur út. Þegar Billy Wiles finnur orðsendingu undir þurrkublaðinu á bílnum sínum tekur hann hana ekki ýkja alvarlega. Boðin eru frá sálsjúkum einstaklingi sem úthlutar Billy valdi yfir lífi eða dauða tveggja kvenna. Kannski er Billy ekki allur þar sem hann er séður og þegar hann þarf að berjast fyrir eigin lífi og þeirra sem standa honum næst magnast spennan næstum óbærilega. Þýðandi er Björn Jónsson.




Út er komin bókin 50 sannar íslenskar lífsreynslusögur. Sögurnar, sem eru allar úr íslenskum veruleika birtust í tímaritinu Vikunni á árunum 1999 til 2005. Það má því segja að í bókinni sé úrval bestu lífsreynslusagna Vikunnar yfir sex ára tímabil. Guðríður Haraldsdóttir, aðstoðarritstjóri Vikunnar, skrifaði meginþorra sagnanna og bjó sögurnar til prentunar. Lífsreynslusögur Vikunnar hafa verið gríðarlega vinsælar meðal lesenda Vikunnar og nú eru 50 slíkar sögur komnar saman í einni bók, á 250 blaðsíðum í kilju. Birtíngur gefur út.



Út er komin bókin Íslenska þjóðríkið – uppruni og endimörk eftir Guðmund Hálfdanarson.Verkið er afrakstur viðamikilla rannsókna höfundar á íslenskri þjóðernisstefnu og áhrifum hennar á stjórnmálaþróun hér á landi á nítjándu og tuttugustu öld. Í bókinni er fjallað um helstu forsendur sjálfstæðisbaráttunnar, ólík sjónarmið sem tókust á við mótun íslensks nútímaríkis og þær breytingar sem orðið hafa á þjóðernisvitund Íslendinga á undanförnum árum. Þetta er önnur útgáfa bókarinnar, hin fyrri er uppseld. Ritstjórar eru þeir Jón Karl Helgason og Adolf Friðriksson. Bókin er hluti af ritröðinni Íslensk menning og er 310 bls. Hið íslenska bókmenntafélag er útgefandi.










## > TÍSKUFRÉTTIR VIKUNNAR

**PUMA OG MCQUEEN** Hönnuðurinn breski **Alexander McQueen** hefur hannað nýja og framúrstefnulega línu fyrir **Puma**. Skórnir eru úr sköturoði og eru, samkvæmt McQueen, blanda af hátísku og götutísku.

**GISELE SEM VANDA** Ofurfyrirsætan **Gisele Bundchen** tekur þátt í nýrri Disney-góðgerðarherferð sem er mynduð af **Annie Liebovitz**. Hún er mynduð sem Vanda í Pétri Pan.

**CAVALLI FYRIR H&M** Ítalski glamúrhönnuðurinn **Roberto Cavalli** er næstur til þess að skapa línu fyrir H&M. Flíkurnar eru úr gerviloðfeldum, efnum með dýramunstrum og gallaefnum.



# stíll

utlit@frettabladid.is



„Kyoto“ ilmkerti frá Comme des Garcons.




Rokkaralegt leðurpils frá Junya Watanabe fyrir Comme des Garcons.

## OKKUR LANGAR Í ...



Fagra slönguskinnsskó frá Anya Hindmarch. Allt fæst í 3 hæðum, Laugavegi 60.



## DAÐRAÐ VIÐ TÍSKUNA
### Anna Margrét Björnsson

# *Tískuparadísin Reykjavík?*

Það er alltaf gaman að sjá þegar íslenskri tísku er hrósað á alþjóðavísu. Síðustu helgi voru á landinu bæði þau Yvan Rodic, sem er betur þekktur sem „Facehunter“, og Lauren Bastide, blaðamaður franska Elle, til þess eins að forvitnast um íslenska tísku á tónlistarhátíðinni Iceland Airwaves. Rodic tók fjöldann allan af myndum af fólki úti á götu og á tónleikum og hélt ekki vatni yfir „einstökum stíl“ Íslendinga. Blaðakonan birti nokkur myndskeið á vefnum elle.fr þar sem hún kannar nokkrar verslanir í miðbænum. „Paradís „vintage“-búðanna,“ segir Lauren um borgina okkar og útskýrir að meðan konur í öðrum heimsborgum reiði sig aðallega á Zöru og H&M séu reykvískar dömur meistarar í að blanda saman notuðum fötum til þess að skapa einstakt útlit. KronKron var lýst sem „Colette“ Íslands og augljóst var að blaðakonan var gersamlega ástfangin af öllu sem fyrir augu hennar bar. Eins skemmtilegt og það er að heyra íslenskri tísku hrósað svona óspart er ekki laust við að ég kannist ekki alveg við þessa frábæru tískuborg Reykjavík þegar ég horfi á allt þetta litskrúðuga og fallega fólk á bloggsíðu Rodics. Af einhverjum ástæðum finnst mér alltaf meirihluti þeirra sem ég sé á götum borgarinnar íklæddur flíspeysum eða þessu týpíska „hnakka“lúkki og blandast allir í einn sauðskinnslitaðan strípugraut. En glöggt er gests augað og mér fannst dásamlegt að skoða myndirnar af litskrúðugu fólki með einstakan stíl á síðu Rodics. Eitt sem mér finnst þetta þó sýna er hversu sterkur miðbærinn kemur inn sem hátískustaður. Það er ekki svo langt síðan verslanir kepptust um að flýja Laugaveginn og færa sig í verslunarmiðstöðvar í úthverfunum. Þær standa auðvitað fyrir sínu og ekkert að því að ná sér í „basics“ einmitt í Zöru eða TopShop eða hvað þetta nú allt heitir. En það sem gerðist í kjölfarið var að undanfarin ár hefur Laugavegurinn breyst til hins betra og allskyns áhugaverðar búðir hafa sest þar. Ferðamenn sem ganga upp og niður þessa undarlegu ósamstæðu aðalgötu okkar geta sökkt sér í stórkostlegar hátískuverslanir, auk þeirra fjölbreyttu „vintage“-búða sem auka svo sannarlega flóruna. Því segi ég húrra fyrir Laugaveginum og þeirri sköpunargrósku sem þar blómstrar. Þeir sem vilja svo skoða íslenska tísku í allri sinni einstöku dýrð geta skoðað www.facehunter.org.




Hvað er að frétta?

vísir.is
Fyrstur með fréttirnar




**HVÍT KJÓLFÖT** Hvít kjólföt og pípuhattur eru guðdómleg hjá Christian Dior.



**KLASSÍSKT OG ELEGANT** Svartur smókingjakki og hneppt peysa undir frá Anne Demeulemeester.

## KLÆDDU ÞIG Í SMÓKING

Hvít skyrta og slaufa við smóking er hefðbundið og smart.

Að klæðast nákvæmlega engu undir smókingjakka er gífurlega sexí.

Háir pinnahælar eru „möst“ við smókingbuxur.



**KINKÍ** Sætt „babydoll“-dress með slaufu um hálsinn frá MiuMiu.



**ÁBERANDI KRAGI** Fallegur smókingjakki í yfirstærð og áberandi hálskraut við. Frá Lanvin.



**GAMALDAGS GLAMÚR** Svartur smókingjakki yfir fallegan kokkteilkjól frá Lanvin.

## HÖNNUÐIR SÆKJA INNBLÁSTUR Í YVES SAINT-LAURENT

# LE SMOKING

Víða á tískusýningunum fyrir vor- og sumartískuna 2008 mátti sjá útgáfur af smóking-jakkanum sem hönnuðurinn Yves Saint-Laurent gerði frægan árið 1966. Buxnadragtin „Le Smoking“ var endursniðinn fyrir konur og öðlaðist ómældar vinsældir. Margir töldu Saint-Laurent hafa gefið konum aukin völd með því að veita þem þann valkost að klæðast fötum sem eitt sinn klæddu aðeins ríka og valdamikla karlmenn. Svarti smókingjakkinn er alltaf klassískur kvöldklæðnaður fyrir konur á öllum aldri og getur óneitanlega verið kynþokkafullur. Hjá Dior, Ann Demeulemeester, Lanvin, Victor&Rolf og MiuMiu mátti sjá skemmtilegar útgáfur af smóking og slaufum í svörtu og hvítu. amb@frettabladid.is



**GRÆNT OG TÖFF** Fallegur grænn jakki, munstraðar buxur og hliðartaska.

FULLKOMIN BLANDA LISTAR OG TÍSKU

# Vá vá vá Henrik Vibskov!

Danski hönnuðurinn, listamaðurinn og tónlistarmaðurinn Henrik Vibskov sló á trommur ásamt hinum danska plötusnúði, Anders Trentemöller, um síðustu helgi á Airwaves-hátíðinni. Vibskov hefur öðlast mikla viðurkenningu innan tískugeirans og sýning hans „The Fantabulous Bicycle Music Factory" vakti mikla athygli á tískuvikunni í París. Spekúlantar sögðu hina miklu litadýrð, sem var innblásin af afrískum munstrum og tölvuleikjum, vera hina fullkomnu blöndu af list og tísku, en Vibskov lærði hvort tveggja í skólanum virta St. Martins School of Design í London. Hér gefur að líta herratískuna frá Parísarsýningunni fyrir vor og sumar 2008. Þess má geta að fatnaður Vibskovs fæst í KronKron. - amb



**GÖTUTÍSKA** Svartur nælonjakki með hettu og skemmtilegur áprentaður bolur.



**LITADÝRÐ** Allir litir regnbogans í þessari dásamlegu slá.



**HÖNNUÐURINN** Henrik Vibskov gekk sjálfur niður eftir tískupallinum með einkennismerki sín: þverslaufuna og derhúfuna.



**SVART OG HVÍTT** Hvít smókingföt með fallegum svörtum bóafjöðrum um hálsinn frá Anne Demeulemeester.



**STUTT OG SÆTT** MiuMiu tekur „babydoll"-útgáfuna á smókinginn.


Lúxus sparnaður - lúxus akstur




PEUGEOT 407

VERÐ FRÁ KR. 2.470.000

- 1.6HDi, dísil, 109 hestöfl
- Meðaleyðsla 4,6l/100km
- ABS bremsukerfi
- ESP stöðugleikakerfi og spólvörn
- 7 loftpúðar
- Loftkæling
- Rafstýrðir hliðarspeglar
- Aksturstölva

www.peugeot.is

BERNHARD
Vatnagörðum 24 - 26 • Sími 520 1100
www.bernhard.is

Það er lúxus að geta fengið allt sem Peugeot 407 býður sem staðalbúnað á kr. 2.470.000. Það er ennþá meiri lúxus að njóta þess að aka Peugeot á götum borgarinnar. Láttu lúxusinn leika við þig – veldu Peugeot 407.

BÍLLINN Í LÍFINU ÞÍNU

PEUGEOT

**Umboðsaðilar:** Bernhard, Reykjanesbæ, sími 421 7800 • Bílver, Akranesi, sími 431 1985 • Höldur, Akureyri, sími 461 6020 • Bragginn, Vestmannaeyjum, sími 481 1535

**> EBERG Á YOUTUBE**

Nýtt myndband með íslenska tónlistarmanninum Eberg er nú að finna á YouTube. Það er við lagið Inside Your Head en það er kvikmyndagerðarmaðurinn Soffía Gísladóttir sem gerði myndbandið. Sláið inn Eberg + Inside Your Head á youtube.com.



**Fólk**

folk@frettabla

# Vill hafa hrekkjavökuna í dag



Hrekkjavakan virðist vera að ryðja sér til rúms hér á landi í auknum mæli. Í Hagkaupum eru seld risavaxin grasker, verslanir auglýsa búninga og skrímslagrímur og víða eru hrekkjavökupartí um helgina, meðal annars á skemmtistaðnum Grand Rokk í kvöld en þar verður engum hleypt upp á efri hæðina sem ekki er í grímubúningi.

Árni Björnsson þjóðháttafræðingur segist ekki ósáttur við þessa þróun. „Ég sé ekkert að því að fólk geri svona lagað að gamni sínu. Er nokkurn tímann of mikið af gleðskap? Þetta er síður sem ekki er gamalgróinn hér en einhvern tímann er allt fyrst.“ Hann segist telja líklegt að hrekkjavakan sé komin til að vera. „Hins vegar finnst mér að hér á Íslandi ætti að halda upp á Hrekkjavöku á fyrsta vetrardag sem er í dag, en ekki á þessari allra heilagra messu rétt á eftir. Mér finnst heldur kauðalegt að vera að hengja þetta aftan í hana bara af því að það er gert í Ameríku. Menn hafa tekið upp ýmsa erlenda siði en mér finnst menn eiga að tengja þá við gamlar íslenskar hátíðir. Að halda hrekkjavökuna í dag skapar okkur sérstöðu og við höldum upp á þennan gamla vetrardag í leiðinni.“ **- sók**



**EKKI ÓSÁTTUR** Þjóðháttafræðingurinn Árni Björnsson er ekki ósáttur við þá þróun að Íslendingar kjósi að halda upp á hrekkjavökuna líkt og Bandaríkjamenn. „En mér finnst að halda ætti upp á hana í dag, fyrsta vetrardag,“ segir hann.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Leikkonan **Gwyneth Paltrow** rær nú á ný mið. Hún hefur tekið að sér hlutverk þáttastjórnanda matreiðsluþáttar ásamt matreiðslumanninum **Mario**



**Batali**. Eftir að hafa fengið nokkrar ábendingar frá sjónvarpskokkinum **Jamie Oliver** flaug hún til Barcelona þar sem tökur fara fram. Hún var þó ekki



ein á ferð, því með henni var dóttir hennar og **Chris Martin**, sem heitir því viðeigandi nafni, **Apple**.






# Íslendingar flytjast búferlum til Brasilíu

„Íslendingar hafa fengið sig fullsadda af veðrinu heima fyrir og eru fluttir, allir sem einn, til Brasilíu,“ stendur á vefnum Spoof.com. Vefurinn er reyndar þekktur fyrir að snúa út úr og gera grín að heimsmálunum enda má meðal annars sjá frétt um hver sé sökudólgurinn fyrir skógareldunum í Kaliforníu, Britney Spears, þótt ekki verði greint frá því hér hvernig það allt saman atvikaðist.

En öllu gamni fylgir alvara og þessi gamanfrétt er ekki síst athyglisverð fyrir þær sakir að höfundur hennar, Jeff Brone, virðist ekki vera með á nótunum hvaða hlýnun jarðar varðar. „Nei, því ef fram fer sem horfir ætti að verða betra veður hér heldur en í Brasilíu, í það minnsta eru mörg rök sem falla að því. Og framundan er því sólskinsbros á hvers mann andliti,“ segir Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur með meiru á Stöð 2. Og má því ætla að Brone hefði verið nær að spá fyrir um búferlaflutninga frá Brasilíu til Íslands.



**BETRA VEÐUR Á ÍSLANDI** Sigurður Þ. Ragnarsson spáir því að veðrið verði betra á Íslandi en í Brasilíu þegar fram líða stundir.



**COPACABANA** Ein frægasta strönd jarðar en ef hlýnun jarðar er staðreynd gætu strendur á Íslandi tekið við af henni.

# Gaf Rooney gítar

Noel Gallagher, forsprakki Oasis, gaf fótboltakappanum Wayne Rooney úr Manchester United áritaðan gítar af gerðinni Les Paul í afmælisgjöf. Einn galli var þó á gjöf Njarðar því Gallagher, sem er mikill aðdáandi Manchester City, málaði gítarinn bláan og skrifaði á hann texta stuðningsmannalags City.

Unnusta Rooney, Coleen McLoughlin, hafði beðið Gallagher um að árita gítarinn en gleymdi víst að segja honum hvað hann skyldi skrifa. Gallagher nýtti tækifærið, skrifaði City-textann, og stílaði síðan gítarinn á „Spongebob“.

Þetta var ekki eini áritaði gítarinn sem Rooney fékk á afmælinu því hann fékk einn slíkan frá Bítlinum fyrrverandi Sir Paul McCartney þegar hann snæddi kvöldverð með fjölskyldu sinni.



**NOEL GALLAGHER** Gítarleikari Oasis gaf fótboltakappanum Wayne Rooney áritaðan gítar í afmælisgjöf.


**Sjö flokkar í sömu tunnu!**




**Skemmtilegur leikur á www.endurvinnslutunnan.is**

Ef þú svarar **sjö** léttum spurningum á www.endurvinnslutunnan.is gætir þú unnið jólahlaðborð og gistingu fyrir tvo á Grand Hótel Reykjavík.

**Taktu þátt fyrir 20. nóvember nk.**

GÁMAÞJÓNUSTAN HF.
BÆTT UMHVERFI - BETRI FRAMTÍÐ
Súðarvogi 2 • 104 Reykjavík
Sími: 535 2500 • gamar@gamar.is • www.gamar.is



STÓRTÓNLEIKAR
RÚNNI JÚLL
Í KVÖLD
LAUGARDAGINN 27. OKTÓBER
( FYRSTA VETRADAG) KL. 20.00
Í HÖLLINNI
LÖG MEISTARANNA
HLJÓMAR
TRÚBROT
LÓNLÍ BLÚ BOJS
GCD
ÁHÖFNIN Á HALASTJÖRNUNNI
BAGGALÚTUR
midi.is
RÁS 2
GESTIR
BUBBI MORTHENS
BJÖRGVIN HALLDÓRSSON
MARÍA BALDURSDÓTTIR
LARRY OTIS
SHADY OWENS
GYLFI ÆGISSON
JÓHANN HELGASON
HERMANN GUNNARSSON
MAGNÚS KJARTANSSON
DR. GUNNI
BJÖRGVIN FRANS GÍSLASON
MIÐASALA Á MIDI.IS, SKÍFUVERSLUNUM LAUGAVEGI, KRINGLUNNI OG SMÁRALIND
OG BT VERSLUNUM ÚTI Á LANDI.
MIÐAVERÐ:
SVÆÐI A 6.900 KR
SVÆÐI B 5.900 KR

# Lykilmaður í fyrsta sinn

**Goðsögnin Rúnar Júlíusson heldur tónleika í Laugardalshöll í kvöld ásamt stórri hljómsveit. Flytur hann öll sín þekktustu lög frá sólóferli sínum og árunum með Hljómum, Trúbroti, Lónlí Blú Bojs, GCD, Áhöfninni á Halastjörnunni og Baggalúti.**



**RÚNAR JÚLÍUSSON** Rúnar á afmælistónleikum Bubba á síðasta ári. Í kvöld verður Rúnar sjálfur í aðalhlutverki í Laugardalshöll.

Þetta verður í fyrsta sinn sem Rúnar verður lykilmaður á tónleikum í Höllinni og hlakkar hann mikið til. „Ég verð með gott band og góða gesti. Maður gerir aldrei neitt svona einn. Það er alltaf spenningur um að maður standi sig vel. Þetta er eins og fyrir knattspyrnuleik. Um leið og þetta fer af stað þá fer allt stressið,“ segir Rúnar, sem hefur haft góðan tíma til undirbúnings. „Hann kom að máli við mig í vor hann Guðbjartur [Finnbjörnsson tónleikahaldari] og hann vildi gera þetta strax þá en ég vildi meiri tíma. Ég vildi til dæmis gera liðskönnun og það voru allflestir til í að taka þátt í þessu með mér,“ segir Rúnar, sem hefur verið önnum kafinn eins og gefur að skilja. Í fyrradag voru lokaæfingar fyrir tónleikana og í dag verður svokallað „sándtékk“.

### Afmælisdagur móðurinnar

Móðir Rúnars, Guðrún Bergmann, hefði orðið 99 ára í dag og fannst Rúnari því þessi dagur henta mjög vel fyrir tónleikana. Hann býst þó ekki við því að syngja eitt lag sérstaklega fyrir hana. „Öll lögin verða fyrir hana og fyrir allan salinn,“ segir hann.

Fjöldi gesta mun heiðra Rúnar með nærveru sinni og söng og má þar nefna Bubba Morthens, Björgvin Halldórsson, Magnús Kjartansson, Baggalút, Shady Owens, Dr. Gunna, Gylfa Ægisson, Hermann Gunnarsson og Larry Otis.

### Í fótspor Bubba og Björgvins

Guðbjartur Finnbjörnsson fylgdist með því í gær þegar Bubbi og Björgvin æfðu með Rúnari og hafði mjög gaman af. „Þetta verður alveg rosalega flott. Þetta verða líka svo fjölbreyttir tónleikar því þarna færðu Bítlalögin, hippalögin, sjóaralögin, rokkið og ballöðurnar. Þetta verður ekki mónótónískt eins og maður segir,“ segir Guðbjartur.

Hann segir að stórtónleikar Bubba og Björgvins í Höllinni á síðasta ári hafi á vissan hátt verið kveikjan að tónleikunum. „Þar sýndi það sig að íslenskir tónlistarmenn geta alveg eins fyllt og erlendir listamenn og það er að sýna sig með Rúnari.“

### Björgvin í gervi Rúnars

Björgvin Franz Gíslason ætlar að koma fram í gervi Rúnars á tónleikunum. „Hann er búinn að liggja sveittur við að undirbúa sig,“ segir Guðbjartur.

Enn eru nokkrir miðar eftir á tónleikana, sem hefjast stundvíslega klukkan átta. Eingöngu er selt í sæti og er miðaverð 5.900 og 6.900 krónur.

freyr@frettabladid.is





SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000 — 450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Smárabíói merktar með rauðu

| | | |
|---|---|---|
| DARK IS RISING | kl. 1.30 - 3.45 - 5.50 -8- 10.15 | |
| THE HEARTBREAK KID | kl. 3 - 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| THE HEARTBREAK KID LÚXUS | kl. 3 - 5.30 - 8 - 10.30 | |
| RESIDENT EVIL 3 | kl. 8 - 10.10 | 16 |
| GOOD LUCK CHUCK | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 14 |
| SUPERBAD | kl. 3 - 5.30 | 12 |
| HÁKARLABEITA 600 KR. | kl. 1.30 - 4 | |
| THE SIMPSONS MOVIE ÍSL. TAL | kl. 1.30 300 kr. Síð. sýningar | |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 — 450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

| | | |
|---|---|---|
| DARK IS RISING | kl. 3 - 5.50 - 8 - 10.10 | 7 |
| 4 MONTHS ENSKUR TEXTI | kl. 3 - 5.40 - 8 | 16 |
| EDGE OF HEAVEN ENSKUR TEXTI | kl. 3 - 5.40 | 12 |
| HALLOWEEN | kl. 10.20 | 14 |
| SUPERBAD | kl. 3 - 5.30 - 8 - 10.30 | |
| GOOD LUCK CHUCK | kl. 8 - 10.20 | |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919 — 450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Háskólabíói merktar með rauðu

| | | |
|---|---|---|
| EASTERN PROMISES | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 12 |
| SYNDIR FEÐRANNA | kl. 4 - 6 - 8 - 10 | 16 |
| GOOD LUCK CHUCK | kl. 3.20 | 14 |
| HEIMA - SIGURRÓS | kl. 4 - 6 | 14 |
| VEÐRAMÓT | kl. 3.20 - 5.40 - 8 - 10.20 | |
| THE KINGDOM | kl. 8 - 10.20 | |

Borgarbíó SÍMI 462 3500 — 450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Borgarbíói merktar með rauðu

| | | |
|---|---|---|
| EASTERN PROMISES | kl. 8 - 10.10 | 16 |
| THE HEARTBREAK KID | kl. 6 - 8 | 12 |
| RESIDENT EVIL 3 | kl. 10.10* | 16 |
| GOOD LUCK CHUCK | kl. 4 - 6 | 14 |
| HÁKARLABEITA | kl. 4 | |
| *Kraftsýning | | |




SAMbíó ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| THE INVASION DIGITAL | kl. 5:50 - 8D - 10:20D | 16 |
| THE INVASION | kl. 8 - 10:20 | VIP |
| ÍÞRÓTAHETJAN M/- ÍSL TAL | kl. 2 - 4 - 6 | L |
| HEARTBRAKE KID | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| THE BRAVE ONE | kl. 8 - 10:30 | 16 |
| STARDUST | kl. 12:30 - 3 - 5:30 - 8 - 10:30 | 10 |
| NO RESERVATIONS | kl. 8 | L |
| CHUCK AND LARRY | kl. 10:20 | 12 |
| ASTRÓPÍÁ | kl. 2 - 4 - 6 | L |
| ASTRÓPÍÁ | kl. 2 - 4 - 6 | VIP |
| RATATOUILLE M/- ÍSL TAL | kl. 12:30 - 3 | L |
| SHREK 3 M/- ÍSL TAL | kl. 1:30 | L |
| BRATZ - THE MOVIE | kl. 3:40 | L |

SAMbíó AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| ÍÞRÓTTAHETJAN m/ísl tali | kl. 2 - 4 - 6 | L |
| THE INVASION DIGITAL | kl. 8 - 10 | 16 |
| RATATOUILLE M/- ÍSL TAL | kl. 2 | L |
| BRATZ - THE MOVIE | kl. 4 | L |
| STARDUST DIGITAL | kl. 5:50 - 8 | 10 |
| THE TRANSFORMERS | kl. 10:20 | 10 |

SAMbíó KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| THE INVASION | kl. 8:20D - 10:30D | 16 |
| DARK IS RISING | kl. 2 - 4 - 6 - 8 | 7 |
| ÍÞRÓTAHETJAN M/- ÍSL TAL | kl. 2 - 4 | L |
| IN THE LAND OF WOMEN | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | L |
| THE KINGDOM | kl. 10:10 | 10 |
| STARDUST | kl. 5:50D | 10 |
| RATATOUILLE M/- ÍSL TAL | kl. 1:30 - 3:40 | L |

SAMbíó KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| STARDUST | kl. 2 | 7 |
| THE HEARTBREAK KID | kl. 5 - 8 | L |
| 3:10 TO YUMA | kl. 10:20 | 16 |
| ÍÞRÓTTAHETJAN m/ísl tali | kl. 2 - 4 - 6 | L |
| THE BRAVE ONE | kl. 8 | 16 |
| HALLOWEEN | kl. 10:20 | 16 |

SAMbíó SELFOSSI

| | | |
|---|---|---|
| GOOD LUCK CHUCK | kl. 8 - 10:10 | 14 |
| SUPERBAD | kl. 8 | 12 |
| HALLOWEEN | kl.10:20 | 16 |
| STARDUST | kl. 5:30 | 10 |
| ÍÞRÓTAHETJAN M/- ÍSL TAL | kl. 2 - 3:50 | L |
| SHARK BATE M/- ÍSL TAL | kl. 4 | L |
| RATATOUILLE M/- ÍSL TAL | kl. 1:30 | L |




LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| EASTERN PROMISES | kl. 5.45, 8 og 10.15 | 16 |
| THE HEARTBREAK KID | kl. 2, 5.45, 8 og 10.15 | 12 |
| 3:10 TO YUMA | kl. 5.30, 8 og 10.30 | 16 |
| ÆVINTÝRAEYJA IBBA | kl. 2 | L |
| HÁKARLABEITA | kl. 2 og 4-600 kr. | L |
| BRETTIN UPP | kl. 4-450 kr. | L |

www.laugarasbio.is - Miðasala á midi.is









# Í klóm rússnesku mafíunnar

Rússneska mafían og aðrar glæpaklíkur tengdar Sovétríkjunum sálugu hafa vaxið og dafnað á þeim sextán árum sem liðin eru síðan stórveldið féll. Rússarnir, líkt og aðrir glæpaflokkar, eru bæði miskunnarlausir og vellauðugir og stunda bæði eiturlyfjaviðskipti og vopnasölu þótt stærsta „útflutningsvaran“ sé barnungar stúlkur frá heimalandinu sem neyddar eru í vændi með skelfilegum afleiðingum.

Mansal er einmitt hreyfiafl sögu Eastern Promises, sem snýst að mestu um leit ljósmóðurinnar Önnu að uppruna sjúklings sem dó á skurðarborðinu við að fæða barn. Eina vísbendingin er dagbók og nafnspjald veitingastaðar í miðborg Lundúna sem rekinn er af hinum vinalega Semyon. Fljótlega kemst Anna þó á snoðir um að á bak við föðurlegt útlit hans er miskunnarlaus morðingi og glæpaforingi.

Stemningin í Eastern Promises er glettilega lík og í síðustu mynd Cronenbergs. Framvindan er hæg en örugg og inni á milli skellur ofbeldið á áhorfandanum með þeim áhrifum að hann veit ekki hvort hann á að hlæja eða kúgast. Á köflum gengur Cronenberg hins vegar aðeins of langt og endar í óþarfa og hálfgerðum pervertisma fyrir blóði og skurðum.

Leikurinn er traustur þótt Viggo Mortensen sé ef til vill aðeins of ýktur sem hinn tilfinningalausi Nikolai. Vincent Cassell, Armin Mueller- Stahl og Naomi Watts standa fyrir sínu og þá er gaman að sjá „góðkunningja“ frá BBC bregða fyrir í myndinni af og til. Eastern Promises nær ekki ekki sömu hæðum og A History of Violence, sem hún verður óhjákvæmilega borin saman við, en hún er alveg örugglega með því besta sem áhorfendur geta séð um þessar mundir í kvikmyndahúsum borgarinnar.

Freyr Gígja Gunnarsson

**KVIKMYNDIR**

**Eastern Promises**

Leikstjóri: David Cronenberg

Aðalhlutverk: Viggo Mortensen og Naomi Watts

★★★★

Eastern Promises nær ekki sömu hughrifum og A History of Violence en hún er eflaust með því besta sem hægt er að sjá í kvikmyndahúsum borgarinnar um þessar mundir.



# Harrelson í Pinkville

Leikarinn Woody Harrelson hefur ákveðið að leika á móti Bruce Willis í stríðsmynd Olivers Stone, Pinkville. Harrelson vann síðast með Stone í hinni umdeildu Natural Born Killers sem kom út árið 1994.

Pinkville er byggð á hinu þekkta My Lai-fjöldamorði sem átti sér stað í Víetnamstríðinu. Þá drápu bandarískir hermenn hundruð Víetnama með köldu blóði. Hún verður fjórða myndin sem Stone gerir um stríðið í Víetnam og er óskarsverðlaunamyndin Platoon þar á meðal. Tökur hefjast á næsta ári.



## FRÉTTIR AF FÓLKI

Ferð hótelerfingjans **Paris Hilton** til Rúanda hefur verið frestað. Hilton ætlaði að fara þangað í góðgerðaskyni í næsta mánuði ásamt stofnuninni Playing For Good og taka þar upp í leiðinni atriði fyrir nýjan raunveruleikaþátt. Vegna endurskipulagningar innan stofnunarinnar var ákveðið að fresta ferðinni. „Playing For Good vill þakka ungfrú Hilton fyrir rausnarskap hennar og stuðning við þetta framtak og hlakkar til að fara með henni síðar,“ sagði í yfirlýsingu stofnunarinnar.



Eldur braust út skammt frá kvikmyndahúsi í London þar sem nýjasta mynd **Halle Berry**, Things We Lost in the Fire, var frumsýnd. Eldurinn, sem kom upp í eldhúsi á veitingastað, var slökktur á skömmum tíma, rétt áður en Berry og mótleikari hennar **Benicio Del Toro** gengu eftir rauða dreglinum. Berry var afar skelkuð enda er heimili hennar í Hollywood skammt frá því svæði þar sem miklir eldar hafa geisað að undanförnu.



Söngkonan **Britney Spears** verður ekki dæmd fyrir að hafa ekið á kyrrstæðan bíl og brunað í burtu í ágúst síðastliðnum. Britney bað eiganda bílsins afsökunar og bauð honum rúmar sextíu þúsund krónur í skaðabætur og ákvað hann þá að hætta við að kæra hana. Britney var ekki með gilt ökuskírteini þegar atvikið átti sér stað og þarf að svara til saka fyrir það 26. nóvember.



Leikarinn **Tom Hanks** og leikstjórinn **Ron Howard** hefja tökur á framhaldi Da Vinci lykilsins í febrúar á næsta ári. Nýja myndin verður gerð eftir bókinni Angels & Demons, sem er einnig eftir Dan Brown. Endurtekur Hanks hlutverk sitt sem hinn Harvard-menntaði Robert Langdon, sem flækist í þetta sinn í leit að kraftmesta orkugjafa jarðar.






## > Birgir Leifur á Opna Mallorca-mótinu

Birgir Leifur Hafþórsson var í hópi þeirra kylfinga sem náðu ekki að ljúka öðrum hring vegna myrkurs á Opna Mallorca-mótinu í gær. Þegar Birgir þurfti að hætta í gær hafði hann lokið við 10 holur, en hann lék þær á pari og er samanlagt á 6 höggum yfir pari á mótinu í 96. sæti. Eins og staðan var í gær þarf Birgir Leifur líklega að leika síðustu átta holurnar á öðrum hringnum á þremur til fjórum höggum undir pari ætli hann að tryggja sér áframhaldandi þátttökurétt í mótinu.



**sport**

sport@frettabla-

**HELGI VALUR DANÍELSSON:** FÉLAG HANS, ÖSTER, VIÐ ÞAÐ AÐ FALLA ÚR DEILD ANNAÐ ÁRIÐ Í RÖÐ

# *Vil komast frá Öster en vera áfram í Svíþjóð*



Vistin hjá sænska félaginu Öster hefur ekki verið eins og Helgi Valur Daníelsson bjóst við þegar hann gekk í raðir félagsins frá Fylki. Þá var liðið í sænsku úrvalsdeildinni. Það féll úr úrvalsdeildinni í fyrra og er nú á barmi þess að falla úr næstefstu deildinni ári síðar. Öster er í fallsæti fyrir lokaumferðina og þarf því að sigra í lokaleik sínum og treysta á hagstæð úrslit úr öðrum leikjum.

„Við erum eiginlega í frjálsu falli. Hvort sem við föllum eða ekki þá er ljóst að það verða miklar breytingar hjá félaginu. Það er mikið að hjá félaginu og 10-15 leikmenn sem vilja fara og hafa varla nennt að spila í sumar. Svo erum við með leikmenn frá um 12 mismunandi löndum og margir þeirra tala hvorki sænsku né ensku. Þetta er hálffáránlegt,“ sagði Helgi Valur við Fréttablaðið en hann segir móralinn slakan hjá félaginu.

Helgi Valur á eitt ár eftir af samningi sínum við félagið en vill komast burt frá félaginu sem fyrst.

„Ég vil fara og breytir engu þó að við höldum okkur uppi. Það er mikill gæðamunur á efstu deildinni og þeirri næstefstu og ég vil spila í efstu deild. Mér hefur persónulega gengið þokkalega. Vonandi fæ ég að fara ódýrt frá félaginu þar sem ég á aðeins eitt ár af samningnum eftir,“ sagði Helgi Valur sem hefur ekki áhuga á því að koma heim eins og staðan er.

„Ég hef ekkert hugsað um að fara heim. Ég vil gefa þessu betra tækifæri og komast í betra lið ef mögulegt er. Mér gekk vel í efstu deildinni og ég tel mig eiga fullt erindi í þann bolta. Svo er bara spurning hvort einhver lið vilja fá mig, en það er allavega lítið að gerast í þeim málum í augnablikinu,“ sagði Helgi Valur. Ljóst er að ekki mun standa á tilboðum frá íslenskum félögum fari svo að hann snúi aftur heim og þau munu vafalítið fylgjast grannt með framvindu mála hjá Árbæingnum.

## ÚRSLITIN Í GÆR

*Landslið karla í handbolta:*

**Ísland - Ungverjaland 17-23 (9-10)**

**Mörk Íslands (Skot):** Jaliesky Garcia Padron 4 (8), Alexander Petersson 4 (9), Snorri Steinn Guðjónsson 3/2 (7/3), Bjarni Fritzson 1 (3), Sigfús Sigurðsson 1 (3), Ásgeir Örn Hallgrímsson 1 (4), Heimir Örn Árnason 1 (2), Hannes Jón Jónsson 1 (3), Baldvin Þorsteinsson 1/1 (1/1), Arnór Atlason (3).
**Varin skot:** Hreiðar Levý Guðmundsson 10.
Hraðaupphlaup: 6 (Alexander 3, Ásgeir, Bjarni, Snorri).
**Fiskuð víti:** 4 (Róbert 2, Alexander, Garcia).
**Utan vallar:** 4 mínútur.
**Mörk Ungverjalands:** Ferenc Ilyes 6, Tamas Frey 4, Gyula Gal 3, Gergo Ivancsik 2/1, David Katzirz 2, Peter Gulyas 2, Tamas Mocsai 1, Kornel Nagy 1, Gabor Herbert 1, Szabolcs Zubai 1.

*Iceland Express-deild karla:*

**Njarðvík - ÍR 83-68 (37-30)**

**Stig Njarðvíkur:** Hörður Axel Vilhjálmsson 26 (21 mín.), Brenton Birmingham 16 (10 fráköst), Friðrik Stefánsson 13, Egill Jónasson 9, Jóhann Árni Ólafsson 7, Guðmundur Jónsson 4, Charleston Long 4, Sverrir Þór Sverrisson 2 (6 stoðs. á 16 mín.), Hjörtur Hrafn Einarsson 2.
**Stig ÍR:** Ómar Sævarsson 16 (18 fráköst, 5 stoðs., 3 varin), Eiríkur Önundarson 13, Hreggviður Magnússon 12, Steinar Arason 9, Sonny Troutman 6 (7 stolnir, hitti aðeins úr 2 af 15 skotum), Sveinbjörn Claessen 4, Marko Palada 4, Þorsteinn Húnfjörð 2, Ólafur Sigurðsson 2.
Tindastóll - Skallagrímur 102-90



**HARÐORÐUR** Roy Keane er ekki sáttur við framlag leikmanna írska landsliðsins upp á síðkastið. NORDICPHOTOS/GETTY

Roy Keane, stjóri Sunderland:

## Leikmennirnir eiga mesta sök

**FÓTBOLTI** Roy Keane, stjóri Sunderland, er ekki þekktur fyrir að liggja á skoðunum sínum og nú eru það landsliðsmenn Íra sem fá að finna fyrir því eftir að Steve Staunton, þjálfari landsliðsins, var rekinn á dögunum.

„Þetta var mikið til leikmönnum landsliðsins að kenna því þeir brugðust Staunton með slakri spilamennsku sinni. Vorkunn er ef til vill of sterkt orð, en ég geri mér að minnsta kosti grein fyrir hversu erfitt verkefni hann hafði á sinni könnu,“ sagði Keane. - óþ




# Kraftlaus frammistaða Íslendinga

**Íslenska landsliðið átti mjög dapran leik gegn Ungverjum í Höllinni í gær og tapaði með sex mörkum, 17-23. Fátt var um fína drætti hjá íslenska liðinu og fjarvera lykilmanna reyndist liðinu ofviða.**

**HANDBOLTI** Það var ekki hægt að taka margt jákvætt úr leik íslenska liðsins gegn Ungverjum í gær. Nánast engir leikmenn fundu sig almennilega í leiknum og slæmt sex marka tap niðurstaðan þar sem íslenska liðið skoraði aðeins sautján mörk.

Það vantaði marga lykilmenn í íslenska landsliðið í gær eins og Guðjón Val, Ólaf Stefánsson, Loga Geirsson og Einar Hólmgeirsson. Nýir menn fengu því tækifæri til láta ljós sitt skína.

Alfreð kom nokkuð á óvart með því að láta Hannes Jón byrja í vinstra horninu en við hlið hans var Garcia. Snorri Steinn var á miðjunni, Ásgeir Örn hægra megin og Alexander í horninu. Róbert var á línunni og Hreiðar byrjaði í markinu.

Íslenska liðið fór rólega af stað, sóknarleikurinn var hægur og stirður og eina alvöruógnunin kom frá Garcia sem var mjög ákveðinn og frískur. Ungverjar komust í 1-4 en þá breytti Alfreð úr 6/0-vörn í 5/1 með Róbert upp á topp. Sá varnarleikur virkaði mikið mun betur og fyrr en varði var íslenska liðið komið yfir, 7-6.

Alfreð byrjaði þá að skipta mikið en hann notaði alls 13 leikmenn í hálfleiknum. Ógnunin í sókninni hvarf er Garcia settist á bekkinn og Ungverjar náðu aftur forystunni og leiddu í leikhléi með einu marki, 9-10. Ísland hefði átt að leiða í hálfleik en leikmenn létu Fazekas verja frá sér úr dauðafærum hvað eftir annað.

Íslenska liðið mætti hálfsofandi til síðari hálfleiks og Ungverjar skoruðu sex af fyrstu sjö mörkum síðari hálfleiks. Þá tók Alfreð leikhlé og endurskipulagði leik íslenska liðsins.

Það skilaði nákvæmlega engu því



**Á FLUGI** Alexander flýgur hér inn úr horninu í leiknum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALGARÐUR

það gekk hvorki né rak hjá íslenska liðinu á báðum endum vallarins. Alfreð setti Hreiðar aftur í markið eftir tíu mínútur af síðari hálfleik enda hafði Birkir ekki varið skot. Hreiðar skilaði sínu ágætlega en vörnin var hriplek fyrir framan hann.

Sóknarleikurinn var hægur og tilviljanakenndur og breytti engu hvern Alfreð sendi á vettvang en hann notaði alla leikmenn sína í gær. Niðurstaðan var sex marka tap, 17-23, og leikur íslenska liðsins olli talsverðum vonbrigðum. Eldri og reyndari leikmenn brugðust og nýliðarnir nýttu tækifærið sitt frekar illa. Það vantaði alla áræðni og kraft í liðið og það var því eðlilega þungt yfir Alfreð Gíslasyni landsliðsþjálfara í leikslok.

„Þetta var skelfilegt en fyrri hálfleikurinn þó skömminni skárri. Þá var varnarleikurinn góður lengstum en sóknarleikurinn var mjög hægur. Fyrstu 25 mínúturnar af síðari hálfleik var sóknarleikurinn skelfilegur og hann olli mér mestum vonbrigðum hér í dag,“ sagði Alfreð þungur á brún en nýliðarnar stóðu ekki undir væntingum og vinstri vængurinn var lamaður allan leikinn.

„Arftakar Óla eiga greinilega nokkuð langt í land og það er heldur ekki hægt að segja að nýliðarnir hafi nýtt tækifæri sín vel. Á móti kemur að ég gaf mörgum mönnum tækifæri en það útskýrir ekki þann urmul mistaka sem leikreyndari mennirnir gerðu sig seka um. Ég vonast til að sjá annað viðhorf hjá



**FARIÐ YFIR MÁLIN** Alfreð Gíslason ræðir við strákana og reynir að finna lausnir. FRÉTTABLAÐIÐ/VALGARÐUR

mönnum í seinni leiknum og að þeir geri sér grein fyrir því að þeir séu að spila fyrir landsliðið,“ sagði Alfreð. henry@frettabladid.is

Njarðvíkingar unnu sinn átjánda deildarleik í röð og eru á toppnum ásamt Keflavík eftir þrjár umferðir:

# Hörður Axel skoraði 16 stig í röð

**KÖRFUBOLTI** Njarðvíkingar halda sigurgöngu sinn áfram og unnu í gær nokkuð sannfærandi 15 stiga sigur á ÍR, 83-68.

Njarðvíkingar voru með frumkvæðið allan leikinn en Breiðhyltingar héngu í þeim þar til hinn 19 ára gamli Hörður Axel Vilhjálmsson tók sig til og gerði út um leikinn. Hörður Axel skoraði 16 stig í röð um miðjan fjórða leikhluta og breytti stöðunni úr 65-57 í 81-57 og eftir það var leikurinn búinn. Hörður nýtti 8 af 10 skotum sinum og skoraði 24 af 26 stigum sínum í seinni hálfleiknum.

„Það voru allir í bænum farnir að hugsa og tala um þennan leik á sunnudaginn og ég var því skíthræddur með þetta kvöld. Vitleysurnar sem við vorum að gera í fyrri hálfleik voru einmitt út af einbeitingarleysi og menn



**ÖFLUGUR** Hörður Axel skoraði 24 stig í seinni hálfleik og gerði út um leikinn. FRÉTTABLAÐIÐ/VÍKURFRÉTTIR

voru að taka vitlausar ákvarðanir. Síðan náðu mínir menn að stíga upp í seinni hálfleik og Hörður kom með sýningu sem auðveldaði þetta rosalega fyrir okkur,“ sagði Teitur Örlygsson, þjálfari Njarðvíkur. Hann er ánægður með tvo fyrstu leiki Harðar Axel Vilhjálmssonar í Ljónagryfjunni. „Hann er búinn að spila tvo leiki í Njarðvík og búinn að eiga frábæra leiki í bæði skiptin,“ bætti Teitur við. Hörður Axel var með 15 stig og 5 stoðsendingar í sigrinum á Snæfelli.

Sigur Njarðvíkur þýðir að tvö efstu liðin og þau einu ósigruðu mætast í Ljónagryfjunni á morgun þegar Keflavík kemur í heimsókn til nágranna sinna. „Venjulega er annað liðið í toppsætinu þegar þessi lið mætast en nú eru þau bæði í toppsætinu. Þetta er mjög gaman fyrir alla og vonandi verður bara fullt af fólki á leiknum. Við hlökkum mikið til leiksins og ég efast ekki um annað en að þeir geri það líka,“ sagði Teitur en leikurinn hefst klukkan 19.15. - óój


S·K·Í·F·A·N
KYNNIR
hara
TRYGGÐU ÞÉR
EINTAK
LEIFSSTÖÐ • LAUGAVEGI • KRINGLUNNI • SMÁRALIND

Það er ólíkt gengi hjá körfuboltamönnunum tveimur frá Makedóníu sem yfirgáfu Borgarnes í sumar:

# Dimitar blómstrar en Jovan dalar mikið

**KÖRFUBOLTI** Makedónarnir Jovan Zdravevski og Dimitar Karadzovski spiluðu undanfarin tímabil með Skallagrími og áttu mikinn þátt í góðu gengi Borgnesinga, sem komust meira segja alla leið í lokaúrslitin fyrra árið.

Jovan lék einn fyrsta árið en Dimitar bættist síðan í hópinn og undanfarin tvö ár voru þeir aðalskyttur Borgarnesliðsins. Í sumar yfirgáfu þeir báðir Skallagrím, Jovan samdi við Íslandsmeistara KR en Dimitar fór til nýliða Stjörnunnar. Þessi vistaskipti hafa greinilega farið misvel í þá því á sama tíma og Jovan hefur fundið sig illa hjá KR hefur Dimitar blómstrað í Stjörnuliðinu.

Jovan Zdravevski var með 21,8 stig, 2,9 stoðsendingar og 44,6 prósenta þriggja stiga skotnýtingu með Skallagrími í deildinni í fyrra og skilaði þá 20,5 framlagsstigum að meðaltali til síns liðs í 22 leikjum.

Í fyrstu þremur leikjum sínum með KR í deildinni í ár hefur Jovan hins vegar skorað 11,7 stig, gefið 0,7 stoðsendingar og klikkað á 14 af 17 þriggja stiga skotum sínum. Hann hefur skilað 8,7 framlagsstigum að meðaltali til KR-liðsins á þeim 21,3 mínútum sem hann hefur spilað í leik. Jovan er því að skora 10,1 færri stig í leik, gefa 2,2 færri stoðsendingar, hitta 27 prósentum verr úr þriggja stiga skotum og skila 11,8 færri framlagsstigum til síns liðs.



**SJÓÐHEITUR** Dimitar Karadzovski hefur skorað 14 þrista í fyrstu þremur umferðunum. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR



**ÍSKALDUR** Jovan Zdravevski hefur hitt illa úr þriggja stiga skotum sínum í fyrstu umferðunum. VÍKURFRÉTTIR/JÓN BJÖRN

Dimitar Karadzovski var með 16,7 stig, 4,5 stoðsendingar og 32,3 prósenta þriggja stiga skotnýtingu með Skallagrími í deildinni í fyrra og skilaði 14,2 framlagsstigum að meðaltali til síns liðs í 22 leikjum.

Í fyrstu þremur leikjum sínum með Stjörnunni hefur Dimitar skorað 20,0 stig, gefið 4,3 stoðsendingar og skorað 4,7 þrista að meðaltali í leik þar sem hann hefur hitt úr 46,7 prósentum skota sinna fyrir utan þriggja stiga línuna.

Dimitar hefur skilað 18,3 framlagsstigum að meðaltali til Garðabæjarliðsins á þeim 33,3 mínútum sem hann hefur spilað í leik. Dimitar er því að hækka sig frá því í fyrra því hann er að skora 3,3 fleiri stig, setja niður 2,2 fleiri þrista í leik og hitta 14,4 prósentum betur úr skotum yfir utan þriggja stiga línuna. Með þessu er Dmitar að skila 4,1 fleiri framlagsstigi til síns liðs að meðaltali í leik.

Því má ekki gleyma að Jovan var að fara í mun sterkara lið þar sem er mun harðari samkeppni um mínútur en engu að síður fer það ekki framhjá neinum að á sama tíma og Dimitar hefur bætt sinn leik hefur Jovan misst dampinn.

Eina tölfræðin sem er Jovan hagstæð er sigurhlutfallið því KR hefur unnið tvo leiki í fyrstu þremur umferðunum en Stjarnan aðeins einn. **- óój**






**BASL** Justin Shouse og félagar í Snæfelli hafa ekki fundið taktinn í upphafi deildarkeppninnar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Iceland Express-deild karla:

## Versta byrjun Snæfells í 9 ár

**KÖRFUBOLTI Snæfell er eina liðið í Iceland Express deild karla sem hefur ekki náð að vinna leik í fyrstu þremur umferðum tímabilsins en liðið tók fyrsta titil tímabilsins þegar liðið varð Powerade-meistari fyrir mót.**

**Snæfell hefur tapað fyrir Njarðvík og KR á útivelli og svo í framlengingu gegn Keflavík á heimavelli. Snæfellsliðið hefur ekki byrjað verr í níu ár, eða síðan liðið tapaði þremur fyrstu leikjum sínum þegar það var nýliði í deildinni tímabilið 1998-99.**

**Snæfell vann þá Njarðvík á heimavelli í fjórða leiknum og síðan næstu fjóra leiki á eftir. Næsti leikur Hólmara er gegn Stjörnunni á heimavelli á sunnudagskvöldið. - óój**

Erla Dögg Haraldsdóttir:

## Vann gullið en metið hélt

**SUND** Erla Dögg Haraldsdóttir, nítján ára sundkona úr ÍRB, vann 100 metra bringusund á danska meistaramótinu í gær þegar hún kom í mark á 1 mínútu og 10,60 sekúndum.

Erla Dögg bætti átján ára met Ragnheiðar Runólfsdóttur í undanúrslitunum og synti aftur undir gamla metinu í úrslitasundinu en dagsgamalt Íslandsmet hennar hélt þó velli.

Erla Dögg byrjaði ekki eins vel og í undanúrslitasundinu og var önnur eftir 50 metra en hún kom sterk inn í lokin og tryggði sér gullið, aðeins þremur hundruðustu á undan Louise Jansen frá Danmörku. **- óój**



**GÓÐUR** Avi Fogel hefur leikið vel í fyrstu leikjum sínum með KR. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Iceland Express-deild karla:

## KR-ingar létu Litháann fara

**KÖRFUBOLTI KR ákvað að semja ekki við Ernestas Ezerskis, tvítugan litháískan bakvörð sem hefur verið til reynslu hjá liðinu, en hann kom úr herbúðum stórliðsins Lietuvos Rytas Vilnius.**

**Ezerskis lék tvo leiki með KR-liðinu, var með 3 stig á 14 mínútum í tapi í úrslitaleik Powerade-bikarsins gegn Snæfelli og skoraði síðan 15 stig og gaf 3 stoðsendingar á 19 mínútum í 100-78 sigri á Fjölni í 1. umferð Iceland Express deildarinnar.**

**KR samdi í staðinn við bandaríska bakvörðinn Avi Fogel sem er af ísraelskum ættum. Fogel hefur skorað 22,0 stig, gefið 6,0 stoðsendingar og hitti úr 60 prósentum þriggja stiga skota sinna í fyrstu tveimur leikjum sínum í KR-búningnum. - óój**



**REKINN** Martin Jol gerði ágætishluti í stjóratíð sinni hjá Tottenham, en byrjaði illa með liðið í ár. NORDICPHOTOS/GETTY

Enska úrvalsdeildin:

## Jol rekinn frá Tottenham

**FÓTBOLTI** Martin Jol var rekinn sem stjóri Tottenham í kjölfar taps gegn spænska liðinu Getafe í UEFA-bikarnum í fyrrakvöld, en Tottenham stendur einnig höllum fæti í ensku úrvalsdeildinni og er sem stendur í 18. sæti. „Ég mun aldrei gleyma stuðningsmönnum Tottenham,“ sagði í yfirlýsingu frá Jol eftir að hann hafi fengið að fjúka, en aðstoðarmaður hans, Chris Hughton, fór einnig sömu leið. „Þetta var erfið og leiðinleg ákvörðun en því miður hafa úrslitin undanfarið gert það að verkum að þetta er niðurstaðan,“ sagði Daniel Levy, stjórnarformaður Tottenham.

Allt bendir nú til þess að Juande Ramos, stjóri Sevilla, taki fljótlega við Tottenham-liðinu, en sögusagnir eru á kreiki um að félagið sé tilbúið að bjóða honum fúlgur fjár og fjögurra ára samning sem hann geti ekki hafnað. Ramos játaði því í gær í viðtölum við spænska fjölmiðla að hann dreymdi um að stýra liði í ensku úrvalsdeildinni. - óþ

Framtíð ólympíuleikanna:

## Verða leikarnir í Katar 2016?

**ÍÞRÓTTIR Olíuríkið Katar við Persaflóa sækist nú eftir því að fá að halda ólympíuleikana eftir níu ár en þeir færu þá fram í höfuðborginni Doha.**

**Þetta yrði í fyrsta sinn sem arabaríki héldi leikana en meðal þeirra borga sem keppa um að hljóta útnefningu Alþjóða ólympíunefndarinnar eru Chicago, Tókýó, Rio de Janeiro, Madríd og Prag.**

**Það gæti reyndar orðið mikil þolraun fyrir keppendur fari svo að ólympíuleikarnir fari fram í Katar því meðalhitinn yfir sumartímann er um 44 gráður. Ólympíuleikarnir fara fram í Peking á næsta ári og í London árið 2012. - óój**



**EYRNAMERKTUR** Van der Vaart er á leið til Inter ef marka má ítalska blaðið Corriere dello sport. NORDICPHOTOS/GETTY

Ítalska Serie A-deildin:

## Van der Vaart á leið til Inter?

**FÓTBOLTI** Ítalska blaðið Corriere dello sport hefur verið duglegt að orða miðjumenn við Inter eftir að Roberto Mancini, stjóri liðsins, lét hafa eftir sér að hann væri hræddur um breidd liðs síns.

Corriere dello sport birti í gær grein þess efnis að Inter væri þegar búið að ákveða að kaupa Rafael van der Vaart frá Hamburger SV þegar janúarglugginn opnast að nýju og svo kaupi liðið Frank Lampard frá Chelsea eftir tímabilið. Fyrir hjá Inter eru miðjumennirnir Oliver Dacourt, Esteban Cambiasso og Patrick Vieira, en sá síðastnefndi verður reyndar líklega frá vegna meiðsla næstu tvo mánuði. - óþ

Mikil tímamót í amerísku íþróttalífi á sunnudag:

# NFL kemur til Wembley

**NFL** Mikil eftirvænting ríkir fyrir leik NFL-liðanna New York Giants og Miami Dolphins sem fram fer á Wembley-leikvanginum í London á sunnudag. Viðureign liðanna er hluti af leiktímabilinu en aldrei áður hefur verið spilað utan Bandaríkjanna í deildinni.

Þetta uppátæki NFL-deildarinnar hefur vakið gríðarlega athygli og íþróttaáhugamenn hafa hreinlega slegist um miða á leikinn. Wembley tekur 90 þúsund manns í sæti en alls bárust um milljón umsóknir um miða á leikinn, þar af um hálf milljón fyrsta daginn. Svo vel hefur tekist til að NFL íhugar það alvarlega að spila sjálfan SuperBowl-leikinn á Wembley á næstu árum.

Bæði lið komu til London í gær en ekki er búist við sérstaklega spennandi leik. Miami er búið að tapa öllum sjö leikjum sínum það sem af er og hefur aldrei byrjað verr í sögu félagsins. Giants byrjaði tímabilið illa og tapaði tveim fyrstu leikjum sínum. Síðan datt liðið í gírinn og hefur nú unnið fimm leiki í röð.

Helsta stjarna leiksins er Eli Manning, leikstjórnandi Giants, en hann er yngri bróðir Peyton Manning sem er leikstjórnandi meistara Indianapolis. Leikurinn hefst klukkan 17 á sunnudag og er í beinni útsendingu á Sýn. - hbg



**HEIÐURSFYRIRLIÐAR** Didier Drogba, leikmaður Chelsea, og Martin Johnson, fyrrverandi fyrirliði enska rúgbýlandsliðsins, verða heiðursfyrirliðar í leiknum á sunnudag. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES




MEST
Bílskúrshurðir



Frír bílskúrshurðaopnari* fylgir öllum Raynor bílskúrshurðum hjá MEST til 9. nóvember nk.

Hafðu samband við söluráðgjafa okkar og fáðu nánari upplýsingar í síma 4 400 100 eða á www.mest.is

*Raynor Orion 800i bílskúrshurðaopnari

Opnunartími: Mán. - fös. kl. 8-18

Norðlingabraut 12, Norðlingaholti, Reykjavík
Hrísmýri 5, Selfossi
Sími 4 400 100 / Fax 4 400 111 / mest@mest.is / www.mest.is

mest
– allt til bygginga

ENNEMM / SIA / NM30431

## > GOLDIE HAWN

„Karlmenn eru mun einfaldari en konur, ekkert getur breytt þeim. Þess vegna finnst mér að við ættum að sleppa mönnunum lausum, leyfa þeim að eiga í sínum ástarævintýrum, keyra sportbíla og dreyma um að vera karlmannlegir – og við ættum að stjórna heiminum.“ Goldie Hawn leikur í myndinni Deceived í Sjónvarpinu í kvöld.



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ SUNNA DÍS MÁSDÓTTIR ER SÓLGIN Í DJÚPSTEIKT KANDÍFLOS MEÐ AUKASYKRI

# *Samkennd eða tilfinningaklám?*

Ég hef haft af því áhyggjur að ég sé haldin einhverri tilfinningafíkn. Að minnsta kosti kemst ég oft og iðulega á einhvers konar tripp yfir amerískri sjónvarpsvæmni og það þó að hún sé svo yfirdrifin að hún jafnist helst á við kandíflos með sírópi og aukasykri. Og súkkulaðibitum.

Dr. Phil náði mér á sitt band enn eina ferðina í síðustu viku þegar hann fékk hjón í heimsókn til sín. Þau höfðu ættleitt lítinn fallegan strák við fæðingu og alið hann upp eins og sinn eigin. Til að gera langa og flókna sögu stutta, var hann þriggja og hálfs árs gamall þegar einhver dómarinn úrskurðaði að hann skyldi tekinn af þeim og fenginn líffræðilegum foreldrum sínum. Hann þekkti enga foreldra aðra en hjónin sem voru hjá Dr. Phil. Ég komst á væmnisflug, svipað sykursjokkinu sem talað er um að börn fái (en sem Matur er mannsins megin afsannaði reyndar fyrir nokkrum vikum), og vissi ekki af fyrir en ég sat með tölvuna í fanginu og rýndi í google-niðurstöður í von um að komast að því hvað hefði orðið um drenginn litla.



Ég ætlaði að skella skuldinni, vegna þessa endalausa tilfinningaflóðs sem mér þykir einhvern veginn dálítið pervertískt, á sjónvarpið og hnignandi dagskrárgerð. Ég er hins vegar hætt við því mér skilst að í jólabókaflóðinu sé von á öðrum eins tilfinningaúthellingum. Ætli það sé ekki kominn tími til að horfast í augu við að erfiðleikar eigi greiða leið að hjörtum okkar. Hvort það er samkennd eða einhver pervertísmi veit ég ekki, en svo mikið er víst að Dr. Phil nær alltaf að toga í einhverja spotta.

## EKKI MISSA AF



▶ **19.55** **E-Ring** SIRKUS



▶ **20.00** **Bee Season** STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **20.35** **You, Me and Dupree** STÖÐ 2



▶ **21.00** **Friday Night Lights** SKJÁREINN



▶ **21.15** **Hrúturinn Hreinn** SJÓNVARPIÐ

## SJÓNVARPIÐ

**08.00 Morgunstundin okkar** 08.01 Gurra grís 08.05 Fæturnar á Fanney 08.16 Halli og risaeðlufatan 08.28 Snillingarnir 08.53 Matta fóstra og ímynduðu vinirnir 09.15 Krakkamál 09.23 Hreinn hrollur 09.36 Bitte nú! 10.00 Latibær

**10.30 Kastljós**

**11.00 Kiljan**

**11.45 07/08 bíó leikhús**

**12.15 Foo Fighters á tónleikum**

**13.50 Landsleikur í handbolta** Beint.

**15.40 Hvað veistu?**

**16.10 Jesúbúðirnar**

**17.40 Táknmálsfréttir**

**17.50 Útsvar**

**18.54 Lottó**

**19.00 Fréttir**

**19.35 Veður**

**19.45 Spaugstofan**

**20.15 Laugardagslögin**

▶**21.15 Hrúturinn Hreinn** (3:40)

**21.25 Laugardagslögin - úrslit**

**21.40 Frá hvaða reikistjörnu ertu?** (What Planet Are You From?) Bandarísk gamanmynd frá 2000. Ábúendur á háþróaðri reikistjörnu sem eru tilfinningalausir og fjölga sér með klónun ætla að leggja undir sig Jörðina. Meðal leikenda eru Garry Shandling, Annette Bening, John Goodman, Greg Kinnear, Ben Kingsley.

**23.25 Blekkingavefur (Deceived)** Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.

**01.10 Í hefndarhug**

**02.55 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.00 Diary of a Mad Black Woman**

**08.00 Virginia´s Run**

**10.00 Duplex**

**12.00 Bee Season**

**14.00 Diary of a Mad Black Woman**

**16.00 Virginia´s Run**

**18.00 Duplex**

▶**20.00 Bee Season** Dramatísk kvikmynd með Richard Gere, Juliette Binoche og Kate Boshworth í aðalhlutverkum.

**22.00 Walk the Line**

**00.15 Whacked!**

**02.00 Disaster**

**04.00 Walk the Line**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**

**08.00 Algjör Sveppi**

**10.30 The Swan Princess**

**12.00 Hádegisfréttir**

**12.25 The Bold and the Beautiful**

**14.10 Örlagadagurinn** (21:31)

**14.45 Side Order of Life** (2:13)

**15.30 Punk´d** (4:16)

**15.50 It´s Always Sunny In Philadelphia** (4:7)

**16.15 Joey** (1:22)

**16.40 The New Adventures of Old Chr** (12:13)

**17.05 Two and a Half Men** (10:24)

**17.30 Tekinn 2** (7:14)

**18.00 Næturvaktin** (6:12) Ný, íslensk þáttaröð með Jóni Gnarr og Pétri Jóhanni Sigfússyni í aðalhlutverkum. (6:12) Georg tekst á við Taílendinga sem ætla að hirða af honum dósirnar á meðan Ólafur vinnur að því að verða helköttaður. 2007.

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**19.05 Fjölskyldubíó. Wallace & Gromit** Wallace og Gromit eru á leið í leiðangur. Þeir ætla sér að komast að því hvaða ófögnuður er að skemma fyrir þeim uppskeruna. Myndin er margverðlaunuð og hlaut meðal annars Óskarsverðlaunin sem besta teiknimynd ársins 2006. Aðalhlutverk: Nick Park. 2005. Leyfð öllum aldurshópum.

▶**20.35 You, Me and Dupree** Rómantísk gamanmynd með Owen Wilson, Kate Hudson og Matt Dillon í aðalhlutverkum. Peterson-hjónin eru nýgift og hæstánægð með lífið þegar besti vinur brúðgumans flytur inn. Fljótlega fer að halla undan fæti í hjónabandinu enda er gesturinn varla húsvaninn. Aðalhlutverk: Matt Dillon, Kate Hudson, Owen Wilson. 2006.

**22.25 Mean Creek** Spennandi verðlaunamynd um vinahóp sem ákveður að hefna sín á hrekkjusvíni sem fór illa með einn þeirra. Hefnaraðgerðirnar enda skelfilega og ljóst er að líf þeirra verður aldrei samt aftur. Aðalhlutverk: Rory Culkin, Scott Mechlowicz, Ryan Kelley. 2004. Bönnuð börnum.

**00.50 Serpico** (e)

**02.55 Good Thief** (Double Down)

**04.40 The Big Hit**

**06.10 The New Adventures of Old Chr** (4:13)

**06.35 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SÝN besta sætið

**08.00 PGA Tour 2007 - Highlights**

**08.55 Það helsta í PGA-mótaröðinni**

**09.20 Meistaradeild Evrópu - endurs.**

**11.00 Meistaradeildin - meistaramörk**

**11.40 Presidents Cup 2007**

**16.40 NFL Gameday**

**17.40 Hnefaleikar** Útsending frá hnefaleikabardaga snillinganna Flixar Trinidad og Ricardo Mayorga sem fram fór í nóvember árið 2004.

**18.10 Hnefaleikar** (JL Castillo - Diego Corrales) Upptaka frá sögulegum bardaga milli Castillo og Corrales sem sýndur var beint í maí í fyrra.

**19.20 Spænski boltinn - Upphitun** Upphitun fyrir leiki helgarinnar í spænska boltanum.

**19.50 Spænski boltinn** Útsending frá leik Ath. Bilbao og Betis í spænska boltanum.

**22.00Hnefaleikar** (Kostya Tszyu - Ricky Hatton) Útsending frá viðureign Kostya Tszyus og Rickys Hatton frá því í júní á þessu ári.

**23.10 Box - J. Calzaghe vs. J. Lacy** Útsending frá einvígi Joe Calzaghe og Jeffs Lacy sem fram fór 4. mars 2006.

## SÝN2

**08.35 Premier League World** Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum.

**09.05 PL Classic Matches** Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.

**09.35 PL Classic Matches**

**10.05 Goals of the season** Öll glæsilegustu mörk hverrar leiktíðar Úrvalsdeildarinnar frá upphafi til dagsins í dag.

**11.05 Premier League Preview** Hitað er upp fyrir leiki helgarinnar.

**11.35 Charlton - QPR**

**13.45 Man. Utd. - Middlesbrough**

**Chelsea - Man. City Extra**

**Reading - Newcastle - Extra 2**

**Birmingham - Wigan Extra 3**

**Sunderland - Fulham Extra 4**

**16.00 Portsmouth - West Ham**

**18.10 4 4 2** Þáttur sem er ekkert minna en bylting í umfjöllun um enska boltann á Íslandi. Heimir Karlsson og Guðni Bergsson standa vaktina ásamt sparkspekingum.

**19.30 4 4 2**

**23.30 4 4 2**

## SKJÁREINN

**11.45 Dr. Phil** (e)

**15.30 Ertu skarpari en skólakrakki?** (e)

**16.30 Survivor** (e)

**17.30 Giada´s Everyday Italian** (e)

**18.00 Game tíví** (e)

**18.30 7th Heaven** Bandarísk unglingasería sem hefur notið mikilla vinsælda í Bandaríkjunum undanfarinn áratug. Hún hóf göngu sína vestan hafs haustið 1996 og er enn að. Camden-fjölskyldunni er fylgt í gegnum súrt og sætt en hjónakornin Eric og Annie eru með fullt hús af börnum og hafa í mörg horn að líta. Pabbinn er prestur og mamman er heimavinnandi húsmóðir. Elsti sonurinn er byrjaður að reykja og á erfitt með að tolla í vinnu á meðan elsta dóttirin er farin að eltast við stráka.

**19.15 How to Look Good Naked** (e)

**20.05 Allt í drasli** (e)

**20.35 30 Rock** (e)

▶ **21.00 Friday Night Lights** (e)

**22.00 House** (e)

**23.00 The Way She Moves** Rómantísk mynd frá árinu 2001 með Annabeth Gish í aðalhlutverki. Ung kona, Amie, fer á dansnámskeið til þess að heilla tilvonandi eiginmann sinn á brúðkaupinu.

**00.30 Law & Order: Criminal Intent** (e)

**01.20 Californication** (e)

**01.55 Heartland** (e)

**02.45 Ertu skarpari en skólakrakki?** (e)

**03.35 C.S.I.** (e)

**04.20 C.S.I.** (e)

**05.05 Vörutorg**

**06.05 Óstöðvandi tónlist**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**12.15 Samantekt helstu frétta vikunnar á N4**. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á sunnudag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.




## Í KVÖLD

**STÖÐ 2 KL. 19.05**
**Fjölskyldubíó – Wallace & Gromit**

Wallace og Gromit eru á leið í leiðangur. Þeir ætla sér að komast að því hvaða ófögnuður er að skemma fyrir þeim uppskeruna. Myndin er margverðlaunuð og hlaut meðal annars Óskarsverðlaunin sem besta teiknimynd ársins 2006.



## ▶ FRÁ HVAÐA REIKISTJÖRNU ERTU?

**Sjónvarpið kl. 21.40**

Bandarísk gamanmynd frá 2000. Ábúendur á háþróaðri reikistjörnu, sem eru tilfinningalausir og fjölga sér með klónun, ætla að leggja undir sig jörðina. Þeir senda fulltrúa sinn til jarðar til að giftast konu og geta henni barn en það gengur ekki þrautalaust. Leikstjóri er Mike Nichols og meðal leikenda eru Garry Shandling, Annette Bening, John Goodman, Greg Kinnear, Ben Kingsley og Judy



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.50** Bæn
**07.05** Óskastundin
**08.00** Morgunfréttir
**08.05** Útúr nóttinni... og inní daginn
**09.03** Út um græna grundu
**10.15** Kvika
**11.00** Vikulokin
**12.00** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**13.00** Krossgötur
**14.00** Til allra átta
**14.40** Tímakornið
**15.20** Ísprinsessan
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.08** Veðurfregnir
**16.10** Orð skulu standa
**17.00** Flakk
**18.00** Kvöldfréttir
**18.24** Auglýsingar
**18.26** Hundur í útvarpssal
**18.52** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Heimur óperunnar
**20.00** Sagnaslóð
**20.40** Hvað er að heyra?
**21.30** Úr gullkistunni
**22.15** Á hljóðbergi: Jævelens verk
**23.10** Villtir strengir og vangadans
**00.10** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## SIRKUS

**14.30 Hollyoaks** (40:260)
**16.50 Skífulistinn**
**17.45 Smallville** (15:22) (e)
**18.30 Fréttir**
**19.00 Talk Show With Spike Feresten** (9:22) (e) Spike Feresten er einn af höfundum Seinfelds og Simpsons. Nú er hann kominn með sinn eigin þátt þar sem hann fær til sín góða gesti. Gestirnir munu taka þátt í alls kyns grínatriðum sem fá áhorfendur til að veltast um af hlátri.
**19.30 The George Lopez Show** (13:22) (e) George Lopez er fjölskyldufaðir sem á í stökustu vandræðum með að hafa stjórn á unglingsdóttur sinni og óþægum syni. Börnin eru þó ekki eina vandamálið því mamma hans er við það að gera hann vitlausan. 2005.
▶**19.55 E-Ring** (13:22) Spennuþáttur úr smiðju Jerrys Bruckheimer með Dennis Hopper og Benjamin Bratt í aðalhlutverkum. J.T. Tisnewski (Benjamin Bratt) er fyrrum CIA maður sem vinnur í Pentagon fyrir bandaríska herinn.
**20.40 Skins** (9:9) Átakanleg bresk sería um hóp unglinga sem reyna að takast á við daglegt líf í skugga átröskunar, eiturlyfjaneyslu og fleiri vandamála sem steðja að unglingum í dag. 2006.
**21.30 The Little Richard Story** Skemmtileg mynd um líf og feril snillingsins Little Richard sem ólst upp við fátækt en varð síðar goðsögn í tónlistarheiminum. Aðalhlutverk. Carl Lumbly, Jennifer Lewis, León. Leikstjóri. Robert Townsend. 2000. Leyfð öllum aldurshópum.
**23.05 Most Shocking** Hörkuspennandi raunveruleiki sem á engan sinn líkan. Hér er fylgst með lögreglunni á hennar mestu hættustundum og það er eins gott að halda sér fast. 2006.
**23.50 Bestu strákarnir** (27:50) (e)
**00.20 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## BBC PRIME

**12.00** In Search of the Brontes **13.00** Hell To Hotel **14.00** Molly's Zoo **14.30** Extreme Animals **15.00** The Life of Mammals **16.00** EastEnders **16.30** EastEnders **17.00** Doctor Who **17.45** Doctor Who Confidential **18.00** Strictly Come Dancing - The Story So Far **19.00** The Long Firm **20.00** Lenny Henry in Pieces **20.30** The Robinsons **21.00** Absolutely Fabulous **21.30** Absolute Power **22.00** EastEnders **22.30** EastEnders **23.00** The Long Firm **0.00** Jackson Pollock: Love and Death on Long Island **2.00** Absolutely Fabulous **2.30** Absolute Power **3.00** The Life of Mammals **4.00** How to Be a Gardener **4.30** Balamory

## DR 1

**11.30** Boogie Listen **12.50** Hammerslag **13.20** Krig og kærlighed **15.05** OBS **15.10** Før søndagen **15.20** Held og Lotto **15.30** Alfons Åberg - godnat **15.40** Peddersen og Findus **15.55** Mira og Marie **16.00** Lysets nøgle **16.30** TV Avisen med vejret **16.55** SportNyt med Kitesurfing World Cup **17.30** Robin Hood **18.15** Hit med sangen 1**9.15** Olsenbanden går i krig **20.55** Speedway: Tysklands Grand Prix **22.25** Donnie Darko

## NRK 1

**11.00** Drømmerollen **12.00** Beat for beat **13.00** V-cup langrenn **15.00** Sport i dag **16.00** Jubalong **16.30** Peo **16.35** Thomas P. **17.00** Lørdagsrevyen **17.45** Lotto-trekning **17.55** Luftens helter **18.20** Lyden av lørdag **19.25** Med hjartet på rette staden **20.10** Løvebakken **20.35** Norsk attraksjon **21.05** Kveldsnytt **21.20** Det st¢rste i verden **23.05** Usett: P3tv **23.35** Dansefot jukeboks med chat **3.00** Country jukeboks **6.30** Stå opp! **6.45** Mumfie

## SVT 1

**12.00** Andra Avenyn **12.30** Andra Avenyn **13.00** Uppdrag Granskning **14.00** Gynekologen i Askim **15.00** Doobidoo **16.00** Bolibompahelg **16.05** Disneydags **17.00** Hej rymden! **17.30** Rapport **17.45** Sportnytt **18.00** Svensson, Svensson **18.30** Babben & co **19.30** Brottskod: Försvunnen **20.15** Out of Practice **20.40** Robert Wyatt **21.40** Rapport **21.45** År 2001 - ett rymdäventyr **0.00** Maggies nya liv 0.50 Sändningar från SVT24


Úrval af sófum
á frábæru verði

Einungis fáanlegt í Smáralind og á markaði Hagkaupa Akureyri



319.000 kr
GOTT VERÐ

Leðursófasett 3+1+1 8191



199.000 kr
GOTT VERÐ

Leðursófasett 3+1+1 8185



199.000 kr
GOTT VERÐ

Leðursófasett 3+1+1 8183

Gildir til 31. október eða meðan birgðir endast.
Með fyrirvara um villur í texta.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

## PERSÓNAN



*Óskar Óskarsson*

**Aldur:** 34 ára.
**Starf:** Prestur í Akureyrarkirkju.
**Fjölskylda:** Kvæntur Elínu Unu Jónsdóttur laganema. Eiga tvö börn.
**Foreldrar:** Margrét Gunnarsdóttir fyrrverandi stuðningsfulltrúi og Óskar H. Ólafsson fyrrverandi kennari.
**Búseta:** Oddeyrargata á Akureyri.
**Stjörnumerki:** Hrútur.
Óskar Óskarsson gagnrýndi niðurstöðu Kirkjuþings um hjónaband samkynhneigðra.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | 13 | | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT**
**2.** bak **6.** klafi **8.** þurkað gras **9.** draup **11.** frú **12.** kjöt **14.** frí **16.** tímaeining **17.** púka **18.** sigti **20.** í röð **21.** skák.

**LÓÐRÉTT**
**1.** íþrótt **3.** skammstöfun **4.** nefsnörl **5.** inngangur **7.** hitaeining **10.** ílát **13.** rá **15.** bundið **16.** kærleikur **19.** frá.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** **2.** lend, **6.** ok, **8.** hey, **9.** lak, **11.** fr, **12.** flesk, **14.** orlof, **16.** ár, **17.** ára, **18.** sía, **20.** rs, **21.** tafl.
**LÓÐRÉTT:** **1.** golf, **3.** eh, **4.** nefkorr, **5.** dyr, **7.** kaloría, **10.** ker, **13.** slá, **15.** fast, **16.** ást, **19.** af.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á síðu 8.

1. Fimm þúsund fundi.
2. Fimmtíu ára afmæli.
3. Oink.cd



Sigga & Timo
GULLSMÍÐI
STRANDGATA 19 · SÍMI 565 4854
WWW.SIGGAOGTIMO.IS



vísir.is
Fyrstur með fréttirnar


# Sátt um Sigur Rós og Heima

„Ég haf náð mínu fram og það hafa náðst sættir í þessu máli af minni hálfu," segir Magni Ágústsson tökumaður. Eins og Fréttablaðið greindi frá leituðu bæði Magni og Steingrímur Karlsson leikstjóri til lögfræðiskrifstofu Ragnars Aðalsteinssonar með mál sem snertir tónlistarmyndina Heima en þeir töldu sig ekki hafa fengið það sem þeim hefði borið fyrir hlut sinn. Magni segir að ákveðin mistök hafi verið gerð en þau hafi nú verið leiðrétt.



HEIMA

Heima fékk þrjár tilnefningar til Eddunnar en Magni var sjálfur tilnefndur fyrir tökur í myndinni. Magni segir að það sé reyndar svolítið fyndið að sú tilnefning komi eflaust fyrir „rangan" kredit-lista. „Ég er ekkert búinn að ákveða hvort maður láti sjá sig, maður veit aldrei í þessum bransa hvar maður sefur næstu nótt," segir Magni.

Steingrímur Karlsson segist hins vegar hafa ákveðið að falla frá sínu máli, honum hafi verið ráðlagt að fara ekki í hart við risann EMI sem sjái um að dreifa myndinni. „Þetta er því í raun sjálfdautt og maður má ekki vera að velta sér of mikið upp úr þessu," segir Steingrímur. „Þetta er auðvitað ekki eins og maður vildi hafa þetta en nú verður maður bara að hugsa um eitthvað annað," segir Steingrímur, sem hefur haft í nógu að snúast og er meðal annars að gefa út ljósmyndabók um íslenska álfa. Sem er kannski hálf fyndið í ljósi þess að hljómsveitarmeðlimum í Sigur Rós hefur ósjaldan verið líkt við álfa. „Þetta eru hins vegar alvöru íslenskir álfar," segir Steingrímur. - fgg



**NÁÐI SÁTTUM** Magni segist hafa náð sínu fram en hann er tilnefndur fyrir tökur sínar í tónlistarmyndinni Heima.

SIGMUNDUR ERNIR RÚNARSSON: GERÞEKKIR GUÐNA ÁGÚSTSSON

# Sér sauðkindina í nýju ljósi

Sigmundur Ernir Rúnarsson hefur skrifað ævisögu Guðna Ágústssonar, formanns Framsóknarflokksins, sem kemur út í næsta mánuði. Hún hefur fengið nafnið Guðni af lífi og sál. „Við Guðni erum búnir að þekkjast í gegnum árin og ég á að baki mörg viðtöl við hann. Við lögðum hins vegar bara af stað í þetta í vor," útskýrir Sigmundur. „Það er búið að vera að biðja Guðna í nokkur ár að segja frá ævi sinni, og hann lét loksins verða af því núna. Hann leitaði til mín og vildi endilega að ég skrifaði hana, einhverra hluta vegna," segir hann hógvær.

Sigmundur hefur áður skrifað æviþætti manna og sent frá sér nokkrar ljóðabækur. „Barn að eilífu var öðrum þræði ævisaga mín og dóttur minnar, en þetta er fyrsta eiginlega ævisagan sem ég geri," segir Sigmundur, en hann segir vinnuna hafa verið töluvert frábrugðna öðrum ritstörfum hans. „Það er bæði hvað varðar heimildavinnu, og svo er líka sérstakt að kynnast svona rækilega manni sem maður er ekki endilega í mikilli návist við dags daglega," segir Sigmundur.

Eins og gefur að skilja hafa þeir Sigmundur og Guðni umgengist töluvert mikið í sumar, svo mikið raunar að Sigmundur kveðst farinn að sjá sauðkindina í nýju ljósi. „Báðar konur okkar eru farnar að hafa áhyggjur af okkur," segir Sigmundur og kímir. „Ég hef einmitt haft það á orði við Guðna að ég þekki hann núna betur en hann sjálfur. Ég get orðið leiðrétt hann um það sem á daga hans hefur drifið," segir hann.



**BROT AF LANDSINS SÁL** Guðni Ágústsson segir sitt lífshlaup líkt margra annarra yfir fertugu. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

„Ég hef líklega eignast einn bróður í viðbót," segir Guðni um þá staðhæfingu og hlær við. Hann segir það ekki hafa verið langsótt að leita til Sigmundar um ritun ævisögunnar þar sem þeir hafi þekkst í fjölda ára. Ekki spillti það heldur fyrir að Sigmundur væri „skáld gott", með orðum Guðna. „Það er vandi að finna einhvern sem maður getur setið svona með," segir Guðni.



**GERÞEKKIR GUÐNA** Sigmundur Ernir segist þekkja Guðna betur en hann sjálfur eftir að hafa skrifað ævisögu stjórnmálamannsins. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Hann segir það hafa verið afar ánægjulegt að líta yfir farinn veg. „Ég hefði ekki trúað því að það væri svona skemmtilegt að velta lífsgöngunni fyrir sér, frá því að ég var barn á Brúnastöðum og í gegnum allar breytingar sem hafa orðið á samfélaginu," segir Guðni. Hann segir það þó einnig merkilega tilfinningu að veita lesendum innsýn í lífshlaupið. „Maður er auðvitað að opna sitt líf fyrir þjóðinni. En ég er nú bara blóð af hennar blóði og brot af landsins sál. Mitt líf er líkt margra sem eru fjörutíu ára og eldri. Þeir yngri botna hins vegar ekkert í hvernig þetta var hægt," segir hann glettinn.

sunna@frettabladid.is

## FRRÉTTIR AF FÓLKI

Lítið hefur farið fyrir **Birni Þór Sigurðssyni** sem hvarf óvænt af sjónarsviði ljósvakamiðlanna þegar hann sagði upp störfum sem sjónvarpsstjóri Skjás eins. Björn ku þó ekkert vera stressaður og hefur notið þess að hafa tærnar uppí loftið síðastliðinn mánuð enda mun hann hafa slíkan starfslokasamning að hann þurfi ekkert að kvarta. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hefur sjónvarpsstjórinn fyrrverandi enn ekki tekið neina ákvörðun um hvert hugur hans stefnir en vitað er að erlend framleiðslufyrirtæki hafa sóst eftir kröftum hans.



Bók Nylon-stúlkunnar **Ölmu Guðmundsdóttur** og **Freyju Haraldsdóttur** um ótrúlegan lífskraft og lífsgleði hinnar síðastnefndu hefur verið gefið nafnið Postulín. Er nafnið dregið af því að bein Freyju voru svo stökk á fyrstu árum hennar að varla mátti blási á hana án þess að hún brotnaði. Læknar töldu því best að lýsa beinum hennar fyrir foreldrum Freyju sem postulíni og tóku foreldrarnir upp á því, í meira gríni en alvöru, að kalla hana postulínsdúkku. Má því segja að nafn bókarinnar lýsi kannski hvað best viðhorfum Freyju til fötlunar sinnar en hún hefur heillað landsmenn upp úr skónum með framkomu sinni.



Sannkallað **BMW-æði** virðist hafa gripið ungstirni þjóðarinnar því eins og Vísir.is greindi frá festu Benedikt Einarsson og **Birgitta Haukdal** nýlega kaup á glæsilegri týpu af þessum þýsku eðalvögnum. Birgitta og Benedikt eru því komin í hóp með sjónvarpsfólkinu Auðunni Blöndal og **Ragnhildi Steinunni** sem bæði aka um stolt á BMW af nýrri týpunni en til gamans má geta að þær báðar hafa lent í klónum á Auðuni og eru þar að auki góðar vinkonur. - fgg





# Skora á Mínus að spila á Hrauninu

„Þetta var hin skemmtilegasta upplifun og fangarnir voru ánægðir að fá okkur," segir Hugi Garðarsson í hljómsveitinni Wulfgang sem hélt tónleika á Litla-Hrauni í gær ásamt hljómsveitinni Johnny and the rest. „Okkur skildist á þeim að það kæmu allt of sjaldan hljómsveitir hingað. Okkur langar að reyna að bæta úr því og hefja tónleikaröð hérna sem virkar þannig að ein hljómsveit skorar á aðra að mæta. Við skorum hér með á Mínus. Þeir hafa komið hingað áður og nenna vonandi að koma aftur," segir Hugi. „Það brutust út mikil fagnaðarlæti þegar við sögðumst ætla að hvetja þá til að koma aftur. Mínusmenn myndu svo skora á aðra hljómsveit og þannig koll af kolli. Allir hér á Litla-Hrauni voru mjög hrifnir af því að hafa tónleika með reglulegu millibili."



**WULFGANG** Hljómsveitirnir Wulfgang og Johnny and the rest héldu tónleika á Litla-Hrauni í gær. „Þetta var hin skemmtilegasta upplifun," segir Hugi Garðarsson í Wulfgang. Hljómsveitarmeðlimi langar að hefja tónleikaröð á Hrauninu.

Tónleikarnir í gær voru haldnir í íþróttasal fangelsisins og Hugi segir að stemningin hafi verið engu lík. „Okkur var ótrúlega vel tekið og þeir voru hver öðrum indælli. Tóku allir í spaðann á okkur og þökkuðu okkur fallega fyrir. Þarna er hlý og góð stemning," segir Hugi, sem var enn móður og másandi eftir tónleikana þegar Fréttablaðið talaði við hann. „Þetta tekur á. Ég er hás og allt. Það var rífandi stemning og strákarnir hérna dilluðu sér og klöppuðu. Við viljum hvetja hljómsveitir til þess að prófa að koma hingað og spila í stað þess að spila á sömu knæpunum helgi eftir helgi." - sók



**KRUMMI Á HRAUNIÐ** Meðlimir Wulfgang skora á Krumma og félaga í Mínus að spila á Hrauninu.

Volvo XC70 er samruni ólíkra hugmynda. Nýr og endurhannaður Volvo XC70 er fagurt dæmi um 1 + 1 = 3. Tvær gáfur renna saman í eina sérgáfu. Nýtt verður til. Vertu hvort tveggja. Volvo XC70.

Veldu nýjan bíl sem örugglega brúar bilið á milli lúxus jeppa og lúxus fólksbíls. Öryggi er lúxus. Veldu Volvo - Volvo XC70.

Komdu í Brimborg. Skoðaðu nýjan, endurhannaðan Volvo XC70 AWD.

Volvo. For life.




Öruggur staður til að vera á

**Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.volvo.is**

**Volvo XC70 3.2i** 238 hö 320 Nm 6 þrepa sjálfskipting. Verð 5.690.000 kr.* Bensíneyðsla í blönduðum akstri 11.4 l/100 km CO2 losun 272 g/km. **Volvo XC70 D5** 185 hö 400 Nm 6 þrepa sjálfskipting. Verð 5.890.000 kr.* Dísileyðsla í blönduðum akstri 8.3 l/100 km CO2 losun 219 g/km.
*Brimborg og Volvo áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara, að auki er kaupverð háð gengi. Aukabúnaður á mynd eru 18" álfelgur. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**









**BAKÞANKAR**
Gerðar Kristnýjar

## Blóm hins illa

Síðustu helgi fóru fjölmiðlar mikinn í umfjöllun um þann kvitt að knattspyrnukonur hefðu tekið sig saman um að kjósa ekki Margréti Láru Viðarsdóttur úr Val Leikmann ársins. Í hennar stað hlaut önnur afbragðs knattspyrnukona titilinn, Hólmfríður Magnúsdóttir úr KR. Til hamingju, Hólmfríður! Auðvitað sárnaði stúlkunum þetta umtal en Margrét Lára sagði í Kastljósi að góðir íþróttamenn kæmu bara enn sterkari til baka og hún myndi gera það. Hún er þrautseig eins og sönn Eyjastúlka. Aldrei hefði hún lagst í vol og víl í Barbaríinu, heldur hafist handa við að smíða örk til að komast aftur heim.

**FRÉTTASTOFA** Sjónvarpsins leitaði til Elísabetar Gunnarsdóttur, þjálfara Vals, og spurði hana út í þessi meintu samanteknu ráð og Elísabet sagði meðal annars: „Er ekki einhvers staðar sagt að konur séu konum verstar og það er spurning hvort það hafi gerst í þessu máli.“ Í viðtali Kastljóss við Elísabetu og Helenu Ólafsdóttur, þjálfara KR, greip spyrjandi frasann á lofti og spurði: „Á það við að konur séu konum verstar í svona toppbaráttu?“ Og Helena svaraði: „Kannski er það þannig en stundum er rígur á milli kvenna.“

**MIKIÐ** væri undarlegt ef ekki myndaðist rígur á milli kvennanna sem keppa í sjálfri úrvalsdeildinni í fótbolta. Mér varð hugsað til þess hvað það yrði nú leiðinlegt að fylgjast með mótunum, hvað þá að keppa í þeim, ef enginn væri rígurinn og samkeppnin. Keppendur kæmu þá bara þrammandi til leiks arm í arm eins og í Bimbirimbirimbamm. Allar gættu þær stúlkurnar sín á því að stíga ekki fram fyrir hinar og reynt væri að komast hjá því að verða sér úti um stig – því við erum jú umfram allt systur en ekki andstæðingar. Keppnisandi myndi líka bara vekja úlfúð og þeir sem yrðu vitni að þeim ósköpum kæmust í mikið uppnám. Það þykir jú svo ljótt að sjá konur takast á – eitthvað svo andstætt eðli þeirra.

**SÍÐUSTU** daga höfum við horft upp á karla bola hver öðrum úr embættum, nefndum og ráðum sem aldrei fyrr en ekki hef ég séð slíka framkomu tengda upplausn í samstöðu þeirra. Svo þegar manni fljúga í hug þeir Hitler, Stalín og George Bush og útreið þeirra á heilu þjóðunum fer manni jafnvel að finnast ástæða til að taka fram nýja frasa til að ná utan um hið illa en til allrar hamingju erum við ekki jafngrimm í garð karla og sjálfsagt þykir að vera í garð kvenna. Þess vegna tautar heldur enginn: „Karlar eru heiminum verstir.“ Mannfyrirlitning er auðvitað það alversta sem til er.

### GÓÐAN DAG!

Í dag er laugardagurinn 27. október, 300. dagur ársins 2007.

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 8.53 | 13.12 | 17.29 |
| Akureyri | 8.46 | 12.56 | 17.05 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


